



***Gildi ferðapjónustu á jaðarsvæðum  
og mikilvægi hennar fyrir byggð á  
slíkum svæðum***

***Maí 2009***

***Elín Sigríður Óladóttir***



***Gildi ferðapjónustu á jaðarsvæðum  
og mikilvægi hennar fyrir byggð á  
slíkum svæðum***

***Maí 2009***

***Elín Sigríður Óladóttir***



## Yfirlýsing höfundar

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi er samin af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

---

Elín Sigríður Óladóttir

## Samantekt

Ferðaþjónustan gegnir mikilvægu hlutverki sem ein helsta atvinnugrein þjóðarinnar og er sú grein sem hvað mest hefur vaxið hér á landi á síðustu árum. Árið 2007 komu 485.000 ferðamenn til Íslands og hefur fjöldi þeirra aukist um 60% frá árinu 2000. (Hagstofa Íslands, 2008) Hlutverk ferðaþjónustu í atvinnulífi jaðarsvæða hefur orðið þýðingameira í takt við fækkun starfa í hefðbundnum atvinnugreinum eins og landbúnaði og sjávarútvegi. Jaðarsvæði búa yfir mörgum þáttum sem laða að ferðamenn, náttúrulegt umhverfi sem samanstendur af fögru landslagi, fáum íbúum sem veitir mótvægi við mannfjölda stórborganna og síðan eru jaðarsvæði að verða sífellt vinsælli staður fyrir frístundabyggð. (Bob McKercher and Canace Fu, 2006) Markmið verkefnisins er að leggja mat á gildi ferðaþjónustu á jaðarsvæðum og mikilvægi hennar fyrir byggð á slíkum svæðum. Rannsóknin byggir að miklu leyti á viðtölum við níu aðila sem allir búa á Ströndum og einnig var haft samband við tvo aðila í gegnum tölvupóst. Að öðru leyti fór heimildaöflun fram á þann hátt að safnað var gögnum um jaðarsvæði þar sem viðfangsefnið er tengt fræðilegri umfjöllun um slíkt og einnig var safnað efni um Strandir. Niðurstöður verkefnisins leiddu í ljós að mikilvægi ferðaþjónustu á Ströndum er mikið og viðhorf íbúa svæðisins til atvinnugreinarinnar jákvætt. Byggð á Ströndum er undir mörgum þáttum komið að mati höfundar og veigamikill þáttur í því sambandi er ferðaþjónustan. Bætt aðgengi að svæðinu, bætta samgöngur innan svæðis og samvinna allra atvinnugreina er þó líklegust til að skila bestum árangri í ferðaþjónustu til framtíðar.

## **Þakkarorð**

Höfundur þakkar öllum þeim sem lögðu verkefninu lið og veittu á einn eða annan hátt mikilvæga og góða aðstoð. Leiðbeinandi minn, Katrín Anna Lund, fær bestu þakkir fyrir góðar og gagnlegar ábendingar við mótun og gerð verkefnisins. Viðmælendur mínir fá þakkir fyrir frábærar viðtökur og gagnlegar upplýsingar. Sérstakar þakkir fær Arnlín Óladóttir fyrir góða hjálp.

# Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
1.1. Tölulegar upplýsingar um ferðaþjónustu.....	1
1.2. Ferðaþjónusta í jaðarbyggðum .....	1
1.3. Tilgangur og markmið rannsóknarinnar .....	2
2. Strandir .....	4
2.1. Um Strandir .....	4
2.2. Samgöngur á Ströndum .....	5
2.3. Ferðaþjónusta á Ströndum.....	6
3. Fræðileg umfjöllun verkefnsins.....	8
3.1 Skilgreining og umfjöllun um jaðarsvæði .....	8
3.2 Ferðaþjónusta á jaðarsvæðum .....	10
3.3. Staða og samkeppnishæfni jaðarsvæða gagnvart kjarnasvæðum.....	12
4. Gögn og aðferðir.....	15
4.1 Rannsóknaraðferðir .....	15
4.2. Val á þátttakendum.....	16
4.3. Þátttakendur .....	16
4.3.1. Arnar Snæberg Jónsson, framkvæmdarstjóri Sauðfjársetursins á Ströndum.....	16
4.3.2 Arnlín Þuríður Óladóttir, skógfræðingur og framkvæmdarstjóri eignarhaldsfélagsins Laugarhóll ehf.....	16
4.3.2 Ásbjörn Magnússon, útgerðarmaður og framkvæmdarstjóri á Drangnesi .....	16
4.3.3. Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri hjá Strandabyggð.....	17
4.3.4.Dorothee Lubecki, starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á Ísafirði .....	17
4.3.5. Eva Sigurbjörnsdóttir hótélstjóri á Hótel Djúpuvík .....	17
4.3.6. Jenný Jensdóttir, oddviti Kaldrananeshrepps.....	17
4.3.7. Jón Jónsson ferðaþjónustubóndi og menningarfulltrúi Vestfjarða .....	17
4.3.8. Matthías Jóhannsson hótélstjóri á Hótel Laugarhól í Bjarnfirði .....	17
4.3.9. Sigurður Atlason, framkvæmdarstjóri Strandagaldurs.....	18
4.3.10. Viktoría Rán Ólafsdóttir verkefnastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.....	18
5. Greining viðtala og niðurstöður.....	19
5.1 Staða ferðaþjónustu á Ströndum í dag.....	19
5.2 Hver er staða ferðaþjónustunnar á Ströndum? .....	19
5.3. Sérstaða svæða.....	21
5.4. Hver er sérstaða Stranda? .....	21
5.5.Samgöngur.....	22

5.6. Mun nýr vegur um Arnkötludal hafa áhrif á ferðþjónustu á Ströndum og ef svo er hvaða áhrif? .....	23
5.7. Menntun í ferðþjónustu.....	25
5.8. Hversu mikilvæg er menntun í ferðþjónustu? .....	25
5.9. Gæði ferðþjónustu .....	27
5.10. Hvernig er gæðamálum í ferðþjónustu á Ströndum háttað? .....	28
5.11. Samvinna .....	29
5.12. Hversu mikilvæg er samvinna ferðþjónustaðila annars vegar innan Stranda og hins vegar við aðra hluti Vestfjarða? .....	29
5.13. Markaðssetning og markaðsmál .....	30
5.14. Hversu mikilvæg er markaðssetning og hvernig er þeim málum háttað hjá ferðþjónustaðilum á Ströndum. ....	30
6. Umfjöllun.....	33
6.1. Staða Ferðþjónustunnar á Ströndum.....	33
6.2. Sérstaða Stranda .....	35
6.3. Samgöngur.....	37
6.4. Menntun í ferðþjónustu.....	38
6.5. Gæði í Ferðþjónustu .....	39
6.6. Samvinna í ferðþjónustu .....	39
6.7. Markaðssetning í ferðþjónustu á Ströndum. ....	40
7. Ályktun .....	42
8. Heimildir.....	44
Viðauki I.....	48
Viðauki II.....	112



## Töflu og myndaskrá

Mynd 1 Íslandskort.....	4
Mynd 2 Þróun í fjölda gistinguáttanna.....	34
Mynd 3 Hlutfall gistinguáttanna.....	35
Mynd 4 Skipting gistinguáttanna 2007.....	35
Tafla 1 Mannfjöldaþróun í Strandsýslu 1997-2006.....	5
Tafla 2 Skráðar gistinguætur á Ströndum árin 2002 - 2007.....	34

# 1. Inngangur

## 1.1. Tölulegar upplýsingar um ferðapjónustu

Fyrir ekki svo margt löngu var ferðþjónusta á Íslandi lítil hliðargrein í atvinnulífi landsins, af mörgum litin hálfgerðu hornauga eða í besta falli sem áhugamál fárra aðila. Í dag gegnir ferðapjónustan mikilvægu hlutverki sem ein helsta atvinnugrein þjóðarinnar og er sú grein sem hvað mest hefur vaxið á síðustu árum jafnt á heimsvísu sem hér á landi. Frá árinu 2004 hafa tekjur ferðapjónustunnar vaxið um 4% á alþjóðavísu og skapað 34 milljónir starfa. (World Tourism Organisation WTO, 2008) Árið 2010 er gert ráð fyrir að hlutur ferðapjónustunnar verði 12% af heimsframleiðslunni og 250 milljónir manna munu vinna við greinina sem er 9% af heildarvinnuafls í heiminum. (Gunnar Haraldsson, 2008) Til Íslands komu árið 2007, 485.000 ferðamenn samanborið við 303.000 árið 2000 sem er aukning upp á 60% á þessu árabili og stöðug fjölgun hefur verið í fjölda gistinátta erlendra ferðamanna á þessu tímabili, en frá árinu 2000 hefur vöxturinn verið rúmlega 51%. Á árunum 2000 til 2006 fjölgaði starfsmönnum í ferðapjónustu á Íslandi um rúmlega átta hundruð eða úr tæplega 7400 í rúmlega 8200. Á þessu tímabili hefur hlutdeild ferðþjónustu í heildarvinnuafli verið svipuð eða 4.8% þrátt fyrir mikla fjölgun ferðamanna. (Hagstofa Íslands, 2008) Í október 2008 voru birtir í fyrsta sinn ferðapjónustreikningar Hagstofunnar og kemur þar fram að heildarkaup á ferðapjónustu innanlands árið 2006 voru tæplega 135 milljarðar sem svarar til 11.5% af landsframleiðslunni sem er mun meira en áður hefur verið talið Í útreikningum Hagstofunnar kemur einnig vel fram hversu mikilvæg ferðapjónustan er þjóðinni um sköpun gjaldeyris. Á árinu 2007 aflaði hún 56 milljarða í beinum gjaldeyri, og var fast að því hálfdrættingur á við sjávarútveg, mikilvægustu útflutningsgrein okkar frá upphafi. (Össur Skarphéðinsson, 2008)

## 1.2. Ferðapjónusta í jaðarbyggðum

Jaðarsvæði löngum verið skilgreind og nýtt sem ákjósanlegir staðir fyrir ýmis konar afþreyingu sem tengjast ferðapjónustu. Með auknum fólksfjölda í borgum eftir 1950 og almennri bílaeign hefur samband jaðarsvæða (dreifbýlis) og ferðþjónustu breyst mikið. Á sama tíma hafa átt sér stað miklar breytingar á samfélögum á jaðarsvæðum í kjölfar mikillar fólksfækkunar og hefur hlutverk ferðapjónustunnar þar orðið mikilvægara bæði hvað varðar efnahag og atvinnu. (C.Michael Hall, 2005)

Störfum í hefðbundnum atvinnugreinum eins og landbúnaði og sjárvarútvegi hefur farið fækkandi á landsbyggðinni og horfa einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld vonaraugum til ferðaþjónustunnar sem mikilvægan þátt til að efla atvinnulíf á þessum svæðum. Í þeim efnum vilja stjórnvöld stuðla að uppbyggingu og nýsköpun með áherslu á þá þætti sem geta orðið meginadráttarafl svæða og einnig að fjölga ferðamannastöðum um land allt enda er aukin dreifing ferðamanna um landið einn af lykilþáttum þess að ferðaþjónustan verði sjálfbær atvinnugrein. (Iðnaðarráðuneytið 2008) Ferðaþjónustan er mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina vegna þess að hún byggir á notkun aðfanga sem ekki er hægt að flytja úr stað, s.s. náttúrufegurð. Á landsbyggðinni er þjóðhagslegur ábati mun meiri af ferðaþjónustu heldur en á höfuðborgarsvæðinu þar sem nýting framleiðsluþátta og innviða er verri og fjölbreytni minni vegna fólksfæðar. (Ásgeir Jónsson ofl. 2006)

### **1.3. Tilgangur og markmið rannsóknarinnar**

Ferðaþjónusta á Ströndum hefur vaxið og dafnað undanfarin ár og hafa fyrirtæki og stofnanir á svæðinu vakið mikla athygli innanlands sem utan fyrir fyrir nýsköpun og hugmyndaauðgi þar sem gert hefur verið út á sérstöðu svæðisins. (Byggðastofnun , 2004, Ferðamálsstofa Íslands, 2007) Vegna þeirrar umræðu og áherslu sem stjórnvöld hafa lagt á mikilvægi ferðaþjónustu á jaðarsvæðum (Byggðastofnun Íslands, 2004, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2005) og ekki mikið verið kannað hvaða gildi ferðaþjónustan hefur fyrir slík svæði kviknaði hugmyndin að verkefninu.

Þar sem Strandir falla vel að skilgreiningum og hugmyndum manna fyrir byggð á slíkum svæðum (Byggðastofnun Íslands, 1997) þóttu Strandir tilvalin rannsóknarvettvangur.

Markmið rannsóknarinnar er að leggja mat á: ***Gildi ferðaþjónustu á jaðarsvæðum og hversu mikilvæg hún er fyrir byggð á slíkum svæðum.*** Lögð er áhersla á að leita svara við eftirfarandi þáttum

Hver er staða ferðaþjónustunnar á Ströndum?

Hver er sérstaða Stranda?

Mun nýr vegur um Arnkötludal hafa áhrif á ferðaþjónustu á Ströndum og ef svo er hvaða áhrif?

Hversu mikilvæg er menntun í ferðaþjónustu?

Hvernig er gæðamálum í ferðaþjónustu á Ströndum háttað?

Hve mikil er samvinna á milli ferðaþjónustuaðila á Ströndum annars vegar og við aðra hluti Vestfjarða hins vegar?

Hvernig er markaðsmálum hjá ferðaþjónustuaðilum á Ströndum háttað?

Rannsóknin byggir á viðtölum sem tekin voru við ferðaþjónustuaðila sem og aðra aðila sem tengjast ferðaþjónustu og höfundur taldi að gætu gefið bestu og markverðustu upplýsingarnar um ferðaþjónustu á svæðinu. Í byrjun er yfirlitskafla um Strandir, næst er kafla um jaðarsvæði þar sem byrjað er á skilgreina slík svæði, fjallað er um ferðaþjónustu á jaðarsvæðum og stöðu og samkeppnishæfni jaðarsvæði gagnvart kjarnasvæðum. Greint er frá þeim aðferðum sem beitt var, viðmælendur kynntir og síðan greining viðtala með niðurstöðum. Að lokum er umfjöllun og ályktun.

## 2. Strandir

Hér verður fjallað um Strandir. Fyrst er almennur kafli sem innheldur helstu upplýsingar um svæðið. Samgöngum á Ströndum eru gerðar skil í sér kafla og að síðustu er kafli er um ferðaþjónustu á svæðinu þar sem helstu atriði varðandi greinina á svæðinu eru dregin fram.



Mynd 1 Íslandskort

### 2.1. Um Strandir

Strandir sem teljast hluti Vestfjarða er svæði sem nær frá Geirólfsgnúpi í norðri að Holtavörðuheidi í suðri. Landslag er stórbrotið, vogskornar strendur og undirlendi lítið. Svæðið er fámennnt, telur aðeins tæplega 800 íbúa og er stærsta þéttbýlið Hólmavík við Steingrímsfjörð með um 400 íbúa. Annað þéttbýli Dranganes stendur við Selströnd við norðanverðan Steingrímsfjörð með tæplega 100 íbúa og síðan er þjónustukjarni við Borðeyri sem stendur við Húnaflóa með rúmlega 20 íbúa. Í Árneshreppi sem er nyrsta sveit Stranda, búa um 50 manns og ein fjölskylda býr í Djúpuvík. Sveitarfélögin á Ströndum eru fimm, Bæjarhreppur, Broddaneshreppur, Strandabyggð, Kaldraneshreppur, Árneshreppur. Atvinnulíf er frekar fábreytt, í sveitunum starfa flestir við sauðfjárbúskap en atvinna í þorpunum byggist hins vegar á útgerð, fiskvinnslu, verslun og þjónustu og (Strandabyggð, 2009) Strandir hafa átt í vök að verjast hvað íbúafjölda og búsetuþróun snertir eins og margir staðir á landsbyggðinni og á síðustu 10 árum hefur íbúum fækkað um 200 eins og fram kemur í töflu 1 (Hagstofa Íslands, 2007)

**Tafla 1 Mannfjöldapróun í Strandsýslu 1997-2006**

Sveitarfélög	1997	2000	2003	2006
Árneshreppur	74	60	56	50
Kaldraneshreppur	142	131	125	101
Hólmavíkurborg (fyrir 2002)	499	443	0	0
Kirkjubólshreppur	49	50	0	0
Bæjarhreppur	100	93	101	100
Broddaneshreppur	94	82	54	0
Hólmavíkurborg (eftir 2001)	0	0	494	0
Strandabyggð	0	0	0	507
<b>Samtals:</b>	<b>958</b>	<b>859</b>	<b>830</b>	<b>758</b>

(Hagstofa Íslands 1. des 2007)

## 2.2. Samgöngur á Ströndum

Vestfirðir er sá fjórðungur sem rekið hefur lestina á landsvísu í flestu sem varðar uppbyggingu vegakerfisins og eru Strandir þar engin undantekning. Vegagerð er erfið, vogskorið land og hálent og því var framan af 20. öldinni mikil áhersla lögð á sjó- og flugsamgöngur. Til að mannlíf blómgist og atvinnulíf standist harðnandi samkeppni þurfa samgöngur landleiðina hins vegar nú á dögum að vera í góðu lagi.

(Byggðastofnun Íslands, 2004, Iðnaðar- viðskiptaráðuneytið, 2005.) Samgöngur á Ströndum eru hins vegar ekki góðar, lélegar almenningssamgöngur, mikið um malarvegi og víða í nágrenni Hólmavíkur eru vegir hreinlega hættulegir.

(Byggðastofnun Íslands, 2004) Framkvæmdir standa nú yfir á nýjum vegi milli Reykjavíkur og Hólmavíkur um Arnkötludal sem mun stytta leiðina um 40 kílómetra (er nú 274 km) og bundið slitlag verður alla leið á Hólmavík. (Vegagerðin, 2006)

Vegurinn frá Hólmavík í norður í Árneshrepp er hins vegar að mestu lélegur malarvegur sem lokaður nær allan veturinn. Ástandið á vegum svæðisins hefur virkað afar hamlandi á ferðaþjónustu og þó nú sjái til sólar varðandi vegabætur til

Hólmavíkur eru vegurinn þar fyrir norðan slæmur og engar úrbætur í

augsýn. (Byggðastofnun Íslands, 2004) Flugvöllur er á Hólmavík og á Gjögri í Árneshreppi og er reglubundið pósthug á Gjögur en ekki er áætlunarflug lengur á Hólmavík (Upplýsingamiðstöðin á Hólmavík, 2009)

### 2.3. Ferðapjónusta á Ströndum

Strandir eru í hugum margra nátengdar stórbrotnu landslagi, vondum vegum, afburða sauðfé og nú á síðustu árum göldrum. Strandamenn hafa séð tækifæri í þessari ímynd og nýtt sér hana í ferðapjónustunni á ýmsan hátt. Ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein á Ströndum og voru gistinætur rúmlega 12.700 árið 2007 miðað við ríflega 9800 gistinætur 2002. (Ásgerður Þorleifsdóttir, 2008) Mörg ferðapjónustufyrirtæki eru á svæðinu og hafa meirhluti þeirra hafa verið stofnuð á síðustu árum. Flest eru þetta lítil fjölskyldufyrirtæki sem taka meginhluta tekna sinna á stuttum tíma yfir árið. (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2005) Mikil gróska er í menningartengdri ferðapjónustu á Ströndum og er Galdrasýningin á Hólmavík sá staður sem mesta aðdráttarafl hefur fyrir ferðamenn. Galdrasýningin á Hólmavík er hluti af stærra verkefni sem mikill metnaður hefur verið lagður í og er hugmyndin að dreifa sýningunni um Strandir og hefur nú þegar annar hluti sýningarinnar, Kotbýli kuklarans verið opnaður í Bjarnarfirði. (Galdrasýningin á Hólmavík, 2009) Fleiri athyglisverð fyrirtæki eru í menningartengdri ferðapjónustu eins og Sögusýning í Djúpuvík, Sauðfjársetrið á Sævangi og Minja- og handverkshúsið Kört í Árnesi. Upplýsingamiðstöð er á Hólmavík sem er hugsuð sem allsherjar þjónustuhús fyrir ferðamenn af öllu tagi og sinnir auk upplýsingagjafar til ferðamanna, markaðssetningu fyrir svæðið og rekstur tjaldsvæðisins á Hólmavík. (Upplýsingamiðstöðin á Hólmavík, 2009) Framboð af gistingu á Ströndum er nokkuð dreift um svæðið en byggist upp á einfaldri gistingu og fáum gistirýmum á hverjum stað og hvergi er boðið upp á gistingu sem gæti flokkast undir gæðagistingu. (Upplýsingamiðstöðin á Hólmavík, 2009) Á Hólmavík er tilfinnalegur skortur á gistirými sem takmarkar móttöku ferðamannahópa og jafnvel einstaklinga á háannatíma. (Byggðastofnun Íslands, 2004) Ýmsar uppákomur og hátíðir eru á Ströndum yfir sumartímann og má þar nefna Bryggjuhátíð á Drangnesi, Hamingjudaga á Hólmavík, Djúpavíkurdaga, Borðeyrardaga og skemmtidagskrá Sauðfjárseturs. Nokkuð fjölbreytt afþreying er í boði á Ströndum, sundlaugar á fjórum stöðum, merktar gönguleiðir víðs vegar á svæðinu og 9 holu golfvöllur er sunnan við Hólmvík. Bátsferðir eru frá Drangnesi þar sem siglt er um Húnaflóa og út Grímsey og hestferðir yfir Drangjökul. Veitingasala er víðs vegar um svæðið en aðeins tveir staðir, Söluskáli Kaupfélagsins á Hólmavík og Staðarskáli í Brú eru með opið árið í kring. Norðan akvegar, norðan við Ófeigsfjörð í Árneshreppi er ferðapjónusta í Reykjafirði, Látravík og Bolungarvík á sumrin. Siglingar eru frá

Norðurfirði með fólk og farangur til fjölmargra staða á Hornströndum. (Strandabyggð, 2009, Upplýsingamiðstöðin á Hólmanvík, 2009)



### 3. Fræðileg umfjöllun verkefnisins

Fræðlegur grunnur ritgerðarinnar snýr að jaðarsvæðum/dreifbýlissvæðum (Rural and Peripheral Areas) og hvernig Strandir falla að hugmyndum um slík svæði. Augum er sérstaklega beint að jaðarsvæðum en þar sem rannsóknir sem rýnt var í bækur og greinar sem fjalla um þessi efni skilgreina jaðarsvæði og dreifbýli oft eins eða svipað þá getur margt sem hér á eftir verður eignað jaðarsvæðum líka átt við um dreifbýli (rural areas) Í upphafi kaflans verður fyrst byrjað á skoða skilgreiningu á jaðarsvæðum og almennri umfjöllun um þau, augum beint að ferðaþjónustu á jaðarsvæðum og síðan hver staða jaðarsvæða sé gagnvart kjarnasvæðum. Við rannsóknina var fræðileg umfjöllunin höfð að leiðarljósi.

#### 3.1 Skilgreining og umfjöllun um jaðarsvæði

Það er erfitt að útskýra hvað átt er nákvæmlega við þegar talað er um jaðarsvæði. Það eru ekki til neinir staðlar sem á alþjóðavísu segja til um hvað er jaðarsvæði og mismunandi á milli landa við hvað er miðað og því erfitt að skilgreina slíka svæði. (C. Michael Hall, 2005) Svæði geta verið skilgreind sem jaðarsvæði vegna huglægs mats einstaklinga eða þau eru skilgreind þannig vegna fjarlægðar frá kjarnasvæði eða miðju fólksfjöldans. (Nash and Martin, 2003) Að skilgreina jaðarsvæði út frá fjarlægð getur verið erfitt vegna þess að hugmyndin um fjarlægð er byggð á mismunandi þáttum eins og viðhorfi einstaklinga um fjarlægð, hugmyndum um rými og þeirri tækni sem samgöngur ráða yfir á hverjum stað. (Bruce Prideaux, 2005) Anders Dedekam skilgreinir jaðarsvæði í Noregi sem svæði langt frá miðjunni þar sem atvinnu og þjónustu er að finna, langt frá þar sem ‘hlutirnir gerast’ (landfræðilegur jaðar)” eða sem „þann hluta Noregs sem hefur lítil áhrif á ákvarðanir um mikilvæg mál í samfélaginu. Jaðarinn er langt frá hinni pólitísku miðju (pólitískur jaðar)”. Að mati Dedekam skilgreina flestir þó jaðar sem „svæði eða samfélag með lágar meðaltekjur, lágt atvinnustig og mikið, viðvarandi atvinnuleysi, hlutfallslega mikið af gömlu fólki, fólksfækkun, skort á fjármagni og framkvæmdamönnum, veika grunngerð og lítið framboð á opinberri sem og einkaþjónustu (efnahagslegur jaðar)“ (Byggðastofnun Íslands, 1998) Í haustskýrslu Hagfræðistofnunar Íslands frá árinu 2002, Byggðir og búseta eru jaðarbyggðir flokkaðar, „ sem byggðir sem eru úr tengslum við annað þéttbýli, einkum

þéttbýlisásana tvo á Suðurlandi og við Eyjarfjörð.“ (Axel Hall ofl., 2002) Jaðarsvæði hafa tilhneigingu til að vera efnhagslega, félagslega, stjórnmálalega, og þróunarlega einangruð og sett á jaðarinn af kjarnasvæðunum. Félagleg einkenni samfélaga á jaðarsvæðum einkennast af fólki sem mjög samheldið og með mikla tilfinningu fyrir staðnum. Fólki fækkar og ungt fólk neyðist til að yfirgefa sína heimabyggð vegna skorts á atvinnutækifærum eða því býðst betri vinna annars staðar.

(Bob Mc Kercher and Candace Fu, 2005) Skortur á ungu fólki á svæðin getur haft afleiðd áhrif eins og að skólum og leikskólum sé lokað. En að sama skapi ef íbúarnir saman standa af eldra fólki, ferðamönnum og hugsanlega íbúum frístundarhúsa eykst þörfin fyrir heilbrigðis- og félagslega þjónustu. (C. Michale Hall, 2005)

Það er nánast hægt að segja að það gildi í þróuðum löndum um heim allan að á jaðarsvæðum eru aðal umræðuefnið það sama, fólksfækkun, efnhagsleg vandamál og unga fólkið vantar á svæðin. (Bob Mc Kercher and Candace Fu, 2005) Eins erfitt og það getur verið að skilgreina jaðarsvæði út frá lýðfræði- eða rúmfræðilegum þáttum þá má líka benda á að hugmyndir manna um jaðarsvæði hafa að hluta til orðið til vegna áhrifa frá fjölmiðlum. Butler vekur athygli á því á 19. öld hafi hugmyndir borgarbúa á Englandi um jaðarsvæði/sveitina ekki aðeins mótast af þeirra persónulegu reynslu heldur líka af hugmyndum sem urðu til eftir lestur bóka, ljóða og vegna áhrifa frá myndlist. Þessi þróun hélt áfram á tuttugustu öldinni og fram á daginn í dag en sjónvarp, útvarp og blöð hafa tekið við af skáldsögum og myndverki í að móta hugmyndir manna (á alþjóðavísu) með margvíslegum hætti. (C. Michael Hall, 2005) Strandir falla vel undir þessar skilgreiningar og hugmyndir manna um jaðarsvæði. Í hugum margra eru Strandir jaðarsvæði og landfræðileg lega þeirra er langt frá kjarnanum (höfuðborginni) Strandir hafa glímt við fólksfækkun (Hagstofa Íslands, 2006) og falla undir þá skilgreiningu Byggðastofnunar “að vera jaðarbyggð þ.e. svæði sem hefur verið skilgreint sem hættusvæði þar sem fólki hefur fækkað um meira en 10% síðustu tíu ár” (Byggðastofnun Íslands, 1997) Ýmsir aðrir þættir sem einkenna jaðarsvæði eru einnig til staðar á Ströndum, verkefni hafa aukist en tekjur ekki, meðaltekjur eru lágar, (Byggðastofnun Íslands, 2004) veik grunngerð og lítið framboð af opinberri sem og einkaþjónustu. (Byggðastofnun Íslands, 1997)

### 3.2 Ferðapjónusta á jaðarsvæðum

Jaðarsvæði sem að öðrum kosti myndu ekki nýtast undir undir aðrar atvinnugreinar eru ekki aðeins ákjósanleg fyrir ferðapjónustu heldur eru jaðarsvæði dæmigerð svæði fyrir slíka þjónustu. (C. Michael Hall, 2005) Um heim allan standa jaðarsvæði frammi fyrir miklum möguleikum og áskorunum samfara þróun ferðamennsku og afþreyingar, þróun sem er án efa sterkasta og augljósasta tískusveifla síðustu fimm tíu ára og það er ekkert sem segir að sú sveifla muni ekki halda áfram. Breyting á lífstíl og ferðamynstri hefur leitt það af sér að fólk er í auknum mæli farið að skipta fríum sínum upp í nokkur stutt tímabil, fer oft og í styttri frí. Ferðmennska er að breytast frá því að vera aðgerðlaus ferðamennska þar sem ferðmenn sitja hjá og láta mata sig í það að vera ferðamennska þar sem ferðamenn vilja vera virkir þátttakendur. Þessi breyting gefur jaðarsvæðum aukna möguleika að ná til sín fleiri ferðamönnum. Mörg jaðarsvæði standa illa fjárhagslega þar sem hefðbundnar atvinnugreinar eins og landbúnaður og sjávarútvegur standa höllum fæti og því ekki ástæðulaust að horft er vonaraugum til ferðapjónustunnar sem bjargvætt atvinnulífsins þar sem ferðapjónustan skapar störf. (Nash and Martin, 2003) Jaðarsvæði búa yfir mörgum þáttum sem draga að ferðamenn, náttúrulegt umhverfi sem samanstendur af fögru landslagi, fáum íbúum sem veitir mótvægi við mannfjölda stórborganna og síðan eru jaðarsvæði að verða sífellt vinsælli staður fyrir frístundabyggð. Fyrirtæki í ferðapjónustu á jaðarsvæðum eru þó iðulega lítil, rekin af fjölskyldum, skorta fjármagn, hafa litla veltu og skila þar af leiðandi litlum afleiddum áhrifum út í samfélagið (Bob McKercher and Canace Fu, 2006) Ferðapjónusta á jaðarsvæðum glíma einnig við vandamál eins og erfitt aðgengi og fjarlægð frá mörkuðum, treyst er á fáa þætti til að laða að ferðamenn s.s. eins og náttúrulegar auðlindir eða menningartengda ferðapjónustu, atvinnugreinin er árstíðabundin, mikið traust er lagt á utankomandi stuðning (frá kjarnsvæði) og skortur er á grunngerð. Þróun ferðapjónustu undir þessum kringumstæðum getur því reynt erfið en þó er hvatt til hennar af stjórnvöldum bæði á svæðinu og á landsvísu, þar sem hún þykir bjóða upp á meiri möguleika en aðrir þættir sem til greina koma. (Douglas G. Pearce, 2001) Því miður er það svo að margar áætlanir studdar af yfirvöldum um uppbyggingu ferðapjónustu á jaðarsvæðum hafa mistekist að mörgu leyti fram að þessu. Hægt er að tína til nokkrar ástæður fyrir því og má fyrst nefna mikilvægan þátt, sem er tilhneiging opinbera aðila og rannsakenda í ferðapjónustu að hafa ekki horft á þróun og vandamál ferðapjónustu á jaðarsvæðum í heildar samhengi. Of mikil áhersla

hefur verið lögð á að leysa vandamálin og ná jafnvægi með hagsmuni jaðarsvæðisins eingöngu að leiðarljósi samtímis því að ríkið hefur það að markmiði að miðstýra t.d. í heilbrigðis- og samgöngumálum og hafa mótað stefnu á lands- og alþjóðavísu sem stangast á við “plástursaðgerðir” til hjálpar jaðarsvæðum. Aðra mikilvæga ástæðu er líka vert að hafa í huga að þeir sem koma að stefnumótun í málefnum jaðarsvæði hafa oft ófullnægjandi eða beinlínis rangar upplýsingar um vandamálið og geta því ekki beitt þeim aðferðum eða tólum sem þarf til að leysa vandamálin. Þriðja ástæðan sem benda má á er að væntingar til ferðaþjónustu á jaðarsvæðum eru mjög miklar en staðreyndin er sú að ferðaþjónusta á jaðarsvæðum er yfirleitt árstíðabundin, smá í sniðum og tekst þar af leiðandi ekki að laða til sín stóra hópa af ferðamönnum (mass tourism) sem þyrfti til að fjárhagslegur ávinningur stæðist væntingar. Samt sem áður þá getur ferðaþjónusta á slíkum svæðum skipt sköpum til að halda svæðum í byggð og halda uppi lágmarkspjónustu þó það sé alls ekki í samræmi við það sem yfirvöld heima í héraði og á landsvísu vildu sjá. Það er samt ekki svo að allar aðgerðir sem gerðar hafa verið til að auka ferðaþjónustu á jaðarsvæðum hafi mistekist. Þær aðferðir sem skilað hafa hvað bestum árangri eru þar sem aðgengi að svæðunum hefur verið verulega bætt og enn aðrar þar sem samvinna á milli landbúnaðar, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu hefur verið komið á eða verið aukin (C. Michael Hall, 2005)

Ferðaþjónusta á Ströndum er að mörgu leyti dæmigerð fyrir ferðaþjónustu á jaðarsvæðum. Hún er smá í sniðum, árstíðabundin, veltir litlu og samgöngur við svæðið ekki nægilega góðar. Miklar væntingar eru þó bundnar við ferðaþjónustu á Ströndum bæði af heimamönnum sem og af stjórnvöldum heima í héraði og á landsvísu og margir sjá ferðaþjónustuna sem einu raunhæfu atvinnugreininni sem getur haldið svæðinu í byggð og tryggt íbúum lágmarkspjónustu. (Byggðastofnun Íslands, 2004, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, 2005) Hér á landi eru í gangi ýmis byggðarverkefni á vegum stjórnvalda sem m.a. miða að því að auka ferðaþjónustu á jaðarsvæðum eins og Ströndum. Byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem unnin var af Byggðastofnun Íslands (Byggðastofnun Íslands, 2004) og Vaxtarsamningur Vestfjarða (Iðnaðar- og Viðskiptaráðuneytið, 2005) eru dæmi um slík verkefni og þar er horft til ferðaþjónustunnar sem mikilvægan þátt til styrkingar atvinnulífs og annara búsetuskilyrða

### 3.3. Staða og samkeppnishæfni jaðarsvæða gagnvart kjarnasvæðum

Í skýrslu Hagfræðistofnunnar, Byggðir og búseta frá árinu 2002 segir „Ástæða fyrir því að flóttinn úr Reykjavík stöðvast inn 1-2 klukkutíma akstursfjarlægðar frá borginni er líklega sú að byggðarkjarnar á áhrifsvæði Reykjavíkur geta boðið upp á allt það hagræði sem dreifbýli býður upp á en með mun minni flutningskostnaði en þær byggðir sem fjær liggja. Þessi fjarlægð frá öðru þéttbýli er sá drösull sem jaðarbyggðir þurfa að draga í samkeppni við önnur byggðarlög um fólk og fyrirtæki. Þessi samkeppni er háð á tvennum vígstöðum. Á grundvelli atvinnu, launa og kostnaðarhagræðis, en einnig á sviði aðstæðna, tækifæra og lífskjara“. (Axel Hall ofl., 2002) Jaðarbyggðir risu á sínum tíma vegna einhvers hagræðis í nýtingu staðbundinna framleiðsluþátta. Í sumum tilvikum var það nálægð við góð fiskimið sem gaf fólki tækifæri til að setjast þar að eða nálægð við blómleg landbúnaðarhéruð sem skapaði einnig þörf fyrir þjónustu, verslun og úrvinnslu og á mörgum stöðum lagðist þetta tvennt til, landbúnaður og fiskvinnsla. Þegar komin var vísir að byggðarkjarna hófst sjálf nærandi hringrás, fyrirtæki kölluðu á fólk, fólkmið kallaði á fleiri fyrirtæki og svo koll af kolli. Í kjölfar bættra samgangna og minnkandi vægi staðbundinna aðfanga í landsframleiðslu hefur dregið úr þjónustuhlutverki þessara byggðarkjarna úti á landi hin síðustu ár. (Axel Hall ofl., 2002)

Jaðarsvæði líða oft efnahagslega vegna tengsla sinna við kjarnasvæði. Þau eiga það oft sameiginlegt að hefðbundið atvinnulíf hefur brugðist og þau eru í erfiðleikum við endurreisa efnahag sinn á hagkvæman hátt og á jaðarsvæðum er eftirspurn eftir almannafé hvað mest. Við þróun og skipulag efnahagsmála einblína stjórnvöld mikið á kjarnasvæði og eftir höfðinu dansa limirnir því tilhneiging er sú almenningur fylgir stjórnvöldum sem hefur svo þau áhrif að veikja efnahag jaðarsvæða. Þetta getur átt sér stað á mörgum mismunandi stigum. Þetta getur átt sér stað í þéttbýli þar sem þungamiðja efnahagsmála verður í miðju borganna, einnig getur þetta átt sér stað í dreifbýli þar sem aðalþróunin verður á staði með mesta mannfjöldann (t.d. Ísafjörður á Vestfjörðum) og í stærra samhengi má svo nefna svæði eins miðsvæði Skotlands sem myndi þá vera kjarnasvæði og svæði þar fyrir utan jaðarsvæði og sitja eftir þróunarlega séð. (Nash and Martin, 2003) Upplýsingastreymi innan jaðarsvæða og frá jaðarsvæða til kjarnasvæða er mun minna en upplýsingaflæði frá kjarna til jaðarsvæða.

Þetta getur haft þau áhrif að pólitískar og efnhagslegar ákvarðanir sem teknar eru á kjarnasvæði og miða að því að efla stöðu jaðarsvæða ná ekki tilætluðum árangri vegna skorts á upplýsingum frá jaðarsvæða til kjarna. (C. Michale Hall, 2005) Samband jaðar- og kjarnasvæða hefur vakið athygli fræðimanna í ferðamálafræðum og hafa þeir sett fram margskonar líkön til að útskýra þetta samband. M.a. skýrir Weaver líkan sitt um samband jaðars og kjarna þannig, að það veiti okkur verðmætan og í grunninn landfræðilega ramma til skilja og setja rúmfræðilegan mismun (spatial disparities) í samhengi við kraft og stig þróunnar. Wall nálgast þetta á annan hátt og skýrir samband jaðars og kjarna eins og samband á milli samsafnaðrar eftirspurnar í skjóli valda þéttbýlisins og dreifðs framboðs af tækifærum í ferðþjónustu á valdminni svæðum í dreifbýli. (Bruce Prideaux, 2002)

Jaðarsvæði getur annað hvort verið skilgreint sem slíkt vegna skynjunnar fólks á svæðinu eða vegna þeirrar landfræðilegrar staðreyndar að svæðið er langt frá kjarnanum eða miðju fólksfjöldans. Skynjun ferðamanna er ekki hlutlaus, hún byggist ekki eingöngu á hvernig ferðamaðurinn upplifir staðinn heldur verður skynjun ferðamannsins einnig fyrir áhrifum af hvar svæðið er staðsett og hvernig er hægt að komast þangað. Túlkun um hvað er jaðarsvæði fer eftir ferðamanninum hverju sinni og hve langt hann telur hvern stað vera utan alfaraleiðar. Aðgengi er þó ekki aðeins mælt í fjarlægð heldur líka í ferðatíma, ferðakostnaði og þjónustu. Sem dæmi má nefna að áfangastaður sem auðvelt er komast á samgöngulega séð, getur verið ákjósanlegri að heimsækja heldur en staður sem er styttra frá en býður ekki upp á samskonar ferðamöguleika og einnig getur svæði líka verið skilgreint sem jaðarsvæði vegna fjarlægðar frá aðalvegi eða brottfarastað.

Staðsetning jaðarsvæða eru oft sá þáttur sem gerir þau mest óaðgengileg eða afskekkt sem áfangastað fyrir meginþorra ferðamanna. Hvert svæði hefur þetta kjarna-jaðar samband og staðsetning og stig jaðarsvæða er afstætt. (Nash and Martin, 2003)

Framtíð jaðarsvæða snýst í raun um hlutfallslega yfirburði, að byggðarlög geti boðið upp á eitthvert hagræði sem aðrir staðir hafa ekki. Lausninar hljóta að felast í því hlutfallslegir yfirburðir viðkomandi staða eru styrktir með aðgerðum sem fela hvorki í sér nauðung eða óhagkvæmni og stöðunum gert auðveldara að færa sér í nyt staðbundna framleiðsluhætti. Í því samhengi er ferðþjónustan er eitt það fyrsta sem kemur upp í hugann en náttúrufegurð, sögulegar minjar og svo framvegis verður víða

að telja til mjög mikilvægra staðbundinna gæða sem geta staðið undir byggð á jaðarsvæðum víða um landið. (Axel Hall ofl., 2002)

## 4. Gögn og aðferðir

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir hvernig undirbúningi, öflun og greiningu gagna fyrir rannsóknina var háttað og hugsanlegir ókostir aðferðarinnar reifaðir.

Eins og áður hefur komið fram er markmið rannsóknarinnar að leggja mat á gildi ferðaþjónustu á jaðarsvæðum og hversu mikilvæg hún sé fyrir byggð á slíkum svæðum. Tekin voru viðtöl og byggir stór hluti rannsóknarinnar á þeim en heimildaöflun að öðru leyti fór fram á þann hátt að safnað var gögnum um jaðarsvæði þar sem viðfangsefnið er tengt fræðilegri umfjöllun um slíkt og einnig var safnað efni um Strandir. Gagnaöflun um Strandir og jaðarsvæði fór fram með lestri bóka og greina og einnig var internetið mikið notað í heimildarleit og voru fjölmargar heimasíður, greinar og skýrslur lesnar og skoðaðar.

### 4.1 Rannsóknaraðferðir

Ákveðið var að hafa viðtölin hálfstýrð þar sú tegund viðtala býður upp á ákveðin sveigjanleika. Rannsóknarspurningin var höfð að leiðarljósi en síðan voru fjöldi undirspurninga og minnispointar sem spurt var og fjallað ítarlega um. Með þessari aðferð gafst viðmælendum kostur á að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri og taldi höfundur þetta vera sú aðferð sem líklegust væri til að rannsóknarspurningunni væri svarað sem best. Viðtölin voru tekin upp og afrituð orðrétt að þeim loknum. Þetta var gert með það að markmiði að draga fram aðalatriði rannsóknarinnar og ekkert mikilvægt gleymdist og ekki síður til að geta borið saman viðmælendur og sýn þeirra á rannsóknarefnið.

Ókostir við viðtöl er að viðmælendum getur þótt óþægilegt að ræða einstök mál og geta haldið aftur af skoðunum sínum að einhverju eða öllu leyti. Þessi ókostur ekki til staðar þegar um er að ræða staðlaða spurningarlista sem svarað er nafnlaust en þeir gefa á móti ekki eins ítarlega mynd af efninu sem verið er að rannsaka hverju sinni. Í þessari rannsókn voru það fleiri en einn viðmælandi sem ræddu hluti sem þeir vildu ekki að myndu birtast opinberlega en það er mat höfundar að það hafi ekki skipt veigamiklu máli við rannsóknina.



## 4.2. Val á þátttakendum

Tekin voru viðtöl við 9 einstaklinga sem allir búa á Ströndum. Viðmælendur voru valdir í ljósi reynslu og stöðu þeirra í ferðaþjónustu með það að markmiði að fá fram sem heilstæðasta sýn á stöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu. Viðtölin voru tekin á tímabilinu frá 24. nóvember 2006 til 17. janúar 2007. Fólkið sem rætt var við kemur að ferðaþjónustu á mismunandi hátt, í gegnum eigin rekstur, starfsmenn hjá ferðaþjónustuaðilum sem og opinberir embættismenn. Þar að auki var talað við viðmælendur í síma nokkrum sinnum á meðan vinnu við verkefnið stóð yfir. Einnig var tveimur aðilum, búsettum á Djúpvík annars vegar og Ísafirði hins vegar og ekki náðist að taka viðtöl við en þóttu búa yfir nauðsynlegri vitneskju um rannsóknarspurninguna sendur spurningarlisti í tölvupósti með opnum spurningum til að fá fram sem ítarlegustu svör. Var síðan rætt við þessa tvo aðila í síma til að fá skýringar og betri svör þar sem það átti við.

## 4.3. Þátttakendur

### 4.3.1. Arnar Snæberg Jónsson, framkvæmdarstjóri Sauðfjársetursins á Ströndum

Arnar Sæberg Jónsson hefur starfað sem framkvæmdarstjóri Sauðfjársetursins á Ströndum frá því í september 2006 en hefur verið viðloðandi starfseminna frá byrjun. Arnar var forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar á Hólmavík í fjögur ár og hefur auk þess starfað mikið að félagsmálum tengdum ferðamálum, var m.a. formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða í eitt ár

### 4.3.2 Arnlín Þuríður Óladóttir, skógfræðingur og framkvæmdarstjóri eignarhaldsfélagsins Laugarhóll ehf.

Arnlín Þuríður Óladóttir er framkvæmdarstjóri eignarhaldsfélags Laugarhóll ehf sem rekur samnefnda fasteign, Laugarhól í Bjarnarfirði, en Arnlín hafði áður rekið sumarhótel á staðnum í félagi við aðrar konur úr sveitinni. Arnlín sem er uppalin við hótélrekstur er skógfræðingur og starfar hjá Skjólskógum á Vestfjörðum, fyrrum kennari og lífrænn bóndi.

### 4.3.2 Ásbjörn Magnússon, útgerðarmaður og framkvæmdarstjóri á Drangnesi

Ásbjörn Magnússon er framkvæmdarstjóri fyrir fyrirtækið ÁVM ehf. sem hefur á sínum vegum útgerð og ferðaþjónustu. Ásbjörn sem er menntaður vélstjóri. vinnur við fiskveiðar og útgerð u.þ.b. fimm til sex mánuði á ári. Tilkoma ferðaþjónustuhluta

fyrirtækisins kom til út af lítilli kvótaeign og háu leiguverði á kvóta og sá Ásbjörn fram á að hægt væri að nýta bátinn yfir sumarmánuðina þegar kvótinn væri búinn

#### **4.3.3. Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri hjá Strandabyggð**

Ásdís Leifsdóttir er menntaður rekstrarfræðingur og hefur m.a. starfað hjá Íbúðalánasjóði ríkisins og sem fjármálastjóri hjá Félagsbústöðum Reykjavíkur. Ásdís tók við starfi sveitarstjóra hjá Strandabyggð árið 2003.

#### **4.3.4. Dorothee Lubecki, starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á Ísafirði**

Dorothee Lubecki hefur starfað sem starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á Ísafirði frá 1996. Meginverkefni hennar hafa tengst ferðamálum og uppbyggingu ferðaþjónustu á Vestfjörðum auk þess hefur hún stýrt tveimur Evrópuverkefnum hjá félaginu. Dorothee stundaði nám í Berlin í Þýskalandi 1988-1996 og lauk námi í skipulags- og umhverfisfræði og í byggðapróun (Landschaftsplanung)

#### **4.3.5. Eva Sigurbjörnsdóttir hótellstjóri á Hótel Djúpuvík**

Eva Sigurbjörnsdóttir er menntaður leikskólakennari en starfar sem hótellstjóri á Hótel Djúpuvík þar sem hún hefur rekið hótél í tuttugu og tvö ár ásamt manni sínum Ásbirni Þorgilssyni. Eva hefur mikið sinnt félagsstörfum tengt ferðaþjónustu hefur m.a. setið í stjórn Ferðamálafélags Strandasýslu og Ferðamálasamtökum Vestfjarða

#### **4.3.6. Jenný Jensdóttir, oddviti Kaldrananeshrepps**

Jenný Jensdóttir býr á Drangnesi og hefur verið oddviti Kaldrananeshrepps í fjögur en var áður skrifstofustjóri hreppsins frá 1990 og verið í hreppsnefnd frá 1986. Jenný hefur tekið virkan þátt í félagsmálum tengdum ferðaþjónustunni og sat m.a. í stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða og er þátttakandi í verkefninu Arnkatla 2008

#### **4.3.7. Jón Jónsson ferðaþjónustubóndi og menningarfulltrúi Vestfjarða**

Jón Jónsson frá Steinadal í Kollafirði, er sagnfræðingur og MA í Þjóðfræði. Jón hefur unnið í ferðamálum á Ströndum frá árinu 1995 sem ráðgjafi í allskyns verkefnum og var ráðin sem Menningarfulltrúi Vestfjarða frá 1. september 2007. Jón er í stjórn Strandagaldurs, Sauðfjárseturs á Ströndum og rekur fyrirtækið Sögusmiðjuna sem sérhæfir sig í miðlun sögu og þjóðfræði.

#### **4.3.8. Matthías Jóhannsson hótellstjóri á Hótel Laugarhól í Bjarnfirði**

Matthías Jóhannsson er fæddur í Frakklandi, er franskur ríkisborgari en hefur búið hér á Íslandi í um 30 ár. Matthias hefur rekið hótél Laugarhól í Bjarnafirði síðan vorið

2001, var áður matreiðslumaður í Franska sendiráðinu frá 1994 og rak ferðaþjónustu á Gamla bæ í Reykholtssdal þar áður.

#### **4.3.9, Sigurður Atlason, framkvæmdarstjóri Strandagaldurs.**

Sigurður Atlason er framkvæmdarstjóri Strandagaldurs sem er flaggskip ferðaþjónustu á Ströndum að sögn Sigurðar. Sigurður hefur gegnt stöðu framkvæmdarstjóra síðan Galdrasafnið á Hólmavík var opnað árið 2000. Sigurður sem er sjálfmenntaður átti meðal annara þátt í því að koma Upplýsingamiðstöðinni á Hólmavík á laggirnar árið 1996 starfaði þar síðan í þrjú ár. Sigurður hefur starfað mikið að félagsmálum bæði varðandi ferðamál og leiklist og meðal annars tekið þátt í sýningum sem settar hafa verið upp gagnert til að stýra inn á ferðamannahópa

#### **4.3.10. Viktoría Rán Ólafsdóttir verkefnastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða**

Viktoría Rán Ólafsdóttir frá Svanshóli í Bjarnarfirði á Ströndum og býr á Hólmavík. Viktoría er alþjóðaviðskiptafræðingur með reynslu á sviði markaðs-og lögfræði og alþjóðatengsla auk þess hefur Viktoría starfað sem ráðgjafi á sviði fjármála. Viktoría hóf störf sem atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða 1. desember 2005, með aðsetur á Hólmavík

## 5. Greining viðtala og niðurstöður

Þegar efni viðtalana var flokkað var hægt að greina sjö megin þemu sem fjallað verður um í niðurstöðum. Þessi þemu voru valin með hliðsjón af áherslu viðmælenda á efnið og í tengslum við umfjöllun um jaðarsvæði

### 5.1 Staða ferðapjónustu á Ströndum í dag

Til að fá sem best yfirlit yfir hvað það væri sem viðmælendum finndist almennt um ferðapjónustuna á svæðinu og fá fram sem flesta þætti sem snerta greinina var í upphafi viðtala velt upp stöðu ferðapjónustu á Ströndum. Þetta var líka gert í þeim tilgangi að opna viðtalið með almennri spurning og gefa viðmælendum tækifæri á að tjá sig vítt og breitt um ferðapjónustu og hugsanlega myndi þessi spurning líka draga fram í sviðsljósið efni sem væri ofar í huga fólks en annað og hægt væri að kafa dýpra í.

### 5.2 Hver er staða ferðapjónustunnar á Ströndum?

Viðmælendur nefndu margt til sögunnar, bæði jákvætt og neikvætt. Fyrirtækið Strandagaldur var nefnt sem dæmi um jákvæða stöðu ferðapjónustunnar á Ströndum og segir Dorothee Lubecki að “Tilkoma Strandagaldurs hefur gert Ströndunum mjög gott og gerir það að verkum að svæðið býr yfir sérstöðu í dag. Náttúrufegurð er fyrir hendi á öllum Vestfjörðum, en menningarleg áhersla sem skapast í tengslum við Galdrasýninguna hefur gert kraftaverk. Verkefnið hefur áhrif þar að auki á samfélagið í heild” (Dorothee Lubecki, 2007) Arnar hefur svipaða skoðun á málinu “Galdrasýningin hefur unnið alveg frábært starf fyrir þetta svæði og ég held að hún sé mikilvægasti hlekkurinn í ferðapjónustukeðjunni hér á þessu Ströndum” (Arnar Jónsson, 2007)

Breytingar á viðhorfi heimamanna var líka tekið sem dæmi um jákvæða stöðu og segir Jón að viðhorf heimamanna til ferðapjónustu fari batnandi “það byggist kannski á því að menn sjá ekki framtíð í neinu öðru og þetta er hins vegar það sem hefur verið að vaxa og ný fyrirtæki sem hafa verið koma eru flest á þessu sviði nema þegar menn eru að breyti einhverju í útgerð eða búskap í hlutafélag.” (Jón Jónsson, 2006)

Viktoría talar um aukningu á ferðamönnum og Arnlín nefnir sjarmann og gestrisnina sem kost og það bæti að einhverju leyti upp það sem upp á skorti í fagmennsku. “kostirnir eru þeir að við sjáum aukningu á ferðamönnum” (Viktoría Ólafsdóttir, 2007)

“Hins vegar er enn gert út á sjarmann við frumstæða og vingjarnlega gestrisni sveitamannsins sem bætir að einhverju upp fyrir skort á fagmennsku.” (Arnlín Þuríður Óladóttir, 2007)

Síðan almenn ánægja með stöðuna, “Staða ferðaðþjónustunnar hefur batnað mikið á þessum tíma hér a Ströndum, fleiri gistiheimili hafa verið opnuð, boðið er upp á bátsferðir á föstum vikudögum. Afþreying hefur aukist á öðrum sviðum, sýningar opnað, kajaka- og hestaleigur tekið til starfa”. (Eva Sigurbjörnsdóttir, 2006)

Það var ýmislegt nefnt til sögunnar þegar farið var að tala um það sem fólki fannst vera athugasvert við stöðu ferðaðþjónustunnar “Staðan í dag finnst mér ekki vera sérstaklega góð en það spilar kannski inn í að ég svo sérstaklega svartsýnn á þessum árstíma, yfir veturinn” (Arnar Jónsson, 2007) Arnlín talar um skort á fagmennsku og Viktoría um skort á markaðssetningu erlendis. “Ferðaðþjónustan er frumstæð á Ströndum, enginn fagmaður vinnur við hana (kokkar, þjónar, ferðamálafræðingar, eða fólk menntað í stjórnun og rekstri) og er það helsti akkillesarhæll okkar hér” (Arnlín Óladóttir, 2007) “gallarnir eru að við höfum nær eingöngu verið að markaðssetja okkur innanlands nánast ekkert markaðssett okkur erlendis, þess vegna erum við með mjög lítið hlutfall erlendra gesta. Við erum með minnsta hlutfall erlendra gesta sem hingað koma til lands af landsbyggðinni þá er ég að tala um Vestfirði í heild. (Viktoría Ólafsdóttir, 2007) Samgöngur hafa löngum verið Strandamönnum hugleiknar og nefnir Jenný samgöngur sem neikvæðan þátt í ferðaðþjónustu á Ströndum. “Samgöngurnar eins og þær eru núna fæla frá, sumir vilja reyndar komast í smá ævintýri og keyra á þessum vegum en það eru bara svo miklu færri. Við erum alltaf að berjast fyrir bættum samgöngum” (Jenný Jensdóttir, 2006) Að mati Arnars mætti samvinnan vera betri og fleiri koma að faginu “Ég held að það vanti ekki hugmyndir það vantar kannski svolítið upp á samvinnu. Ég held að ferðaðþjónustan eins og hún er í dag þá sé of þröngur hópur sem er að vinna í þessari grein og of fáir sem eru starfandi í þessu og það er mjög lítil endurnýjun af fólki sem kemur öflugt til starfa.” (Arnar Jónsson, 2007) Arnar bendir einnig á að ráðning ferðamálafulltrúa gæti breytt þessu að einhverju leyti, hann gæti unnið í verkefnum fyrir heildina sem aðilar í ferðaðþjónustu eru í dag að vinna ólaunað.

### 5.3. Sérstaða svæða.

Að skerpa á sérstöðu Íslands til að hún falli að þeirri ímynd sem Ísland hefur sem ferðamannland til að öðlast samkeppnislega yfirburði og tækifæri er eitt af framtíðarmarkmiðum í skýrslu Samgönguráðuneytisins um framtíðarsýn í ferðaþjónustu. (Samgönguráðuneytið, 2003) Það er ekki síður mikilvægt að stjórnvöld og ferðaþjónustuaðilar á einstökum svæðum á landsbyggðinni geri sér grein fyrir í hverju þeirra sérstaða liggja til m.a. að auðvelða skilgreiningu á markhópum og þeim fjármunum sem varið er í markaðsstarf skili þeim árangri sem til er ætlast. Eins og kom fram í kaflanum um stöðu og samkeppnishæfni jaðarsvæða gagnvart kjarnasvæðum

þá snýst framtíð jaðarsvæða í raun um hlutfallslega yfirburði, að byggðarlög geti boðið upp á eitthvert hagræði sem aðrir staðir hafa ekki. Lausninar hljóta að felast í því hlutfallslegir yfirburðir viðkomandi staða eru styrktir með aðgerðum sem fela hvorki í sér nauðung eða óhagkvæmni og stöðunum gert auðveldara að færa sér í nyt staðbundna framleiðsluhætti. Í því samhengi er ferðaþjónustan er eitt það fyrsta sem kemur upp í hugann en náttúrufergurð, sögulegar minjar og svo framvegis verður víða að telja til mjög mikilvægra staðbundinna gæða sem geta staðið undir byggð á jaðarsvæðum víða um landið. (Axel Hall ofl., 2002)

### 5.4. Hver er sérstaða Stranda?

Viðmælendur voru allir sammála um að náttúran og landslagið á Ströndum skapaði sérstöðu og sögðu m.a. “Fyrst og fremst náttúran. Fallegasta náttúra sem ég hef séð er hérna á Ströndum.” (Matthías Jóhannsson, 2007) “Mér finnst landslagið bara svo öðruvísi og töfrandi.” (Ásdís Leifsdóttir, 2007) “Náttúran hefur mikla sérstöðu og er örugglega eitt helsta aðdráttaraflíð.” (Arnar Jónsson, 2007.) Þar sem náttúruunnendur eru nú stór hluti ferðamanna á landinu ætti að vera hægt að nálgast þann markhóp en vinna þarf í að ná þessum hópi á Strandir. (Viktoría Ólafsdóttir, 2007) En ekki líta allir sömu augum silfrið og það sem er sérstaða Stranda og jákvætt í augum margra getur einnig snúist upp í andhverfu sínu og virkað neikvætt á aðra. “Strandir eru svo sem alveg eins og restin af Vestfjörðum í augum þeirra sem ekki þekkja til. Strjálbýl, hráslagaleg, stórbrotin, lítil samfélög, vondir vegir og allt það sem einkennir Vestfirði í heild og hafa sama vægi og önnur jaðarsvæði á Íslandi og í heiminum.” (Arnlín

Óladóttir, 2007) Ásdís tekur í svipaðan streng þegar hún segir frá tildrögum þess að hún flutti á Strandir “ Það er mjög sérstakt að ég skuli hafa tekið þá ákvörðun að flytja á Strandir, þar sem mín ímynd af Vestfjörðum var mjög dökk og helgaðist af þeim fréttum sem við höfum yfirleitt af þessu svæði sem voru yfirleitt mjög neikvæðar, slæmir vegir, atvinnuleysi, snjóflóðahætta. Maður hafði ekki neina jákvæða ímynd af þessu svæði, því miður og ég er ansi hrædd um að það séu æði margir sem sitji á suðvestur horninu og hafi þessa sömu ímynd viti bara ekki alveg af hverju þeir eru að missa. Þetta er algjör perla og fjölbreytileiki náttúrunnar á ekki stærra svæði heldur en á Vestfjörðum er alveg ótrúlegur og er Árneshreppurinn er alveg heimur út af fyrir sig.” (Ásdís Leifsdóttir, 2007) En það er fleira sem skapar Ströndum sérstöðu en náttúran, t.d. leggur Dorotehee mikla áherslu á að fólkið sem býr á Ströndum eigi ríkan þátt í að móta sérstöðuna. “Núna kemur svar sem er svolítið út úr kú... en það sem einkennir Strandirnar umfram allt sem hefur komið fram nú þegar, náttúrufegurð, Strandagaldur og önnur verkefni er fólkið sem býr þar. Ástæðan fyrir því að Strandirnar hafa náð þeim árangri sem þar er að sjá, byggir á frumkvæði, úthugsunarsemi, hugsjón og getu þeirra einstaklinga sem þar hafa lögð hönd á plóg. Þetta er ekki pólitíkinni að þakka, ekki stjórnvöldum eða svæðinu sem slíku. Þetta allt er tilkomið út af því að þar býr fólk sem gjörþekkir svæðið og sögu þess og býr yfir þeim hæfileikum og þeirri menntun sem til þarf til að koma verkefni eins og Strandagaldri af stað.” (Dorothee Lubecki, 2007) Og fleiri taka í sama streng “Annað sem er smá saman að gerast sem eykur vinsældir svæðisins er Galdrasýningin, ég hef orðið var við það hversu mikinn áhuga þetta hefur vakið erlendis.” (Matthías Jóhannsson, 2007)

## 5.5.Samgöngur

Samgöngur eru Strandamönnum ofarlega í huga og mál sem mikið hefur borið á í umræðu um ferðþjónustu á Ströndum og hafa ferðþjónar sem og íbúar svæðisins barist fyrir bættum vegsamgöngum til fjölda ára. Slæmir vegir er oft nefnt sem ástæða þess að ferðamenn leggja ekki í að heimsækja Strandir og eins að Strandir séu of langt frá stór-Reykjavíkursvæðinu til að vera einn af þeim stöðum sem fólk myndi sækja í til helgarferða. (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða 2004, Iðnaðar- og Viðskiptaráðuneytið 2005) Því fögnuðu ferðþjónustaðilar sem og íbúar á Ströndum þegar ljóst var að veglagning um Arnkötludal yrði að veruleika. Veggerð um Arnkötludal mun stytta

leiðina frá Reykjavík til á Hólmavík um 40 km eins og áður hefur komið fram og verða malbikaður alla leið. Ferðþjónustuaðilar voru spurðir um þessa framkvæmd og beðnir um að leggja mat á áhrif hennar á ferðþjónustuna á Ströndum.

## **5.6. Mun nýr vegur um Arnkötludal hafa áhrif á ferðþjónustu á Ströndum og ef svo er hvaða áhrif?**

Sveitastjórinn í Strandabyggð Ásdís Leifsdóttir er bjartsýnn “Ferðþjónustan mun eflast. Ef maður hugsar til baka, sunnudagsbíltúrar með fjölskyldunni þegar ég var að alast upp þá var algjört þrekvirki að fara upp í Borgarfjörð. Það tók kannski þrjá, þrjá og hálfan tíma að komast þá vegalengd á þeim tíma. Núna horfum við fram á það með veglagningu um Arnkötludal að þetta verður kannski tveir og hálfur tími frá Reykjavík og hingað og þá erum við komin inn í þann radíus ekki það einasta að fólk sjái sér fært að koma í svona dagsferð heldur erum við líka að fara inn í þennan radíus fyrir sumarhúsabyggð. Þeir sem eiga svona hús vilja nýta bygginguna sem best og þá má það ekki taka meira en tvo, tvo og hálfan tíma þannig að þú getir farið á föstudegi og komið heim sunnudegi. Ég held að það skapist tækifæri fyrir ferðþjónustuna við þessa veglagningu.” (Ásdís Leifsdóttir, 2007) Arnar Jónson bendir á að menn þurfi að undirbúa sig . “Ég er svolítið hræddur um að ferðþjónustuaðilar haldi að vegurinn reddi einhverju, það komi fleira fólk á svæðið og þá gerist eitthvað mér finnst þeir vera svolítið fastir í þeirri hugsun að það bara gerist eitthvað. En það eru auðvitað ferðþjónustaðilarnir sjálfir sem verða að gera eitthvað, þetta er allt í höndunum á okkur að leiða fólkið hingað” (Arnar Jónsson, 2007) Sigurður er bjartsýnn og bendir á að ferðþjónustaðilar á Ströndum séu þegar farnir að undirbúa sig undir þá breytingu sem verður með tilkomu veglagningarinnar. “Það opnast ótal möguleikar fyrir þetta svæði sem ferðþjónustuaðilar á Ströndum þurfa að vinna í að nýta sér og verið er vinna við sérstakt verkefni, Arnkatla 2008 sem miðar að því að skilgreina hvað á að leggja áherslu á frá ári til árs og hvernig ferðþjónustuaðilar geta undirbúið sig sem best undir tilkomu veglagningar um Arnkötludal.” (Sigurður Atlason, 2006) Það er ljóst að horft er vonaraugum á veginn um Arnkötludal í sambandi við ferðþjónustu en jafnframt gerir fólk sér grein fyrir að vinna þarf undibúningsvinnu á svæðinu til að geta nýtt sér þau tækifæri sem skapast í kjölfar veglagningarinnar sem best. Ásdís Leifsdóttir sveitastjóri Strandabyggðar nefnir uppbyggingu á frístundabyggð sem tækifæri og ekki skrytið að horft sé í þá átt þar sem gífurleg aukning hefur orðið í



þeirri uppbyggingu á suð-vestur hluta landsins sem hefur skapað sveitarfélögum umtalsverðar tekjur í formi opinberra gjalda auk þess sem frístundabyggð kallar á alls kyns þjónustu sem myndi þá verða hrein aukning á þeim viðskiptum sem fyrir eru á svæðinu eða skapa jarðveg fyrir ný fyrirtæki. Arnar hefur hins vegar áhyggjur af að veglagning um Arnkötludal muni skipta mestu fyrir ákveðin hluta Stranda en komi ekki til með að nýtast öllum “Ég held að vegurinn um Arnkötludal komi ekki til með skipta neinu máli fyrir ferðaþjónustu norðan Bjarnarfjarðar því vegurinn þangað frá Hólmavík verður alveg jafnslæmur” og síðan segir hann “Ég held að sé hægt að skipta þessu svolítið eftir svæðum ég held fyrir norðan t.d í Árneshreppi þar breytist ekki mikið ég held að mestu möguleikarnir séu hérna á Hólmavík bara hreinlega inn í bænum. En svo eins og með Sauðfjársetrið og ferðaþjónustuaðilana sem eru á svæðinu sunnan við veginn þá rennum við algjörlega blint í sjóinn. Það skiptir bara máli hvernig vegurinn kemur til með að liggja, hvernig vegamótin verða, hvort þarf að taka vinkilbeygju og hvernig merkingar verða.” (Arnar Jónsson, 2007) Eva tekur í svipaðan streng þegar kemur að Árneshreppnum “Stytttri vegalengdir eru alltaf til bóta, en að auki þarf Árneshreppur auðvitað að fá þau sjálfsögðu mannréttindi að hingað sé hægt að aka bílum allt árið um kring”. (Eva Sigurbjörnsdóttir, 2006)

Matthías er bjartsýnn á að hagur ferðaþjónustunnar muni vænkast með tilkomu veglagningar um Arnkötludal og bendir á þetta sé líka spurning um gæðamál.

“Ferðaþjónusta mun örugglega aukast, nú maður er að tala um gæðamál og þar koma vegirnar sterkt inn og það er áberandi að ferðamenn kvarta mest yfir vegunum. Það er langefst á listanum. Strandir verða komnar á þjóðveg númer eitt. Það er engin þjónusta frá Baulu að Brú þannig að það tapar enginn ferðaþjónustuaðili á að vegurinn verði fluttur. Fyrir mig er vegur um Arnkötludal mjög mikilvægur en síðan vegurinn yfir Bjarnarfjarðarháls. Stundum finnst mér að vegagerðin sé að vinna á móti okkur í ferðaþjónustunni. Hún sér þetta frá sínu eigin sjónarhorni.....punktur.” (Matthías Jóhannsson, 2007) Ásbjörn Magnússon á Drangnesi er bjartsýnn og sér opnast nýja möguleika. “Ég er alveg viss um að það verður vítamínsprauta fyrir þetta svæði, þetta styttir svo ferðina frá Reykjavík Fólk er strax farið að tala um að láta flytja sig héðan frá norður í Hornvík í staðinn fyrir að fara frá Djúpinu og ef hluti þess fólks sem fer þar í gegn myndi fara um hér myndi hafa mjög jákvæð áhrif” (Ásbjörn Magnússon, 2007)

## 5.7. Menntun í ferðaþjónustu

Menntun í ferðaþjónustu er eitt af því sem mikið hefur verið rætt í tengslum við ferðamál á Íslandi og hefur orðræðan snúist um að skortur á menntuðu starfsfólki í ferðaþjónustu sé farin að há greininni verulega. Ferðaþjónustan er árstíðabundin atvinnugrein, sérstaklega á landsbyggðinni og starfsfólk sem kemur til starfa á háannatíma á sumrin er yfirleitt skólafólk sem ekki er menntað í þessari grein og fær oft enga sérstaka þjálfun til að takast á við starfið. (Ásgeir Jónsson, 2003) Undanfarin ár hafa verið sérstaklega slæm þar sem mikil þensla hefur verið í atvinnulífinu og barist hefur verið um hæft starfsfólk og því er erfiðara en ella að halda uppi fagmennsku og gæðum. Samtök ferðaþjónustunnar höfðu frumkvæði að þarfagreiningu með það að markmikið að taka stöðuna í fræðslu- og menntamálum í ferðaþjónustu og kom í ljós að stærsti hluti starfsfólks sem greiningin náði til var með stúdentspróf eða minni menntun. Helmingur starfsfólks hafði ekki lokið sérmenntun í ferðaþjónustu en þeir sem höfðu lokið sérnámi töldu menntunina nýtast sér vel í starfi. (Rannsóknir og ráðgjöf, 2005) Þó augu manna hafi verið að opnast fyrir nauðsyn menntunar og fræðslu í ferðaþjónustu og framboð á menntun í margs konar formi sé að aukast þá eru skoðanir manna á þessum málum skiptar og því forvitnilegt að fá fram hvað ferðaþjónustaðilum á Ströndum finnst um þessi mál.

## 5.8. Hversu mikilvæg er menntun í ferðaþjónustu?

Arnar og Matthías voru á þeirri skoðun að menntun væri ekki aðalatriði varðandi framistöðu starfsfólks heldur skipti reynsla og þjónustulund meira máli.

“Ég veit ekki mikið um hvernig menntun fólks í ferðaþjónustu hér á svæðinu er háttað en ég tel menntun fólks skipta ekki miklu máli eins og sjá má víða þar sem “ómenntað fólk” er að sinna starfi í ferðaþjónustu mjög vel, ég tel að reynsla skipti meiru máli.” (Arnar Jónsson, 2007) “Menntun segir ekki allt en það er ekki hægt að staðla þjónustu alveg sama hversu vel fólk er menntað ef það hefur ekki þjónustulund í sér þá skiptir menntun ekki máli.” (Matthías Jóhannesson, 2007) Eva í Djúpuvík segir að hún “hafi aldrei lært neitt í sambandi við ferðaþjónustu nema af reynslunni” og hún hefur áhyggjur af að menntun kosti fyrirtækin meira.” Með aukinni menntun er krafist hærri launa sem fyrirtækin hafa svo kannski ekki efni á að borga” (Eva Sigurbjörnsdóttir, 2006) Hér koma fram athyglisverð viðhorf annars vegar að ekki sé hægt að kenna

þjónustulund og þar hafi menntun lítið að segja og hins vegar að menntun sé of dýr fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu. Viðhorf Arnars og Matthíasar stangast á við það sem komið hefur í ljós í könnunum, að fyrirtæki sem þekkt eru fyrir að veita góða þjónustu, eru oftast með þjónustustaðla til að leiðbeina starfsmönnum og að menntun og fræðsla leiðir til betri og jafnari þjónustu. (Jónína Guðmundsdóttir, 2002, Margrét Reynisdóttir, 2006) Viðhorf Evu endurspeglar að einhverju leyti viðhorf stjórnenda í fyrrnefndri þarfagreiningu sem töldu að ekki borgaði sig að fjárfesta í menntun starfsmanna það yki líkur á að fólk hætti þar sem það yrði samkeppnishæfara á vinnumarkaði og vildi fá hærri laun. Í annan stað er viðhorf Evu gagnvart menntun á skjön við þá staðreynd að sífellt fleiri stjórnendur telja að menntun starfsfólks sé forsenda þess að fyrirtæki lifi af í síharðnandi samkeppni og vel menntað starfsfólk skapi meiri verðmæti með minni aðföngum. (Ingi Bogi Bogason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2004) Matthíasi er þó á því að ýmislegt megi kenna fólk og það vanti ekki bara upp á menntun á sumum sviðum heldur skorti ákveðna menningu sem sé nauðsynleg til að ákveðin grunnþekking sé til staðar. “Það hefur aldrei verið á Ströndum alvöru hótélrekstur og fólk á svæðinu þekkir þennan bransa svo lítið. Miðað við t.d. á Höfn á Hornarfirði þar sem ég hef rekið hótél líka þá er þar löng hefð fyrir hótélrekstri og fólk þekkir til greinarinnar. En það sem vantar hér er til dæmis almenn þekking á því að fara út að borða, það vantar þessa út að borða menningu, þar fær fólk almenna þekkingu og fær tilfinningu fyrir hvernig þetta virkar. Þannig að þegar ég fæ fólk héðan til að vinna hjá mér þá er þetta oft ansi snúið að þurfa að kenna því allt, hvernig á að leggja á borð, gaffallinn vinstra megin o.s.fr. Einnig vantar mikið upp á tungumálakunnáttu á svæðinu það er ekki margir sem tala ensku og enn færri sem tala fleiri en eitt tungumál. Þannig að það vantar menntun á þessu sviði en mest finnst mér samt vanta upp á þessi menning sé til staðar.” (Matthías Jóhannesson, 2007) Dorethee segir menntun vera misjafna en er ánægð með unga fólk og þáttöku fólks í hinum ýmsu verkefnum sem boðið hefur verið upp á. “Unga fólk sem er að byrja er oftast metnaðarfullt. Það er meira um að einstaklingar sækja námskeið á Hólum og á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Einnig hafa margir tekið þátt í þróunarverkefnum eins og “Nature Based Tourism” og “Hagvöxt á heimaslóð”. Þetta hefur allt áhrif og er að skila sér.” (Dorethee Lubecke, 2007) Viktoría segir að menntun starfsfólks í ferðaþjónustu sé ábótavant og á þjónustunámskeið sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hafi staðið fyrir hafi mætt tuttugu manns og þegar fólk kom hafi hún

fengið hálfgerð sjökk “það voru tveir yfir tvítugt, annars yfirleitt börn ferðþjónustuaðilanna sem er gott og blessað en það fann enginn ferðþjónustuaðili þörf hjá sér til að koma sjálfur og bæta úr hjá sér og læra eitthvað nýtt og þarna sat unga fólkið og var mest í því að senda smá skilaboð í símanum og mér fannst lítill árangur af þessu framtaki okkar.” (Viktoría Ólafsdóttir, 2007) Arnlín er sammála Viktoríu varðandi skort á menntuðu starfsfólk og segir jafnframt að það standi ferðþjónustunni á svæðinu helst fyrir þrifum. “Ferðþjónustan er frumstæð á Ströndum, enginn fagmaður vinnur við hana, kokkar, þjónar, ferðamálafræðingar, eða fólk menntað í stjórnun og rekstri og er það helsti akkillesarhæll okkar hér.” (Arnlín Óladóttir, 2007)

## 5.9. Gæði ferðþjónustu

Á Ferðamálaráðstefnu Íslands árið 2006 var meginþema ráðstefnunnar gæði í ferðþjónustu. Þar kom fram að gæði eru ein af þremur meginstöðum ferðþjónustunnar, á þau beri að leggja aðaláherslu og það eru gæðin sem íslensk ferðþjónusta er í samkeppni um. (Guðrún Helgadóttir, 2006) Á ráðstefnunni voru birtar niðurstöður úr gæðakönnun á meðal innlendra og erlendra ferðamanna en slíkar viðhorfskannanir hafa verið unnar reglulega á vegum Ferðamálastofu Íslands og SAF (Samtök ferðþjónustunnar) frá árinu 1996. (Rögnvaldur Guðmundsson, 2006) Niðurstöður kannananna sýndu m.a að íslenskir ferðamenn gáfu þeim ferðþjónustubáttum sem lagðir voru til grundvallar í könnuninni að verðlagningu undanskilinni að jafnaði 6.6. í einkunn þar sem 10 var hæsta einkunn og 1 lægsta. 6.6. í einkunn þykir ekki ásættanlegt og hæsta einkunn sem var 6.9 fyrir afþreyingu er einungis miðlungsárangur. Verst er þó útkoman í verðlagningu þar sem útkoman var 4.8. Annað sem vakti athygli að hátt hlutfall íslenskra gesta taldi að þjónusta væri verri hér á landi en erlendis. (Capacent Gallup, 2006, Guðrún Helgadóttir, 2006) Hvað varðar erlenda ferðamenn þá töldu 36% þeirra gæði íslenskrar ferðþjónustu betri en þeir höfðu búist við, 58% töldu þau svipuð og 6% töldu gæðin lakari en þau höfðu vænst. Þó einkunnin sé nokkuð góð hjá erlendum ferðamönnum þá er þróunin ekki í rétta átt þar sem gæði miðað við væntingar hafa versnað frá árinu 1996. (Rögnvaldur Guðmundsson, 2006) Það er áhyggjuefni fyrir innlenda ferðþjónustu að íslenskir ferðamenn skuli ekki vera ánægðari en raun ber vitni og var því velt upp á fyrnefndri ferðamálaráðstefnu 2006 hvort hugsanleg skýring væri sú að gert væri betur við erlenda gesti en innlenda. (Guðrún Helgadóttir, 2006) En þetta viðhorf íslenskra

ferðamanna er eitthvað sem ferðapjónustuaðilar á landsbyggðinni ættu að hafa sérstakar áhyggjur af þar sem Íslendingar eru í flestum tilfellum stærsti viðskiptahópurinn í dreifbýlinu og því mikilvægt að þeir séu ánægðir með viðtökur og þjónustu, auglýsi staðinn að lokinni dvöl og hafi hug og vilja til koma aftur. Viðmælendur voru inntir eftir skoðunum þeirra á gæðum í ferðapjónustu á Ströndum

## **5. 10 Hvernig er gæðamálum í ferðapjónustu á Ströndum háttað?**

Viðmælendur voru flestir sammála um að yfirleitt væru ferðamenn ánægðir með þjónustu og gæði varðandi þá þætti sem sneru að ferðapjónustaðilunum sjálfum. Jón segir að þó að það sé misbrestur á gæðunum og á því þurfi að taka “ það vantar festu í gæðin að það sé alltaf allt á a.m.k. einhverjum lágmarksstaðli. Sumir fá höfðingalegar móttökur og næsti hittir illa á. Slæmu dagarnir eru alltaf slæmir það þyrfti að hækka botninn.” (Jón Jónsson, 2006) Arnar tekur í svipaðan streng og segir “ég held að gæðin séu yfir höfuð góð, fólk fær persónulega þjónustu og er ánægt með það en svo er náttúrulega ég veit ekki hvað ég á að kalla það ég held ég megi kalla það atvik, stundum klikkar eitthvað og svo eru náttúrulega ákveðnir aðilar hérna sem eru ekki að standa sig nægilega vel og þeir náttúrulega skemma fyrir öllum hinum. Sá sem kemur óánægður frá einum stað er kannski ekki mikið fyrir að gefa hinum staðnum séns ef einhver er óánægður með sundlauginu á Hólmavík þá er hann ekkert til í að keyra út á Dranganes til að prufa sundlauginu þar, ég held ekki. En ég held að yfirleitt séu gæðin góð það vantar náttúrulega þessa gæðagistingu og það stendur svæðinu fyrir þrifum” (Arnar Jónsson, 2007) Arnar nefnir þarna atriði sem kom fram hjá fleirum viðmælendum og það var skortur á gæðagistingu á svæðinu og voru margir viðmælenda á því að þetta væri farið að há svæðinu verulega. Þessi skortur á gistingu útilokaði ákveðin hóp fólks sem vill upplifa Strandir, náttúruna, njóta útiveru og þeirrar afþreyingar sem býðst en gerir þá kröfu að gisting, þjónusta og allur aðbúnaður sé í háum gæðaflokki. Þetta styður við það sem Arnlínu finnst um þessi mál. “Hins vegar er enn gert út á sjarmann við frumstæða og vingjarnlega gestrisni sveitamannsins sem bætir að einhverju upp fyrir skort á fagmennsku. Þetta gengur samt ekki til framtíðar, því að til dæmis þori ég sjálf ekki alltaf að treysta ferðapjónum fyrir mínum gestum og skemmst er þess að minnast að forseti Íslands kom hingað í opinbera

heimsókn og taldi “nefndin” að ekkert fyrirtæki á Ströndum gæti hýst eða fóðrað stórmennið” (Arnlín Óladóttir, 2007)

Mikil óánægja er að sögn viðmælenda hjá ferðamönnum með hluti eins og vegina, opnunartíma verslana og vöruúrvali í verslunum. “Mjög mikið kvartað undan vegunum og hefur fólk allt á hornum sér, mikið kvartað undan opnunartíma á verslunum og að söfnin og veitingastaðir loki of snemma á haustin, þeir staðir sem eru bara með sumaropnun. Fólk kvartar undan því að ekki sé hægt að fá nauðsynjarvöru eins og brauð og mjólk á sunnudögum og ekki nema tvær til þrjár klukkustundir á laugardögum.” (Jón Jónsson, 2006) “Búðin er bara opin á laugardögum ekki á sunnudögum og það er engin sjoppa þannig að fólk hefur ekki getað nálgast neinar matvörur þá” (Ásbjörn Magnússon, 2007) “Það er eitt það helsta að ég hafi heyrt óánægjuraddir með sjoppuna og vöruúrvalið í búðinni. (Ásdís Leifsdóttir, 2007)

## 5.11 Samvinna

Samvinna meðal ferðapjónustuaðila á svæðum á landsbyggðinni hefur verið að aukast á undanförunum árum og hafa aðilar gert sér grein fyrir því að til að ferðapjónustan megi vaxa og dafna á einstökum landsvæðum þurfi ferðapjónustaðilar að vinna saman til að laða til sín ferðamenn. Samkeppnin liggur ekki á milli ferðapjónustaðila innan svæðis heldur er baráttan við ná ferðamanninum á svæðið og því sé samkeppnin fyrst og fremst við önnur svæði innanlands og utan. Samvinna skilar því brauðmolum á diskum flestra aðila á svæðinu þegar upp er staðið. (Áslaug Alfreðsdóttir, 2000)

## 5.12 Hversu mikilvæg er samvinna ferðapjónustaðila annars vegar innan Stranda og hins vegar við aðra hluti Vestfjarða?

Almennt voru viðmælendur á því að samvinna væri nauðsynleg hvort sem væri innan svæðisins eða við aðra hluta Vestfjarða. Mörgum fannst þó að mikið mætti bæta samvinnuna og að of mikill rígur væri á milli staða á Ströndum og eins á milli svæða á Vestfjörðum. Eva segir t.d. “Ég tel að samvinna sé mjög mikilvæg og samvinna við aðra hluta Vestfjarða hefur verið að batna en við eigum þó nokkuð í land ennþá” (Eva Sigurbjörnsdóttir, 2006) Viktoría talar um átök á milli svæða “Samvinna fólks á milli svæða hér hefur einkennst of mikið af rígi. Vestanmönnum finnst Strandamenn oft ómöglegir og sama segja Strandamenn um Vestanmenn og ég verð að segja að mér

finnst Strandamenn vera meira í þessu en þeir fyrir Vestan. (Viktoría Ólafsdóttir, 2007) Arnar tekur í svipaðan streng en segir jafnframt. “Svo finnst mér vanta krafinn, fullt af fólk er búið að vera lengi í þessu, lítil endurýjun, fólk er orðið útbrunnið og dauðþreytt en er samt í þessu ennþá. Oft eru þetta sömu aðilarnir sem eru að halda utan um öll möguleg verkefni og fá ekkert fyrir það og svo kannski daga þessi verkefni uppi. Til að eitthvað gerist verður að verða endunýjun á fólki” (Arnar Jónsson, 2007) Arnar bendir einnig á að ráðning ferðmálafulltrúa gæti breytt þessu að einhverju leyti, hann gæti unnið í verkefnum fyrir heildina sem aðilar í ferðaþjónustu eru í dag að vinna ólaunað. Ásbjörn Magnússon á Drangnesi er frekar nýr í “bransanum” segir að hann haldi að það hljóti allir að vera búnir að gera sér grein fyrir því að það sem gildir sé samvinnan og að hver vísi á annan, það vindi upp á sig og fleiri koma, síðan segir Ásbjörn: “Mér finnst þetta allt vera ágætis fólk ég get ekki séð annað, en ég er ekki besti maðurinn til að hafa samband við fólk” (Ásbjörn Magnússon, 2007)

### **5.13. Markaðssetning og markaðsmál**

Í harðri samkeppni nútímans, hafa fyrirtæki ekki kost á öðru en að vera samkeppnishæf. Að skapa sér samkeppnisyfirburði er því nauðsynlegt fyrir fyrirtæki sem vilja ná árangri á markaði. Fyrirtæki í dag þurfa ekki aðeins að skilja viðskiptavininn og bregðast við hans kröfum, heldur einnig að átta sig á styrkleikum og veikleikum samkeppnisaðila. Þau þurfa að bera sig saman við samkeppnisaðila með tilliti til vara, verðs, dreifileiða og kynningarstarfs og reyna að gera betur á einum eða fleiri vettvangi (Kotler, 2001)

Mikið var rætt um markaðssetningu og markaðsmál og voru ferðaþjónustaðilar beðnir að segja frá skoðun sinni á mikilvægi markaðssetningar og hvernig þeim málum er fyrirkomið hjá þeim.

### **5.14. Hversu mikilvæg er markaðssetning og hvernig er þeim málum háttað hjá ferðaþjónustaðilum á Ströndum.**

Arnar segir að Sauðfjársetrið hafi hingað til lagt höfuðáherslu á heimamenn í sinni markaðssetningu og auglýst “eingöngu innan sveitar með dreifimiðum, plakötum og fréttabréfum nokkrum sinnum á ári. Þetta er eingöngu markaðssetning á atburðum en ekki á safninu sjálfu, þetta er allt mjög svæðisbundið” (Arnar Jónsson, 2007) Eva í Djúpuvík segir að þau leggi aðal áherslu á útgáfu bæklinga sem dreift er eins víða og

hægt er “Við erum enn fremur með heimasíðu sem akkúrat núna er í endurnýjun. Við auglýsum ekki mjög mikið þar sem ekki eru til peningar í slíkt, en við reynum þó oftast að vera með styrktarlínur í hinum og þessum ritum, sérstaklega ef málefnið er gott. Við tókum líka alltaf þátt í Perlan-Vestfirðir og öðrum slíkum kynningum sem við teljum að muni gagnast okkur” (Eva Sigurbjörnsdóttir, 2006). Ásbjörn á Drangnesi segist vera “slappur í markaðssetningu því ég veit að hún er alveg nauðsynleg en ég geri mér grein fyrir því að það er alls ekki sama hvernig það er gert og hvar það gert og ég verð að vinna meira í þeim málum. Ég var bara með bækling í fyrra sem ég dreifði um svæðið hér og suður í Borgarnes, sumir sögðu að ég hefði átt að senda hann á Seyðisfjörð þar sem ferjan kemur í gang og svo auglýsti ég hér á upplýsingamiðstöðinni á Hólmarvík og hengdi upp platköt hér og þar. Ég hef ekki verið með heimasíðu en stefni að því og svo var ég í samstarfi við Vesturferðir á Ísafirði en það kom ekki einn einasti farþegi frá þeim þó þau sögðust hafa auglýst okkur mikið. En ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fara á netið. (Ásbjörn Magnússon, 2007). Jón á Kirkjubóli segir að þau telji raunhæft að auglýsa fyrir um 7% af heildartekjum og þau markaðssetji á netinu og í bæklingi Ferðþjónustu bænda síðan bætir hann við “En við vitum ekki alveg hvað við eigum að gera í sambandi við þessar auglýsingar því okkur vantar ekki meira að gera um hásumarið og flestar þessar auglýsingar virka náttúrulega best um hásumarið. Mín skoðun er sú að það hafi ekki verið nein sérstök áhersla verið hjá þeim opinberu aðilum sem markaðssetja Ísland að dreifa ferðamönnum til landsins utan háannatíma. Það er samt töluverð lenging hér, það hefur orðið aukning á ferðamönnum hér í maí og september sl. tíu ár, það er gjörbreyting. Þetta er náttúrulega samspil á milli ferðamannana og svæðisins. Hluti af því sem er í boði hér yfir hásumarið er ekki í boði yfir veturinn og erfiðara að búa til einhverja pakka/hópferðir. En þegar fólk er að skemmta sér vil það geta valið um t.d. á milli tveggja staða að borða á o.s.fr. en það er engin önnur veitingasala í boði á svæðinu á veturna nema sjoppa á Hólmarvík”. (Jón Jónsson, 2006) Matthías á Laugarhóli gefur ekki mikið fyrir hefðbundnar markaðsaðferðir, finnst þær dýrar en hefur mikla trú á persónulegum samböndum og óbeinum auglýsingum í fjölmiðlum “Ég er búinn að vera svo lengi í þessum bransa og þekki svo marga og hef sambönd út. Ég auglýsi ekki mikið, það er dýrt og þú þarft að auka söluna mikið til að vera viss um að auglýsingin borgi sig. T.d. ef þú ætlar að auglýsa fyrir 50.000 þá þarftu að auka söluna um milljón. Ég hef frekar reynt að auglýsa mig á annan hátt í gegnum fjölmiðla. 2005 kom hérna



klámstjarna frá Penthouse og ég kom því í kring að það er talað um þetta og þetta gefur af sér. Það eru kannski 10 Íslendingar sem segja við mig “Hvar var aftur heiti potturinn sem klámstjarnan baðaði sig í“ og það þýðir það að það eru örugglega 100 sem hafa komið á svæðið og sagt ekki neitt. Síðan í fyrra þá notaði ég tækifærið þá hringdi maður og ætlaði að fara smá túr um landið á flugvél og vildi stoppa hjá mér og fá kvöldmat og spurði hvað ég ætti í kvöldmat, ég sagðist eiga kryddlegnar gellur og hann kom með gesti sína. Ég kom þessu í fjölmiðla að fólk væri að fljúga til mín til að fá kryddegnar gellur. Þetta er mjög góð auglýsing og virkar miklu betur en 50.000 auglýsing í einhverju blaði”. (Matthías Jóhannesson, 2007) Sigurður á Galdrasafninu er sama sinnis og Matthías varðandi áhrifamátt óbeinna auglýsinga og umfjöllunar í fjölmiðlum og segir að þó þeir auglýsi “innanlands í hefbundnum ferðablöðum og hafi líka svolítið keypt í ferðablöðum erlendis þá er það sem ég held að hafi skilað mestum árangri innanlands er þessi kátína og gleði og þessi bjartsýni. Þó þetta sé andskotanum erfiðara að öllu leyti og maður sé hérna í svartnætti árið um kring yfir ástandinu þá látum við það aldrei koma fram út á við. Hér er bara allt í sóma og við notum öll tækifæri til að komast að í fjölmiðlum með allskyns skringileg fyrirbæri sem fjölmiðlar vilja gjarnan taka upp. Síðan höfum við fengið viðurkenningar sem ég held að skipti mjög miklu máli í markaðssetningu eins og við fengum viðurkenningu á Degi Íslenskrar tungu það skiptir mjög miklu máli”. (Sigurður Atlason, 2007) Viktoría atvinnufulltrúi segir að það sé “lítil markviss markaðssetning í gangi núna en þegar búið verður að gera markhópagreiningu þá t.d. vera með lítið þjónustuborð í Leifsstöð sem tilraun. Svo þarf að búa til pakka sem ferðaskrifstofunum er boðið upp á það hafa aldrei verið til svona pakkar um svæðið ákveðnir staðir heimsóttir og gist á og ákveðin afþreying í boði. Við verðum að reyna að ná þessum erlendu aðilum inn ég held að það sé númer 1,2, 3”. (Viktoría Ólafsdóttir, 2007)

## 6. Umfjöllun

### 6.1 Staða Ferðapjónustunnar á Ströndum


Það kemur ýmislegt athyglisvert fram þegar spurt var um stöðu ferðapjónustunnar á Ströndum. Hjá viðmælendum kom fram ánægja sem snýr að aukningu ferðamanna á svæðinu, gestrisni og sjarma, auknum afþreyingarmöguleikum og mikil ánægja með fyrirtækið Strandagaldur sem utanaðkomandi eins og Dorothee sjá sem mikla vítamínsprautu inn í samfélagið. Það kemur fram að viðhorf heimamanna til ferðapjónustu hefur breyst er, orðið jákvæðara sem er athyglisvert í ljósi þess sem Jón segir að menn sjái kannski ekki framtíð í neinu öðru, eru menn þá neyddir til að vera ánægðir með ferðapjónustuna eða er ferðapjónustan í ljósi aukinnar áherslu á greinina af stjórnvöldum (Byggðastofnun, 2004) að stimpla sig inn sem “alvöru atvinnugrein” sem taka skal alvarlega? Vantar fagmennsku er eitt af því sem nefnt er sem neikvæður þáttur í stöðu ferðapjónustunnar í dag og er samhljóma því sem komið hefur fram í fjölmörgum skýrslum og niðurstöðum nefnda. (Ferðamálastofa Íslands, 2000)

Viðmælendum finnst lítil endurnýjun vera af fólki í ferðapjónustu sem gæti helgast af fámenni svæðins og hefur verið nefnt sem einn af veikleikum Stranda. (Ferðamálastofa Íslands, 2008) Óánægja er með samgöngur á svæðinu sem kemur ekki á óvart þar sem varla finnst plagg um Vestfirði þar sem ekki er minnst á slæmar samgöngur og hættulega vegi. (Byggðastofnun Íslands, 2004, Iðnaðar- og Viðskiptaráðuneyti Íslands, 2005) Lélegt aðengi að jaðarsvæðum getur hamlað þróun ferðapjónustu á slíkum svæðum og því getur sú von sem bundin er við uppgang ferðapjónustu á Ströndum farið fyrir lítið ef ekki er hugað að úrbótum er varðar samgöngur. (Douglas G. Pearce, 2001) Viktoría talar um að lítil markaðssetning erlendis sé ein höfuð ástæða þess að minnsta hlutfall erlendra gesta sem komi til landsins fari á Strandir. Strandir hafa þó aukið verulega við sig í fjölda gistinóttu eða um 30% árunum 2002 til 2007 sem er 6% að meðaltali á ári. Á sama tíma hafa innlendar gistinætur staðið í stað en erlendum fjölgað um 149%. (Ásgerður Þorleifsdóttir, 2008) Skráðar gistinætur á Ströndum voru árið 2007 rúmlega 12.700 miðað við ríflega 9800 árið 2002.

**Tafla 2 Skráðar gistinætur á Ströndum árin 2002 - 2007**

	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Suðursvæði	16.793	19.660	18.302	17.098	19.007	21.397
+/-		17%	-7%	-7%	11%	13%
Norðursvæði	27.912	36.399	36.376	36.649	37.498	44.752
+/-		30%	0%	1%	2%	19%
Strandir	9.812	11.303	11.963	12.093	12.859	12.719
+/-		15%	6%	1%	6%	-1%

(Ásgerður Þorleifsdóttir, 2008)




(Ásgerður Þorleifsdóttir, 2008)


**Mynd 2 Þróun í fjölda gistinguáttá.**

Þrátt fyrir þessa aukningu gistinguáttá eru gestakomur til Vestfjarða aðeins 3% af heildargestakomum á landinu en árið 2007 voru 28.666 innlendar gestakomur til Vestfjarða en 18.321 erlendar. (Ásgerður Þorleifsdóttir, 2008) 16% af þeim ferðamönnum sem koma á Vestfirði skila sér á Strandir og eru Íslendingar yfir 60% af þeim hópi.

### Hlutfall gistinátta eftir svæðum



Mynd 3 Hlutfall gistinátta



(Ásgerður Þorleifsdóttir, 2008)

Mynd 4 Skipting gistinátta 2007.

Það margt sem lá viðmælendum á hjarta varðandi stöðu ferðaþjónustunnar á Ströndum, fólk fór á flug í umræðunni og það náðist fram það sem höfundur verkefnisins var að leita eftir, yfirlit yfir það sem liggur fólki á hjarta og velti upp þáttum sem hægt var að fjalla um nánar.

## 6.2 Sérstaða Stranda

Viðmælendur voru samála um að stórbrotið landslag og einstök náttúruvegurð væri ein helsta sérstaða Stranda. Eins og Viktoría bendir á og kannanir sýna (Oddný Þóra Óladóttir 2005) þá kemur meirihluti erlendra ferðamanna til Íslands gagnert til að skoða náttúru landsins. Íslendingar aðhyllast líka í æ ríkari mæli hvers kyns

náttúruskoðun og útivist og hafa sífellt meiri áhuga á að ferðast meira um landið sitt og því tilvalið að beina sjónum sínum einnig á þann sístækkandi hóp (Ferðamálaráð Íslands, 2003) Í annan stað benda viðmælendur á að stórbrotið landslag sem þau telja eina helstu sérstöðu svæðisins og sé stórkostleg að þeirra mati geti virkað letjandi á ferðamenn að heimsækja Strandir. Svæðið sé í hugum margra ekkert öðruvísi en önnur jaðarsvæði og bjóði aðeins upp á vonda vegi og hráslagalega náttúru. Þarna er komið inn á málefni sem snýr að hugmyndum manna um jaðarsvæði og hvað þýðingu þau hafi fyrir ferðamenn. Ein skilgreiningin er sú að jaðarsvæði búi yfir mörgum þáttum sem dragi að ferðamenn, þar sé náttúrlegt umhverfi sem samanstandi af fögru landslagi, fáum íbúum sem veiti mótvægi við mannfjölda stórborganna og síðan séu jaðarsvæði að verða sífellt vinsælli staðir fyrir frístundabyggð (Bob McKercher and Canace Fu, 2006) Huglægt mat fólks á ákveðnum stöðum er gjarnan byggt á fréttum úr fjölmiðlum eins og Ásdís nefnir og erfitt getur verið að breyta því mati í þá átt að þessir staðir séu eftirsóknarverðir til ferðalaga. Vestfirðir voru oftast nefndir sem mest spennandi landssvæði í könnun sem gerð var á meðal Íslendinga um ferðaáform þeirra sumarið 2009 og þar af nefna flestir Strandir sem mest spennandi stað innan Vestfjarða. (Anný Berglind Thorstensen & Ólafur Þór Gylfason, 2009)

Náttúran er þó ekki það eina sem skapar sérstöðu Stranda að mati viðmælenda og talar Dorothee í því sambandi um þau miklu verðmæti sem felast í fólkinu sem býr á staðnum og hefur getið af sér staði eins og Galdrasafnið á Hólmavík. Mannauðurinn er sjaldan ofmetinn og síst á svæðum eins og Ströndum þar sem hver íbúi vegur mikið og getur skipt sköpum að fólk með djarfar hugmyndir hafi kjark og þor til að koma þeim í framkvæmd. Í kaflanum um skilgreiningu jaðarsvæða kemur fram að félagsleg einkenni samfélaga á jaðarsvæðum einkennast af fólki sem mjög samheldið og með mikla tilfinningu fyrir staðnum. (Bob Mc Kercher and Candace Fu, 2005) Sú mikla gróska sem er í menningartengdri ferðaþjónustu á Ströndum er í takt við þessa skilgreiningu þar sem aðilar sem standa að baki þeim fyrirtækjum sem eru í fararbroddi á því sviði bera mikla virðingu fyrir sögu staðarins og hafa lagt mikinn metnað í uppsetningu og umgjörð fyrirtækjana. (Ferðamálastofa Íslands, 2007) Ferðamálaráð Íslands hefur um langt árabil lagt mikla áherslu á náttúru Íslands í sinni markaðssetningu. (Bjarni Reynisson 2006) Á síðustu árum hefur Ferðamálaráð lagt aukna áherslu á fleiri þætti í kynningum sínum á landinu og hefur hlutur

menningartengdrar afþreyingar orðið æ viðameiri enda fjölgar þeim ferðamönnum sem vilja upplifa menningu landsins. (Samgönguráðuneytið, 2003)

Sá áhugi á svæðinu sem kemur í ljós í fyrrnefndri könnun um ferðaáform Íslendinga sumarið 2009 (Anný Berglind Thorstensen og Ólafur Þór Gylfason, 2009) ætti að gefa vísbendingu um að mat fólks á Ströndum sé á þá vegu sem ferðaþjónustuaðilar á svæðinu vilja sjá og vísbendingu um að þróun mála á svæðinu sé í rétta átt.

### 6.3 Samgöngur

Með veglagningu um Arnkötludal er ekki aðeins stytta á Strandir frá höfuðborgarsvæðinu heldur opnast einnig möguleikar á að auka vægi tenginga frá Ströndum inn á Hornstrandasvæðið, auknu samstarfi við íbúa Reykhólahrepps og nýjum hringvegi um Vestfirði (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2004) Vegir innan svæðisins eru þó enn slæmir eins og Arnar bendir á og gæti leitt til þess að hugsanlega mun áhrifa frá vegagerðinni gæta mest á afmörkuðum svæðum en aðrir hlutar Stranda ekki njóta afrakstursins í eins miklum mæli. Arnar hefur mesta trú á að nýr vegur komi ferðaþjónustunni best í Hólmavík, þar séu tækifærin. Bent var á hér að framan í kaflanum um ferðaþjónustu á Ströndum að tilfinnalega vantaði gistimöguleika á Hólmavík og fátt er um veitingasölu á staðnum. Uppbygging gistiaðstöðu, fleiri veitingastaðir og fjölbreyttari afþreying er því forsenda þess ferðaþjónustan geti nýtt sér þau tækifæri sem felast í þessari samgöngubót sérstaklega utan háannar þegar veðráttu býður ekki upp á nýtingu tjaldsvæða á staðnum. Styttri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu gæti líka orðið til þess að Strandir yrði vænlegri kostur til búsetu og dregið að fleira fólk sem getur hugsað sér að búa á landsbyggðinni en vill hafa þá þjónustu sem höfuborgin býður upp á í seilingarfjarlægð. Áður hefur verið talað um að fámenni svæðisins sé einn af veikleikum þess (Ferðamálastofa Íslands, 2008) og standi í vegi fyrir nauðsynlegri endurnýjun í ferðaþjónustu. Með tilkomu nýrra íbúa er gæti orðið sú nauðsynlega endurnýjun sem þarf á svæðið og betur sjá augu en auga er máltæki sem á við í þessu samhengi og nýir íbúar með aðra sýn á hlutina gætu virkað eins og vítamínssprautu fyrir ferðaþjónstu á Ströndum.

Tíminn er dýrmætur og hafa samgöngur og fjarlægðir mikil áhrif á hvert og hvernig fólk ferðast. Sú landfræðilega staðreynd að svæði sem er langt frá kjarna eða miðju fólksfjöldans getur verið skilgreint jaðarsvæði vegna þeirrar fjarlægðar eða vegna skynjunnar fólks á svæðinu. (Nash and Martin, 2003) Með auknu aðgengi fólks á

Strandir með veginum yfir Arnkötludal er hægt að velta fyrir sér hvort ímynd Stranda sem jaðarsvæðis sé í hættu eða hvort huglægt mat fólks um Strandir sem jaðarsvæðis sé svo sterkt að þessi nýja samgöngubót vegi lítið í að breyta ímynd Stranda sem jaðarsvæðis.

## 6.4 Menntun í ferðaþjónustu

Skoðanir viðmælenda eru allt frá því að finnast menntun skipti alls ekki miklu máli yfir í það að skortur á menntuðu starfsfólki sé mikill dragbítur á ferðaþjónustu á Ströndum. Það er ekki gott að segja af hverju skoðanir manna á þessum málaflökki eru svo misjafnar en leiða má líkum að því að menntun viðmælenda gæti haft þar afgerandi áhrif. Jónína Guðmundsdóttir gerði rannsókn sem sneri að stjórnun íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja og ein af niðurstöðum þeirrar rannsóknar var að bein tengsl væru á milli aukinnar menntunnar stjórnenda fyrirtækjanna og jákvæðs viðhorfs til menntunnar. (Jónína Guðmundsdóttir, 2002) Í ferðamálaáætlun sem gerð var á vegum Samgönguráðuneytisins fyrir tímabilið 2006 til 2015 er eitt af meginmarkmiðunum að tryggja samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar til að stuðla að hámarksafrakstri í greininni og ein leiðin til að ná því markmiði er auka menntun í ferðaþjónustu. (Samgönguráðuneytið, 2005) Helstu áhrifaþættir í ferðaþjónustu á næstu árum eru reyndari og sjálfstæðari ferðamenn frá fleiri markaðssvæðum en áður með nýtt gildismat og breyttan lífstíl og mikill þrýstingur mun verða á fyrirtæki í sambandi við neytendamál og umhverfisvernd. Tækniþróun mun líka hafa mikil áhrif á hvernig framtíðin verður í tengslum við markaðssetningu og sölu. Því er það mikilvægt að stjórnvöld, fyrirtæki í ferðaþjónustu ásamt fleiri hagsmunaaðilum komi á markvissum aðgerðum til að styrkja stöðir greinarinnar á sviði fræðslu og menntunnar til auka hæfni starfsfólks í ferðaþjónustu. (Rannsóknir og ráðgjöf, 2005) Miðað við þær áherslur sem ferðamálayfirvöld leggja á gildi menntunnar þá má segja að ferðaþjónustuaðilar á Ströndum dansi ekki alveg í takt við þá stefnu. Menntun og fræðsla starfsfólks er ekki eitt af því sem virðist vera á forgangslista hjá þeim sem reka ferðaþjónustu og gæti hamlað vaxtarmögumöguleikum greinarinnar á svæðinu. Það er því mikilvægt að mörkuð verði stefna heima í héraði til að ýta undir og hvetja ferðaþjónustuaðila til að efla menntunar- og fræðsluþáttinn til að standast samkeppni bæði á lands- og ekki síður alþjóðavísu því eins og fram kemur hér að ofan verða

ferðamenn sífelld kröfuharðari og meðvitaðri og vel menntað og hæft starfsfólk einn veigamesti þátturinn í velgengni fyrirtækja.

## 6.5 Gæði í Ferðapjónustu

Kröfur ferðamanna varðandi þjónustu á landsbyggðinni eru sífelld að aukast, fólk vill geta komist í verslanir alla daga og gengið að flestum þeim vörutegundum sem það er vant að hafa í stórverslunum í þéttbýlinu. (Elín Gróa Karlsdóttir, 2007) Kvartanir vegna samgangna er þekkt eins kom fram í kaflanum um samgöngur og í áðurnefndri könnun meðal innlendra ferðamanna fær vegakerfið á Íslandi í heildareinkunn 4.3 sem er afar slakt. (Capacent Gallup, 2006) Ferðþjónustuaðilar á Ströndum eru nokkuð sammála að ferðamenn séu upp til hópa ánægðir með þjónustuna á svæðinu og að hún sé persónuleg en jafnframt er bent á að það eitt og sér sé ekki næganlegt og komi niður á fagmennsku og gæðum þegar til lengri tíma er litið. Menn eru sér meðvitaðir um að það vantar festu og stöðuleika og það þurfi að fækka slæmu dögnum eða atvikunum þar sem “eitthvað klikkar” og nefna að það þurfi að vera einhver lágmarksstaðall. Ísland er dýrt land að ferðast um og hátt verð skapar meiri væntingar um gæði. Það ætti því að vera markmið fyrir ferðapjóna á Ströndum að staðla og skilgreina gæði til að hafa áhrif á væntingar og upplifuð gæði þar sem niðurstöður kannana bæði meðal erlendra og innlendra ferðamanna sýna að mikill meirihluti þeirra leitar sér upplýsinga um áfangastaðinn áður en haldið er af stað í ferðalag. (Capacent Gallup, 2007, Capacent Gallup, 2006)

## 6.6 Samvinna í ferðapjónustu

Ásbjörn á Drangnesi vill samvinnu og gerir sér grein fyrir að mikilvægi hennar en vill að “einhver annar” hafi samband. Þetta er í takt við það Arnar kvartar undan, það eru sömu aðilarnir sem taka af skarið en aðrir telja sig ekki vera þess megnugir að leiða samvinnu eða koma henni á. Áhyggjur Arnars vegna lítillar nýliðunnar í greininni, og hversu mikið mæðir á sama fólkinu eru vel skiljanlegar. Strandir eru fámennt byggðarlag, atvinnulíf einhæft og helsta nýsköpun á svæðinu hefur verið í ferðapjónustu á undanförunum árum samanber t.d. Galdrasýningin á Hólmavík, Minja- og handverkshúsið Kört í Norðurfirði, Ferðþjónustunni að Kirkjubóli og Sundhani á Drangnesi. Það er þó þannig baki þessum nýju fyrirtækjum stendur fólk sem hefur unnið við ferðapjónustu lengi á einn eða annan hátt og því ekki um eiginlega nýliðun í



greininni að ræða. Mikið af sameiginlegum verkefnum sem unnin eru í sjálfbóðaliðastarfi s.s. eins og undirbúningur fyrir þátttöku í ferðasýningum, ráðstefnum og öðrum uppkomum lendir á sama fólkinu og eðlilega kemur þreyta og uppgjöf í mannskapinn.

Í niðurstöðum úr vinnu ferðaþjónustufólks og annara hagsmunaaðila í skýrslunni, Arnkatla 2008, stefnumótun fyrir Strandir og Reykhólasveit fyrir árin 2008 – til 2012 eru helstu áherslur varðandi framtíðarsýn svæðisins lagðar fram og til að ná þeim markmiðum sem þar eru sett er fram og bent er á til að ná þeim árangri sem að er stefnt gæti samvinna verið töfraorðið. Samvinna og samstarf er lykill að áframhaldandi vexti ferðaþjónustu á Ströndum til nýta þau fjölmörgu tækifæri sem til staðar eru á svæðinu (Arnkátla, 2008)

## **6.7 Markaðssetning í ferðaþjónustu á Ströndum.**

Viðmælendur nefna mikilvægi markaðssetningar en virðast ekki þekkja nægilega vel leiðir eða vita hvernig, hvar og hvenær sé best að auglýsa og lítið sem ekkert er um að ferðaþjónar á Ströndum nýti sér þjónustu fagaðila þegar kemur að markaðssmálum. Jón segir að svo virðist sem að opinberir aðilar sem auglýsi Ísland leggi litla áherslu á að dreifa ferðamönnum um landið utan háannar. Í skýrslu um svæðisbundna markaðssetningu er mat viðmælenda að landkynning öll sé mjög óskipulögð og ómarkviss og þar finnst mönnum vanta skýrari og ákveðnari línur í framsetningu við aðdráttarafla sem er eitthvað meira en bara náttúra. (Edward H. Hujbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2008) Við gerð stefnumótunnar í ferðamálum árið 1996 má sjá að eitt af höfuðmarkmiðunum er að “markaðsrannsókn verði aukin og stefnt að jafnari dreifingu ferðamanna yfir árið og um landið”. (Samgönguráðuneytið, 1996) Þegar farið var yfir sviðið og árangur skoðaður við gerð ferðamálaáætlunnar 2006-2015 kom í ljós að vel hafi tekist til við dreifa komum ferðamanna til landsins en ekki eins vel tekist til við að dreifa þeim um landið. (Samgönguráðuneytið, 2005) Viktoría bendir á að nauðsynlegt sé að fjölga komum erlendum ferðamanna inn á svæði með markaðsátaki en að sama skapi bendir Jón á það sé nóg að gera á sumrin og nauðsynlega þjónustu vanti á veturnum til að hægt sé að markaðssetja fyrir hópa. Viðmælendur hafa þó ekki allir mikla trú á beinni markaðssetningu en segja að jákvæð umfjöllun og umtal sé besta markaðssetningin spari mikla peninga og skili meira. Þær viðurkenningar sem aðilar á Ströndum hafa fengið vekja athygli og forvitni

ferðamanna og það laðar að. Fagleg markaðssetning er dýr en mikilvæg í bland við óbeinar auglýsingar, því eins og komið hefur fram verða fyrirtæki að átta sig á styrkleikum sínum og veikleikum til að geta skilið viðskiptavininn og brugðist við hans kröfum (Kotler, 2001)

Eins og bent hefur verið á hefur erlendum ferðamönnum hefur verið að fjölga á svæðinu á síðustu árum en dregið hefur úr komum innlendra ferðamanna að samaskapi og enn er staðan þannig að hlutfall komu ferðamanna á landsvísu er lægst á Ströndum. (Áslaug Þorleifsdóttir, 2008) Leggja þarf aukna áherslu á markaðssetningu og markaðssmál í víðara samhengi eins og bent hefur verið á. Þjóða þarf upp á fjölbreyttari gistingu og samhlíða því að auka gistingu og aðra þjónustu til að hægt sé fjölga ferðamönnum á svæðinu á háannatíma og auka möguleika til markaðssóknar yfir veturinn

## 7. Ályktun

Fram hefur komið að á jaðarsvæðum þar sem hefðbundar atvinnugreinar standa höllum fæti og atvinnutækifærum hefur fækkað að miklar vonir eru bundar við ferðaþjónustu. (Nash and Martin, 2003) Einnig hefur verið bent á að margir sjá ferðaþjónustuna sem einu raunhæfu atvinnugreinina sem haldið getur slíkum svæðum í byggð og tryggt lágmarksþjónustu. (Byggðastofnun Íslands, 2004) Á Ströndum sem falla vel að skilgreiningum og hugmyndum manna um jaðarsvæði (Byggðastofnun Íslands, 1997) hefur ferðaþjónustan vaxið mikið á undanförunum árum og fest sig í sessi sem mikilvæg atvinnugrein sem eykur fjölbreytileika í atvinnu- og mannlífi og sérstaka athygli hefur gróska í menningartengdri ferðaþjónustu vakið. Gistinóttum á svæðinu hefur fjölgað um 30% á árunum 2002 til 2007 sem gerir um 6% að meðaltali á ári, en betur má ef duga skal því enn eru gestakomur á Ströndum þær fæstu á landssvísu. (Ásgerður Þorleifsdóttir, 2008)

Íbúum Stranda hefur fækkað um 200 á undanförunum tíu árum og eru íbúar nú aðeins tæplega 800. Ljóst er að fámenni svæðisins gerir áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu erfitt fyrir og mikið mæðir á sömu aðilum sem leitt hafa þróun og vöxt ferðaþjónustu á staðnum. Tilkoma vegar yfir Arnkötuldal er samgöngubót sem miklar vonir eru bundnar við ekki aðeins í tengslum við aukinn fjölda ferðamanna heldur einnig við aukið samstarf við nálæg svæði eins og Reykhólasveit á mörgum sviðum. Þó er bent á að menn verði að vinna heimavinnuna sína til að umrædd samgöngubót skili tilætluðum árangri og hafa menn í þeim tilgangi stillt saman strengi og unnið að sameiginlegri stefnumótun fyrir árin 2008 til 2012 fyrir svæðin á Ströndum og Reykhólasveit með samvinnu að leiðarljósi. Samgöngur innan svæðis eru viðmælendum þó enn áhyggjuefni þar sem vegir eru enn slæmir norður og suður frá Hólmavík og bent er á að áhrifa bættra samgangna á ferðaþjónustu með tilkomu Arnkötuldalsvegar gætu aðeins náð til Hólmavíkur en önnur svæði á Ströndum sitji eftir. Viðhorf og skoðanir manna til ýmisa annara þátta sem snertir ferðaþjónustu eins og menntunnar, gæða og markaðssetningar er á þann veg að ferðaþjónusta á Ströndum sé að mörgu leyti ágætlega stödd þó alltaf megi gera betur. Ferðaþjónustuaðilar eru vakandi fyrir því að fagmennska á öllum stigum skilar betri árangri og leita menn nú í auknum mæli leiða til að bæta sig á þeim sviðum.

Það er ljóst að gildi ferðaþjónustu á Ströndum er mikið í hugum viðmælanda og viðhorf íbúa til atvinnugreinarinnar þykir afar jákvætt. Fram hefur komið að því miður er það svo að margar áætlanir studdar af yfirvöldum um uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum hafa mistekist að mörgu leyti fram að þessu. Mikilvægur þáttur í því er að þeir sem koma að stefnumótun í málefnum jaðarsvæði hafa oft ófullnægjandi eða beinlínis rangar upplýsingar um vandamálið og geta því ekki beitt þeim aðferðum eða tólum sem þarf til að leysa vandamálin. (C. Michael Hall, 2005) Þetta er eitt af því sem viðmælendur hafa bent á og finnst til dæmis að ekkert markvisst átak sé í gangi sem miði að því að auka ferðaþjónustu utan háannatíma þó að það sé eitt af yfirlýstum markmiðum ferðamályfirvalda (Samgönguráðuneytið, 2005) Ferðaþjónusta á svæðum eins og Ströndum getur að mati fræðimanna (C. Michael Hall, 2005) skipt sköpum til að halda svæðum byggð þó það sé ekki alltaf í samræmi við það sem yfirvöld heima í héraði og á landsvísu vildu sjá. Byggð á Ströndum er undir mörgum þáttum komið að mati höfundar og veigamikill þáttur í því sambandi er ferðaþjónustan. Bætt aðgengi að svæðinu, bættar samgöngur innan svæðis og samvinna allra atvinnugreina er þó líklegust til að skila bestum árangri í ferðaþjónustu til framtíðar.

## 8. Heimildir

Anný Berglind Thorstensen og Ólafur Þór Gylfason, 2009. Könnun um ferðaáform Íslendinga sumarið 2009. Unnið fyrir Ferðamálastofu Íslands. Skoðað 20. maí 2009 á [http://www.ferdamalastofa.is/ResearchLoader.asp?cat\\_id=564&Page=Research&Tab=2&ID=3&rID=142](http://www.ferdamalastofa.is/ResearchLoader.asp?cat_id=564&Page=Research&Tab=2&ID=3&rID=142)

Arnkátla 2008. Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir árin 2008 – 2012. Skoðað 5. maí 2008 á [http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/200891916241Arnkátla\\_stefnumotun\\_08.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/200891916241Arnkátla_stefnumotun_08.pdf)

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2004. Mat á samfélagslegum áhrifum Arnkötludals. Skoðað 23. apríl 2009 á <http://atvest.is/efni.asp?m=41>

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2003. Niðurstaða könnunnar sem gerð var á meðal ferðamanna á Vestfjörðum 2003. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 38 bls.

Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002, Byggðir og búseta. Þéttbýlismyndun á Íslandi. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands Reykjavík, 213 bls.

Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson & Þórhallur Ásbjörnsson, 2006. Hagræn áhrif ferðaþjónustu, greint eftir svæðum á Íslandi. Akureyri. Ferðamásetur Íslands

Ásgeir Jónsson, 2003. Landabréfið, Tímarit félags landfræðinga, 1. tbl. 20-21 árg. 2004.

Ásgerður Þorleifsdóttir, 2008. Þróun ferðamanna á Vestfjörðum. Skoðað 17. apríl á [http://www.ferdamalastofa.is/ResearchLoader.asp?cat\\_id=564&Page=Research&Tab=2&ID=3&rID=117](http://www.ferdamalastofa.is/ResearchLoader.asp?cat_id=564&Page=Research&Tab=2&ID=3&rID=117)

Áslaug Alfreðsdóttir, 2000. Tækifæri landsbyggðar í ferðaþjónustu. Ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs Íslands 2000. Skoðað 17. febrúar 2007 á [http://www.ferdamalastofa.is/displayer.asp?cat\\_id=51#Áslaug%20Alfreðsdóttir](http://www.ferdamalastofa.is/displayer.asp?cat_id=51#Áslaug%20Alfreðsdóttir)

Bjarni Reynisson, 2006 Erlendir ferðamenn á Íslandi. Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfið. Landráð sf. Reykjavík 51 bls.

Bob Mckercher and Canace Fu, 2006. Living on the edge. Annals of Tourism Research. Volume 33, Issue 2, April 2006, 508-524.

Bruce Prideaux, 2002. Building Visitor Attractions in Peripheral Areas – Can Uniqueness Overcome Isolation to Produce Viability? The International Journal of Tourism Research; 4, 379-389.

Byggðastofnun Íslands, 2004. Byggðarlög í sókn og vörn – Vestfirðir. Byggðastofnun Íslands Sauðarkróki, 31 bls.

Byggðastofnun Íslands, 1998. Stefnumótandi byggðaáætlun – 1998- 2002. Byggðastofnun Íslands Sauðarkróki, 66 bls.

- Byggðastofnun Íslands, 1997. Byggðir sem standa höllum fæti – greinagerð fyrir stjórn Byggðarstofnunnar. Byggðastofnun Íslands Sauðarkróni, 31 bls.
- C. Michael Hall. 2005, Tourism. Rethinking the Social Science of Mobility. Pearson Education Limited, Edinburgh, 448 bls.
- Capacent Gallup, 2008. Gæðakönnun meðal erlendra ferðamanna. Ferðamálastofa Íslands, 350 bls.
- Capacent Gallup, 2006, Mat á viðhorfum Íslendinga til gæða ferðaþjónustu á Íslandi. Viðhorfsrannsókn. Ferðamálastofa Íslands, 198 bls.
- Douglas G. Pearce, 2001. Tourism and peripherality: Perspectives from Asia and the South Pacific. Tourism and hospitality research, apríl, 295 – 309.
- Edward H. Hujbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2008. Svæðibundin markaðssetning. Aðferðir og leiðir. Skoðað 17. maí á <http://www.fmsi.is/>
- Ferðamálastofa Íslands, 2008. Arnkatla 2008. Skoðað 25. apríl 2009  
[http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/200891916241Arnkatla\\_stefnumotun\\_08.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/200891916241Arnkatla_stefnumotun_08.pdf)
- Ferðamálastofa Íslands, 2007. Fréttablað febrúar 2007. Strandagaldur hlaut Eyrarrósina. Skoðað 26. apríl 2009 á  
[http://www.ferdamalastofa.is/all\\_news.asp?cat\\_id=546](http://www.ferdamalastofa.is/all_news.asp?cat_id=546)
- Ferðamálaráð Íslands 2003. Ferðavenjur innanlands viðhorfsrannsókn. Ferðamálaráð Íslands, 87 bls.
- Galdrasafnið á Hólmavík, 2009. Heimasíða. Skoðað 20. apríl 2009 á  
[http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com\\_content&task=category&sectionid=8&id=23&Itemid=58](http://www.galdrasyning.is/index.php?option=com_content&task=category&sectionid=8&id=23&Itemid=58)
- Guðrún Helgadóttir, 2006. Ferðmáladeild Hólaskóla. Ferðamálaráðstefna 2006. Skoðað 23. febrúar 2007 á <http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/samantekt>.
- Gunnar Haraldsson, 2008. Helstu áhrif ESB aðildar á íslenska ferðaþjónustu. Erindi flutt á ráðstefnu Samtaka ferðaþjónustunnar 16. október 2008. Skoðað 29. apríl 2009 á  
[http://www.saf.is/saf/upload/files/frettabref/ymsar\\_skrar/copy\\_of\\_esb\\_erindi\\_gh\\_1\\_okautgafa.ppt#264,3](http://www.saf.is/saf/upload/files/frettabref/ymsar_skrar/copy_of_esb_erindi_gh_1_okautgafa.ppt#264,3)
- Hagstofa Íslands, 2008. Hagtiðindi. Ferðaþjónustuúrreikningar 2000 – 2006. Reykjavík
- Hagstofa Íslands, 2006. Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1.október 2006. Reykjavík
- Hagstofa Íslands, 2005. Gistiskýrslur 2005. 11. apríl 2006. Reykjavík
- Iðnaðarráðuneytið, 2008. Tillögur nefndar iðnaðarráðherra um aðkomu ríkisins að skipulagi og fjármögnun í ferðaþjónustu. Skoðað 27. apríl 2009 á  
[http://www.idnarraduneyti.is/media/frettir/skyrsla\\_LowRes.pdf](http://www.idnarraduneyti.is/media/frettir/skyrsla_LowRes.pdf)

- Iðnaðar- viðskiptaráðuneytið, 2005. Vaxtarsamningur Vestfjarða. Iðnaðar- viðskiptaráðuneyti 2005, 78 bls.
- Ingi Bogi Bogason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2008. Lengi býr að fyrstu gerð. Þjálfun nýrra starfsmanna. Skoðað 15. apríl 2009 á [http://www.si.is/media/alhjudlegt-samstarf/Lengi\\_byr\\_ad\\_fyrstu\\_gerd\\_low](http://www.si.is/media/alhjudlegt-samstarf/Lengi_byr_ad_fyrstu_gerd_low).
- Jónína Guðmundsdóttir, 2002. Stjórnun íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja. Skoðað 7. febrúar 2008 á <http://hdl.handle.net/1946/1051>
- Kotler, Philip, 2001. *Principles of marketing, third european edition*. UK. Prentice Hall.
- Margrét Reynisdóttir, 2006. Þjónustugæði, Samkeppnisforskot og velgengni , Iðntæknistofnun 2006, Impra Nýsköpunarmiðstöð, Akureyri, 19 bls.
- Oddný Þóra Óladóttir, 2005. Könnun meðal erlendra ferðamanna. Unnið fyrir Ferðamálaráð Íslands. Skoðað 29. apríl 2009 á [http://www.ferdamalastofa.is/konn\\_vetur0405\\_vefur/index.html](http://www.ferdamalastofa.is/konn_vetur0405_vefur/index.html)
- Rannsóknir og ráðgjöf, 2005. Þarfagreining fyrir fræðslu og menntun í ferðaþjónustu. S.A.F. Reykjavík, 153 bls.
- Rögvaldur Guðmundsson, 2006 Gæði íslenskra ferðaþjónustu, álit erlendra ferðamanna sumarið 2006. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar – RRF, Reykjavík, bls 18.
- Robert Nash and Andrew Martin. 2003, Tourism in Peripheral Areas – the Challenges for Northeast Scotland. *International Journal of Tourism Research*; 5, 161-181
- Samgönguráðuneytið, 2005. Ferðamálaáætlun 2006 – 2015. Samgönguráðuneyti Íslands, Reykjavík, 103 bls.
- Samgönguráðuneytið, 2003. Íslensk ferðaþjónusta, framtíðarsýn. Samgönguráðuneyti Íslands. Reykjavík, 51 bls.
- Samgönguráðuneytið, 1996. Stefnumótun í ferðamálum. Skoðað 25. mars á <http://www.samgonguraduneyti.is/utgefid-efni/1996>
- Upplýsingamiðstöðin á Hólmavík, 2009. Heimasíða. Skoðað 19. apríl 2009 á <http://www.holmavik.is/info/>
- Vegagerðin, 2005. Greinagerð um leiðarval Tröllatunguvegur eða Hólmavíkurvegur. Skoðað 20. apríl 2009 á [http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Trollatunguvegur.pdf/\\$file/Trollatunguvegur.pdf](http://vgwww.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Trollatunguvegur.pdf/$file/Trollatunguvegur.pdf)
- Össur Skarphéðinsson, 2009. Erindi flutt á aðalfundi samtaka ferðaþjónustunnar 2009. Skoðað 29. apríl 2009 á [http://www.saf.is/saf/upload/files/frettabref/ymsar\\_skrar/copy\\_of\\_esb\\_erindi\\_gh\\_lokautgafa.ppt#264,3](http://www.saf.is/saf/upload/files/frettabref/ymsar_skrar/copy_of_esb_erindi_gh_lokautgafa.ppt#264,3)

World tourism organization, 2008 . Skoðað 29. apríl 2009 á [http://unwto.org/facts/eng/pdf/highlights/UNWTO\\_Highlights08\\_en\\_HR.pdf](http://unwto.org/facts/eng/pdf/highlights/UNWTO_Highlights08_en_HR.pdf)

### **Munnlegar heimildir:**

Arnar Snæberg Jónsson, framkvæmdarstjóri Sauðfjársetursins á Ströndum. Viðtal 10. janúar 2007

Arnlin Þuríður Óladóttir, skógfræðingur og framkvæmdarstjóri eignarhaldsfélagsins Laugarhóll ehf. Viðtal 12. janúar 2007

Ásdís Leifsdóttir, sveitastjóri Strandabyggðar Hólmavík. Viðtal 13. janúar 2007

Ásbjörn Magnússon, útgerðarmaður og framkvæmdarstjóri á Drangnesi Viðtal 11. janúar 2007

Dorothee Lubecki, starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á Ísafirði. 2007 ([dora@atvest.is](mailto:dora@atvest.is)) Svör við spurningalista um Strandir. 10. janúar 2007. Tölvupóstur sendur til Elínar Sigríðar Óladóttur ([elin@hogth.is](mailto:elin@hogth.is))

Elín Gróa Karlsdóttir, 2007. Um ferðþjónustu, atvinnumál og fjármál Strandabyggðar. Aðsend grein á Strandir.is

Eva Sigurbjörnsdóttir hótellstjóri á Hótel Djúpuvík 2006. ([djupavik@snerpa.is](mailto:djupavik@snerpa.is)) Svör við spurningalista um Strandir. 26. nóvember. 2006

Tölvupóstur sendur til Elínar Sigríðar Óladóttur ([elin@hogth.is](mailto:elin@hogth.is))

Jenný Jensdóttir, oddviti Kaldrananeshrepps. Viðtal 24. nóvember 2006

Matthías Jóhannsson, hótellstjóri á Hótel Laugarhól í Bjarnfirði. Viðtal 17. janúar 2007

Jón Jónsson, ferðþjónustubóndi og menningarfulltrúi Vestfjarða. Viðtal 24. nóvember 2006

Sigurður Atlason, framkvæmdarstjóri Strandagaldurs. Viðtal 23. nóvember 2006

Viktoría Rán Ólafsdóttir, verkefnastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Viðtal 12. janúar 2007



# Viðauki I

Hér koma viðtöl við níu viðmælendur sem tekin voru viðtöl við.

**Viðtal við Arnar Snæberg Jónsson, framkvæmdarstjóri Sauðfjársetursins á Ströndum.**

**Hólmavík, 10. janúar 2007.**

## **1. Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gengt þessu starfi**

Ég er framkvæmdarstjóri Sauðfjársetursins á Ströndum frá því í september 2006 og hef viðloðandi starfsemina alveg frá byrjun en Sauðfjársetrið var stofnað árið 2002.

Undanfarin fjögur sumur hef ég verið forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar á Hólmavík og unnið þá hjá Sögusmiðjunni á Kirkjubóli í tengslum við það og síðan var ég formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða í ár. Ég er hálfnaður í fjarnámi í tólmstundafélagsmálafræði en annars er ég ekki með stúdentspróf.

## **2. Hvernig tengist þú/þið ferðamálum á Ströndum**

## **3. Lýsing á starfinu/fyrirtækinu sem þú/þið vinnið fyrir**

## **4. Hvers konar fyrirtæki, hvert er rekstrarformið, hve lengi hefur það verið í rekstri? hvenær er það opið, hvað eru mörg störf í fyrirtækinu – heilsársstörf/hlutastörf.**

Það var stofnað félag áhugamanna um sauðfjársetur á Ströndum í febrúar árið 2002 og það er í raun stjórnin þar sem stjórnar Sauðfjársetrinu og ræður mig sem framkvæmdarstjóra. Þetta er bara félag sem rekur þetta safn og viðurkennt af safnarráði og fær safnarstyrk til að halda starfi forstöðumanns úti í 50% stöðu.

Sauðfjársetrið hefur frá stofnun verið opið á sumrin frá 1. júní til 31. ágúst alla daga frá 10 til 18. Það stendur til að það breytist núna af því að við erum sennilega að fara að eignast hlut sveitarfélagsins í félagsheimilinu Sævangi sem safnið er í og þá getum við haft þetta opið yfir veturinn líka skv. samkomulagi.

Það er eitt heilsársstarf, hálf staða, síðan yfir sumarið alveg frá stofnun verið mismunandi hversu mörg stöðugildi eru við safnið. En þetta eru bara þriggja mánaða störf og oftast hafa verið tvær manneskjur sem eru að sinna þessu í u.þ.b. 75% stöðu. En eins og síðasta sumar og þá var ein manneskja ráðin og var þarna í aðalhlutverki og

síðan var afleysingarfólk sem fyllti upp í. Þegar stóratburðir eins og hrútabuklið o.þ.h. stendur yfir þá hefur þetta byggst líka upp á sjálfbóðaliðum sem koma og baka og gefa kaffi.

## **5. Fjárhagsstaða fyrirtækisins**

Reksturinn hefur gengið á stofnstyrkjum frá ríkinu til uppbyggingar og síðan kemur þessi rekstrarstyrkur frá safnasjóði og svo höfum við verið að fá sérhæfða verkefnastyrki frá t.d. safnaráði til skráningarverkefnis og svo líka frá Héraðsnefnd Strandasýslu til almennar rekstrar.

## **6. Hvað fólk er það sem sækir ykkur heim – Íslendingar, útlendingar, einstaklingar, hópar á eigin vegum, á vegum ferðaskrifstofa og annað sem kemur til greina og hversu margir ferðmenn koma til ykkar á ári og hvernig skiptist það á milli mánuða. (áætlað ef ekki liggja fyrir tölur)**

Það hefur ekki verið nákvæm talning en starfsmenn halda skrá um skiptingu ferðamanna þ.e. Íslendinga, útlendinga og svo heimamenn. Það koma langflestir á atburðina við erum þrjá, fjóra stóra atburði og inn í þessari sumartölu hafa verið milli þrjú til fjögur þúsund manns en þeim hefur farið fækkandi alveg frá upphafi og tel ég að rekja megi skýringun á því að markaðssetning hefur verið lítil sem engin nema bara hér heima í héraði. Sem dæmi má nefna að það er ekki til neinn bæklingur og vefurinn hefur verið svo til gott ónothæfur þangað til núna, það hefur einfaldlega ekki verið til peningur.

95% eða meira eru Íslendingar og það hefur í raun ekki verið þannig að það hafi verið að höfðað til útlendinga. Allar upplýsingar eru bara á íslensku en það stendur til að bæta það í sumar.

Markhópurinn hefur verið fjölskyldufólk og bændur og mig langar rosalega til að útvíkka þennan markhóp því þessi markhópur sem hefur verið höfðað til er mjög takmarkaður. Það kemur bara í ljós núna undanfarin ár þegar gestunum er að fækka Mér finnst það ekki eðlilegt að safn sem hefur aðeins starfað í fjögur ár að gestum sé að fækka. Það eru langfæstir gestir í júní mesta umferðin í júlí en flestir gestir kannski í ágúst því þá er meistaramót í hrútaðómum og það er stærsti atburðurinn hjá Sauðfjársetrinu og þá mættu t.d síðasta sumar 300 manns á einum degi og það náttúrulega togar fjöldann upp.

Fjölskylduhóp héðan af svæðinu er stærsti hópurinn sem sækir safnið heim og síðan er þetta mest fjölskyldufólk af svæðinu mjög lítið af hópum ekki það við viljum það ekki það þarf bara að markaðssetja það betur.

**7 Almennt um ferðaþjónustuna á Ströndum hvernig finnst þér staðan vera í dag, og hvernig hefur hún þróast og breyst síðan þú/þið komst til starfa og framtíðarsýn/horfur í ferðaþjónustunni á svæðinu og í hverju liggur framtíðin.**

Staðan í dag finnst mér ekki vera sérstaklega góð en það spilar kannski inn í að ég svo sérstaklega svartsýnn á þessum árstíma, yfir veturinn. Það er náttúrliga Galdrasýningin hefur unnið alveg frábært starf fyrir þetta svæði og ég held að hún sé mikilvægasti hlekkurinn í ferðaþjónustukeðjunni hér á þessu Ströndum. Okkur vantar náttúrliga gistirými það bara eitt af því sem stendur okkur fyrir þrifum. Ég held að það vanti ekki hugmyndir það vantar kannski svolítið upp á samvinnu. Ég held að ferðaþjónustan eins og hún er í dag þá sé of þröngur hópur sem er að vinna í þessari grein og of fáir sem eru starfandi í þessu og það er mjög lítil endurnýjun af fólki sem kemur öflugt til starfa. Það er samt verið að gera fullt af góðum hlutum út um alla sýslu en utanaðkomandi ástæður eru oft erfiðar eins og samgöngur, fjárskortur o.s.fr.

**8. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Náttúran hefur mikla sérstöðu og er örugglega eitt helsta aðdráttaraflið. Það er ekki mikið um afþreyingu fyrir fólk sem vil fara í sjóstangaveiði eða vélsleða en fyrir náttúruunnendur sem er að leita að frið og ró þá er þetta alveg frábært svæði og síðan er það auðvita Galdrasýningin hún er það sem mest spurt um á Upplýsingamiðstöðinni.

**9. Hvað með samgöngur, telur þú/þið að ferðaþjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Ég held að vegurinn um Arnkötludal komi ekki til með skipta neinu máli fyrir ferðaþjónustu norðan Bjarnarfjarðar því vegurinn þangað frá Hólmavík verður alveg jafnslæmur. Ég er svolítið hræddur um það að ferðaþjónustuaðilar haldi það að vegurinn reddi einhverju það komi fleira fólk á svæðið og þá gerist eitthvað mér finnst þeir vera svolítið fastir í þeirri hugsun að það bara gerist eitthvað. En það eru auðvitað ferðaþjónustaðilarnir sjálfir sem verða að gera eitthvað, þetta er allt í höndunu á okkur að leiða fólkið hingað. Ég held að sé hægt að skipta þessu svolítið eftir svæðum ég held fyrir norðan t.d í Árneshreppi þar breytist ekki mikið ég held að mestu möguleikarnir séu hérna á Hólmavík bara hreinlega inn í bænum. En svo eins og með

Sauðfjársetrið og ferðaþjónustuaðilana sem eru á svæðinu sunnan við veginn þá rennum við algjörlega blint í sjóinn. Það skiptir bara máli hvernig vegurinn kemur til með að liggja, hvernig vegamótin verða, hvort þarf að taka vinkilbeygju og hvernig merkingar verða.

**10. Hvaða þátt ferðaþjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri ferðamenn utan háannatíma?**

Það þarf að auka afþreyingu efla hana það er mjög fint safnastarf hérna en það þarf að auka fjölbreytileika afþreyingarinnar. Ég hef verið að tala fyrir að koma fyrir furðum hér og þar koma af stað furðuverkefni (landmark) Furður skilgreinast þannig að það eitthvað til að skoða, mig langar t.d að koma fyrir 6m hárrí kind út við Sauðfjársetri. Ég held að það vanti eitthvað til að fara að skoða eitthvað sem er ekki annars staðar. Það væri hægt að vinna þetta svólítið út frá göldrum. Svo vantar eitthvað fyrir fjölskyldufólk að gera vannýtt auðlind eins og t.d sjórinn, koma upp dorgveiðistöðum við bryggjuna ein hugmynd t.d.

**11. Hvað telur þú að ferðaþjónusta geri fyrir atvinnulífið á Ströndum?**

Ég held að hún skipti rosalega miklu máli. Það er því miður ekki mjög mikið um heilsársstörf en sumarstörfín eru mjög mikilvæg fyrir krakkana sem eru burtu yfir veturinn í skólunum, að fá þau hér heim aftur á sumrin held ég að auki líkurnar á að þau komi hér aftur þegar skóla lýkur.

Það vantar að fleiri í atvinnulífinu eins og kaupfélagið skilgreini sig sem ferðaþjónustuaðili eins og það er t.d á sumrin er kaupfélagið ekkert annað en ferðaþjónustuaðili og það vantar að fá fyrirtæki yfir á þessa bylgjulengd að þau átti sig á því að þau eru í ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan t.d á sumrin skiptir öllu fyrir veltuna í versluninni og sjoppunni. Síðan er það erfiðara að gera sér grein fyrir þessu á öðrum svæðum eins og t.d. í Djúpuvík og á Drangnesi en ég held að fólk væri ekki eins mikið norður ef það væri ekki hótél á Djúpuvík og Síldarminjasafn og eins ef það væri ekki bensinstöð á Drangnesi og eins færi það ekki á þessi staði ef það væri ekki Upplýsingamiðstöð hér á Hólmavík, þetta spilar náttúrlega allt saman. En ég held að með þetta atvinnulíf hérna að það vanti að ákveðnir aðilar skilgreini sig sem ferðaþjónustuaðilar og vinni eftir því það hefur alveg vantað.

**12. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðapjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér/ykkur þetta snúa að Ströndum?**

Ég held ég megi segja að ég hef tekið við fleiri kvörtunum út af vinnu minni á upplýsingamiðstöðinni en flestir aðrir hérna og ég held að gæðin séu yfir höfuð góð, fólk fær persónulega þjónustu og er ánægt með það en svo er náttúrliga ég veit ekki hvað ég á að kalla það, ég held ég megi kalla það atvik, stundum klikkar eitthvað og svo eru náttúrliga ákveðnir aðilar hérna sem eru ekki að standa sig nægilega vel og þeir náttúrliga skemma fyrir öllum hinum. Sá sem kemur óánægður frá einum stað er kannski ekki mikið fyrir að gefa hinum staðnum séns ef einhver er óánægður með sundlaugina á Hólmavík þá er hann ekkert til í að keyra út á Dranganes til að prufa sundlaugina þar, ég held ekki. En ég held að yfirleitt séu gæðin góð það vantar náttúrliga þessa gæðagistingu og það stendur svæðinu fyrir þrifum. Það hefur langmest verið kvartað undan veitingabransanum og t.d hefur líka verið kvartað undan því að það sé ekki þráðlaust net á tjaldsvæðinu en undan sumum aðilum hefur aldrei verið kvartað.

**13. Hvernig finnst þér/ykkur samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d. við Ísaförð eða aðra hluta Vestfjarða. Telur þú/þið þessa samvinnu mikilvæga?**

**Hver er skoðun þín/ykkar á að svæðið þ.e. annars vegar Strandir og hins vegar Vestfirðir, markaðssetji sig sem ein heild?**

Ég hef þá skoðun að það eigi að markaðssetja svæðið bæði með Vestfjörðum og líka sér, betra bæði. Markaðsstofa Vestfjarða held ég að geti unnið mjög gott starf. AtVest held ég að geti orðið mjög góður vettvangur til að ákveða svona mál hvernig á að gera þetta hvernig á að markaðssetja svæðið hvað á að markaðssetja sér og hvað með Vestfjörðum.

En aftur á móti þá finnst mér samvinnan vera mjög slöpp innan svæðisins að mínu viti mjög léleg það er ekki það að það séu persónulegur rígur á milli manna menn hittast kannski einu sinni, tvisvar á ári og eru alveg æstir í að fara að gera eitthvað en ég veit ekki alveg hvað þetta er hvort þetta eru fjarlægðir eða hvað. Oft eru þetta sömu aðilarnir sem eru að halda utan um möguleg verkefni og fá ekkert fyrir það og svo kannski daga þessi verkefni uppi. Svo á þessum tíma á veturna þegar helst ætti að vera

hægt að vinna að einhverjum sameiginlegum verkefnum þá er ófært. Aðilar sem eru mjög mikilvægir komast ekki. Svo finnst mér vanta krafinn, fullt af fólk er búið að vera lengi í þessu, lítil endunýjun fólk er orðið útbrunnið og dauðþreytt en er samt í þessu ennþá. Til að eitthvað gerist verður að verða endunýjun á fólki. Það vantar félag

#### **14. Hvernig er markaðssetningu háttáð hjá þér/ykkur?**

Innan sveitar með dreifimiðum, plakötum og fréttabréfum nokkrum sinnum á ári. Þetta er eingöngu markaðssetning á atburðum en ekki á safninu sjálfu, þetta er allt mjög svæðisbundið.

#### **15. Hefur þú/ þið tölu á eða hugmynd um hvernig gestir fengu upplýsingar um ykkur?**

#### **16. Ert þú/ þið með heimasíðu – vitið þið hversu margir heimsækja hana á dag/ár**

Heimasíðan var sett í gagnið strax og opnaði og það hafa verið um 6000 flettingar á þremur og hálfu ári sem er ekki mjög mikið, það er mjög lítið.

#### **17. Hversu mikilvæg telur þú/þið að upplýsingamiðstöðin á Hólmavík sé fyrir ferðaþjónustu á Ströndum.**

Ég held að hún skipti gríðarlegu miklu máli. Það komu 7800 manns þangað á síðasta sumri og það hefur aukist ár frá ári með tjaldsvæðisgestum. Margir hér á svæðinu setja upplýsingamiðstöðina alltaf í samband við tjaldsvæðið, en hún þjónar vissulega tjaldsvæðinu en ég held að það þyrfti ekki endilega að vera þannig og það eru upp raddir hér í sveitarfélaginu að það mætti spara á þessum vettvangi af því það er tap á þessu t.d að starfsmenn sundlaugarinnar sæu um tjaldsvæðið. En það hefur verið lagt upp með að þetta sé ekki upplýsingamiðstöð þar sem þú kemur inn og starfsmaðurinn situr og bíður eftir að þú spyrjir og það liggja frammi fullt af bæklingum og þú mátt lesa þá og svo ferðu bara, heldur er þetta stanslaus kynning á svæðinu, það er gengið til þín um leið og þú kemur inn, boðið góðan daginn get ég aðstoðað, vantar þig að vita eitthvað, hvert ertu að fara o.s.fr. Ég held að að upplýsingamiðstöðin skipti miklu miklu meira máli heldur en mestu velunnarar hennar grunar, ég held að hún skipti mjög miklu máli. Ég veit t.d. ekki hversu mörg hundruð manns hafi farið norður í Árneshrepp eftir að hafa verið bent á að fara þangað af starfsmönnum upplýsingamiðstöðarinnar. Svo ég sé mjög hlutdrægur og eins get ég vitnað í bréf sem við höfum fengið og séð á bloggsíðum t.d. hjá húsbílaeigendum þá held ég að upplýsingamiðstöðin hafi m.a. stuðlað að því að fólk fari ánægt héðan af svæðinu. Ég held að heimafólk geri sér ekki grein fyrir hvað er í gangi þarna nema það sé í

ferðapjónustu. Það gleymist oft ef það er tap á einhverju batteríi hverju hún er að skila þetta er bara ekki gróðrafyrirtæki. Ef upplýsingamiðstöðin stæði ein og tjaldsvæðið væri ekki þá væri innkoman nánast engin. Ég held að Strandabyggð borgi þetta eingöngu en þetta kemur öllu svæðinu til góða eins og t.d. Árneshreppurinn sem græðir alveg örugglega á þessu.

**18. Telur þú/þið mikilvægt að auka gistirými á Ströndum og ef svo er er þá einn staður betri en annar og í hvaða klassa telur þú að gistingin eigi að vera?**

Ég held að það vanti gæðagistingu hérna og líka hópgingu svona skálagistingu. Það er náttúrliga á Hótel Laugarhóli góð gisting og þó það sé hótél á Djúpuvík þá er það n.k. gistiheimili. Það þyrfti að koma gæðagisting á Hólmavík, vegna þess að hér er stærsti byggðarkjarninn hér á svæðinu líka af því að Laugarhóll er ekki svo langt frá Drangnesi sem er hinn byggðarkjarninn. Svo ef við erum að tala um sumhúsabyggð/skálagistingu ég held að það megi setja mjög víða og það sé góð leið til að aðstoða byggðirnar hérna fyrir sunnan en þá er náttúrliga lengra í þjónustuna sem gerir þetta kannski aðeins minna eftirsóknarvert ég veit það ekki en ég held að byggðirnar hér fyrir sunnan gleymist alltaf í umræðunni, Kollafjörður og Bitran þær eru aldrei taldar með að neinu leyti en það býr ennþá fólk þarna búa þarna fast allt árið 32 og meðaldur yfir 50 ár. Ég held samt að hótélbygging hér að Hólmavík sé ekki raunhæfur möguleiki fjárhagslega séð það vill engin fara á hausinn við þetta allra síst sveitarfélagið og ég held að menn ættu að einbeita sér að því að auka gistirýmið með t.d. sumarhúsabyggð eða einhverju í þeim dúr við erum alveg með svæði hér í kring.

**19. Á hvaða markhóp telur þú/þið að vænlegast sé að horfa til fyrir ferðapjónustuna á Ströndum**

Fjölskyldufólk og náttúrunnendur, ég sé alltaf fyrir mér íslenskt fjölskyldufólk

**20. Hver telur þú að séu samfélagsleg áhrif ferðapjónustunnar á samfélagið á Ströndum?**

Ég held að bæði efnahags- og samfélagsleg áhrif séu mjög mikil, maður finnur sérstaklega mikið fyrir samfélagslegum áhrifum, fólk fylgist með fyrstu gestunum á tjaldsvæðið

**21. Hver er skoðun þín á að það komi ferðamálafulltrúi fyrir svæðið:**

Ég held að það væri mjög jákvætt en þá verður að vanda mjög skilgreiningu á starfi hans og fyrir hvern hann vinnur mér finnst ekki sjálfgefið að hann stjórni upplýsingamiðstöðinni það fer náttúrliga mikið eftir því hversu mikið starfshlutfall

hann hefur. Ég lít svo á að ferðamálafulltrúinn ætti í raun að vera sinna þessum markaðsmálum, þessum tengslum bæði með Vestfjörðum og fyrir Strandir einar og Upplýsingamiðstöðin myndi þá draga fram seglin að einhverju leyti, en ég held að það væri mjög gott að fá ferðamálafulltrúa í vinnu á þetta svæði.

## **22. Hversu mikilvægt telur þú að svæðið verði markaðssett meira erlendis:**

Ég held að það sé býsna mikilvægt en það þyrfti að mínu mati þá að fara í gegnum markaðsstofu, ég held að þó að það væri ferðamálafulltrúi þá held ég að sú kynning ætti að vera á vegum markaðsstofu, svoleiðist kynning kostar talsvert og það eru ekki nema einstaka aðilar eins og galdrasýningin sem er mjög auðveld í markaðssetningu hún er mjög auðveld í markaðssetningu því hún er bara svo auðveld og skemmtileg það er greinlegt að það hefur eitthvað verið gert mjög.

Helsta markaðssetning Stranda á netinu fyrir utan þetta er Vestfirðir.is, það er svolítið sorglegt það er ekkert annað, kannski erum við þá komin að því að þessi erlendi markaður hér sé órudd slóð, já menn hafa bara ekkert reynt þetta.

Útlendingar sem koma á Upplýsingamiðstöðina eru langflestir að fara á Galdrasýninguna svo er það Djúpavík sem útlendingar eru að fara á.

Maður hefur oft lent í því að vera spurður, fær tölvupóst á upplýsingamiðstöðina þar sem fólk er að biðja um upplýsingar um svæðið og þá hefur maður ekki nema 3 til 4 síður þar og sumar hver annari lélegri nema Galdrasýningin sem er í sjálfu sér ekki með upplýsingar um Strandir beint. Mér finnst það hálfsvært þegar vestfirðir.is eru með bestu upplýsingarnar um Strandir.

## **Síðan allt annað sem þér/ykkur dettur í hug að nefna í sambandi við ferðaþjónustu og annað því tengt.**

Bæklingastaða hér er hörmuleg, algjört drasl, illa gerðir menn eru ekki að vanda sig og leggja engan metnað í gerð bæklinganna eða þeir eru einfaldlega ekki til og ég er hræddur um að það breytist ekki. Þjónustubæklingurinn er aðalbæklingurinn á svæðinu sem er alls ekki nægilega góður sem slíkur. Ég er einn af þeim sem telja bæklinga mjög mikilvæga þegar fólk er komið inn á svæðið. Það hefur farið svolítið hátt þessi nafnaspalda umræða undanfarið hjá þeim t.d. á Ísafirði að fólk velji sér bara nafnspjöld og fari síðan á netið. En það er fullt af fólki sem notar ekkert netið þegar það er komið inn á svæðið. Bæklingarnir er það sem er kannski ferðaþjónustunni hér á svæðinu helst til skammar. Þrátt skortinn á ensku, frönsku og jafnvel þýsku þá væri a.m.k. hægt að



gera skítsæmilegan bæklinga á þessum tungumálum og prentlausnirnar eru ekkert dýrar en þetta virðast bara þeir í Kört og á Galdrasýningunni áttað sig á.

Þarf alvarlega að fjölga gestum á Sauðfjársetrið og ég ætla mér að gera samning við gistiðila á svæðinu að gestir fái afsláttarmiða á sýninguna en ég vil ekki gera það nema að það séu allir aðilar sem vilja taka þátt í þessu, ég vil ekki hafa bara valda ferðaþjónustuaðila.

**Viðtal við Arnlínu Óladóttur, skógræðing og framkvæmdarstjóra eignarhaldsfélags Laugarhóls ehf, Bjarnarfirði, 12. janúar, 2007.**

**1. Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gengt þessu starfi**

Arnlin Óladóttir. Ég er alin upp við ferðapjónustu þar sem fjölskylda mín bjó í hóteli sem foreldrar mínir ráku. Ég fór að vinna við fagið um leið og ég gat vettlingi (eða bakka) valdið og sinnti ýmsum störfum við fyrirtækið fram að 20 ára aldri, þ.á.m. stjórnunarstörfum seinni árin. (og er svo skógræðingur en fyrrum kennari og lífrænn bóndi)

**2. Hvernig tengist þú/þið ferðamálum á Ströndum**

Ég er nú framkvæmdastjóri eignarhaldsfélags Laugarhóll ehf sem rekur samnefnda húseign. Áður hef ég rekið sumarhótel í húsinu í félagi við aðrar konur.

**3. Lýsing á starfinu/fyrirtækinu sem þú/þið vinnið fyrir**

Eignarhaldsfélagið var stofnað árið 2000 af eigendum Klúkuskóla og Félagsheimilsins Laugarhóls. Þeir eru Kaldrananeshreppur, Búnaðarfélag Kaldrananeshrepps, Sundfélagið Grettir og Hrófbergshreppur (síðar Hólmavíkurreppur og enn síðar Strandabyggð). Einnig eigum við hjónin AÓ og MR smá hlut í félaginu. Félagið hóf reksturinn á því að gera 10 ára áætlun um uppbyggingu hússins svo að það mætti nýtast til hótélreksturs. Húsið var síðan veðsett til þess að fá fjármagn og hefja framkvæmdir.

Hótelið er nú með 17 herberjum, þar af 11 með baði. Borðstofu, íþróttu- og samkomusal, setustofu og kennslustofu (þar sem nú er aðstaða starfsfólks sem býr á staðnum).

**4. Hvers konar fyrirtæki, hvert er rekstrarformið, hve lengi hefur það verið í rekstri? hvenær er það opið, hvað eru mörg störf í fyrirtækinu – heilsársstörf/hlutastörf.**

Laugarhóll ehf leigir húsið til Klúkuveitinga ehf. Húsið er leigt á ársgrundvelli og er opið allt árið. Félagið hefur ekki fasta starfsmenn á launum, framkvæmdastjóri og þriggja manna stjórn eru ólaunuð. Hins vegar hefur félagið haft menn í vinnu við uppbyggingu hússins, líklega um 6-8 ársverk í það heila frá upphafi. (miðað við að ársverkið sé um 3 millj. í launakostnað).

## **5. Fjárhagsstaða fyrirtækisins**

Rekstur fyrirtækisins er alveg í járnnum, en gengur þó. Þessi aðferð við uppbyggingu hefur einungis gengið upp vegna þess að félaginu buðust erlend lán á “venjulegum” kjörum og borgar því hvorki verðtryggingu né okurvexti. Einnig hafa ýmsir aðilar bæði upphaflegu eigendurnir og nýjir eigendur (Klúkuveitingar ehf og Byggðastofnun), keypt nýtt hlutafé í félaginu. (alls að upphæð 12 millj. króna)

## **6. Hvað fólk er það sem sækir ykkur heim – Íslendingar, útlendingar, einstaklingar, hópar á eigin vegum, á vegum ferðaskrifstofa og annað sem kemur til greina og hversu margir ferðmenn koma til ykkar á ári og hvernig skiptist það á milli mánuða. (áætlað ef ekki liggja fyrir tölur)**

Félagið á eingöngu í viðskiptum við Hótelrekandann –Klúkuveitingar ehf

## **7 Almennt um ferðaþjónustuna á Ströndum hvernig finnst þér staðan vera í dag, og hvernig hefur hún þróast og breyst síðan þú/þið komst til starfa og framtíðarsýn/horfur í ferðaþjónustunni á svæðinu og í hverju liggur framtíðin.**

Framtíðin liggur í sífellt fleiri ferðamönnum. Það er í raun það eina sem er öruggt. Ferðaþjónustan er frumstæð á Ströndum, enginn fagmaður vinnur við hana (kokkar, þjónar, ferðamálafræðingar, eða fólk menntað í stjórnun og rekstri) og er það helsti akkillesarhæll okkar hér. Hins vegar er enn gert út á sjarmann við frumstæða og vingjarnlega gestrisni sveitamannsins sem bætir að einhverju upp fyrir skort á fagmennsku. Þetta gengur samt ekki til framtíðar, því að til dæmis þori ég sjálf ekki alltaf að treysta ferðaþjónum fyrir mínum gestum og skemmst er þess að minnast að forseti Íslands kom hingað í opinbera heimsókn og taldi “nefndin” að ekkert fyrirtæki á Ströndum gæti hýst eða fóðrað stórmennið. Ég treysti mér ekki til að spá í framtíðina um það hvernig ferðamenn munu einkenna hana, en sjálf vildi ég gjarnan að lögð yrði áhersla á þær systur náttúru og sögu svæðisins, tengsl samfélagsins við þær og að hluta gert út á tíðindaleysið sem einkennir lífið hér. Að fá Íslendinga sem vilja frið og útlendinga sem vilja skoða “frumstæð” samfélög og náttúru sem leikur lausum hala. Þarna er ég kannski að hugsa eingöngu um Bjarnarfjörðinn, Kaldrana- og Árneshrepp, því að fjölskylduvæn ferðaþjónusta á Kirkjubóli er allt annars eðlis og svo framvegis.

## **8. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Strandir eru svo sem alveg eins og restin af Vestfjörðum í augum þeirra sem ekki þekkja til. Strjálbýl, hráslagaleg, stórbrotin, lítil samfélög, vondir vegir og allt það sem

einkennir Vestfirði í heild. Og hafa sama vægi og önnur jaðarsvæði á Íslandi og í heiminum.

Samt er það svo að ótrúlega stór hluti þeirra sem hingað rjåtla talar um einhvern óskilgreindan sjarma, kannski andrúmsloft sem virkar þrátt fyrir að svæðið skarti hvorki mestu fuglabjörgunum, hæstu fjöllunum, lengstu fjörðunum eða öðrum hástigum. Sérstaðan er því illskilgreinanleg til dæmis fyrir markaðssetningu.

**9. Hvað með samgöngur, telur þú/þið að ferðapjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Jú, sjálfsagt getur vegurinn aukið fjölda þeirra sem eiga leið um Strandir, en allsendis óvíst að mikið fleiri stoppi, þó er verkefni í gangi á meðal ferðapjóna sem gengur út á að “vera viðbúinn”- Gott mál og nauðsynlegt, - en í raun stórhættulegt að gera sér of miklar vonir. Heimamenn, sem eru jú heilmikill markaður fyrir ferðapjóna á svæðinu, verða fleiri með tengingu yfir í Reykhólasveit.

**10. Hvaða þátt ferðapjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri ferðamenn utan háannatíma.**

Það er ekki svigrúm til að auka mikið umferðina yfir háannatímamann, vegna þess að skortur er á gistirými og annarri þjónustu. Fyrir þann markhóp þarf að byggja – allt frá fleiri tjaldstæðum, sumarhús, “self-catering” til skemmri tíma, farfuglaheimili og hótél. Utan háannatíma eru möguleikarnir óendanlegir og nóg rúm í gistihúsum. Mig dreymir um prógrömm sem nýta hálandið og ógeðslega klára jeppa- og snjósleðakarla sem hér búa. Gönguskíðafæri er árvisst og síðan eru þessar hefðbundnu æfingabúðir (bæði kirkjan á Hólmavík og Laugarhóll bjóða upp á frábæran hljómburð fyrir t.d. kóraæfingar). Íþróttahús er á báðum stöðum og gætu íþróttalið nýtt þau og síðan útivistina í ýmsum myndum. Sem sagt byggja meira fyrir sumarið og tryggja þjónustu Vegagerðar til þess að geta boðið upp á prógrömm og námskeið á veturna.

**11. Hvað telur þú að ferðapjónusta geri fyrir atvinnulífið á Ströndum?**

Hún gerir alls ekki nógu mikið miðað við umfang hennar og veltu. Það er vegna þess hversu skammur tími ársins er almennilega virkur. Það eru allt of fáir sem eru ferðapjónar að aðalstarfi og fólk gerir sér ekki grein fyrir mikilvægi greinarinnar. Hins vegar eru þarna einhver störf og kannski öðru fremur fjölbreytni í atvinnu- og mannlífi.

**12. Hvað með menntun fólks í ferðapjónustu, er henni ábótavant og hvað má aðallega bæta?** Almennt er þjónusta mjög léleg (ófagleg) og væri til bóta að fólk

sækti þjónustunámskeið í upphafi vertíðar. Þau eru haldin, en einhverra hluta vegna eru þau illa sótt, þrátt fyrir mikla endurnýjun á sumarstarfsmönnum. Kannski ekki nógu góð...? ...eða kannski of dýr eða á vitlausum tíma. Þjónustulundin blundar undir, en það þarf að vekja hana... koma henni til starfa.

**13. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðapjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér/ykkur þetta snúa að Ströndum.**

Vinnubrögð eru ófagleg og síðan er auðvitað greinin í fjársveldi að því leyti að ekkert stendur út af til endurbóta og viðgerða. Allt verður því frekar lítið áður en farið er í nauðsynlegar viðgerðir – og jafnvel úrelt.

**14. Hvernig finnst þér/ykkur samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d. við Ísafjörð eða aðra hluta Vestfjarða. Telur þú/þið þessa samvinnu mikilvæga?**

**Hver er skoðun þín/ykkar á að svæðið þ.e. annars vegar Strandir og hins vegar Vestfirðir, markaðssetji sig sem ein heild?**

Eins og áður sagði eru Strandir aðeins hluti Vestfjarða og fyrst og fremst sérstæðir fyrir þá sem þar hafa alið manninn einhvern hluta ævinnar. Þar er kannski fyrst og fremst sérstaða Stranda. Og ekki er það nú lítill markhópur – brottfluttur í 4. lið og allir þeir sem hafa staldrað við til að kenna, lækna, reka hótél eða verið í sumarþúðum. Þetta fólk þarf einhverja sérstaka markaðssetningu og það er fullt af liði “fyrirverandi” hitt og þetta sem leið mjög vel hér en koma lítið, en tala endalaust um að koma, en almennt... eru Vestfirðir ein heild og jafnhallærislegt að bíta um kúnnann eins og þegar fótboltalið skorar ekki af því allir eru að keppast við að skora sjálfir....samvinnan skilar á endanum flestum mörkum fyrir liðið.

**15. Ert þú/þið í samvinnu við einhverja í sambandi við markaðssetningu?**

Ég veit bara um sameiginlega bæklinga fyrir Vestfirði, ferðamálasamtök Vestfjarða, og perlan Vestfirðir.

En samvinna í sambandi við eitthvað annað tengt ferðapjónustunni?

Nei, hér vantar kannski þessi sambönd við aðra landshluta og út fyrir landsteinana sem byggja á gagnkvæmri þekkingu á umhverfi hvors annars.

Sambönd sem byggja t.d. á því útskælda orði þema, fuglaáhugamenn, Norðurljós, vetrarsport, hvalir, stjörnur, erfiðar og fáfarnar gönguleiðir (Lambatindur)...þá á ég við

að norðurljósinn sjást kannski ekki á Kópaskeri og Þingeyri á sama tíma, en líklega á öðrum hvorum staðnum í hvert sinn og svo framvegis. Og svo verður til net fyrirtækja sem eru jafnframt upplýsingagjafi.

**16. Ert þú/þið meðlimir í einhvers konar starfssemi sem tengist ferðamálum, innan svæðisins, á landsvísu eða alþjóðavísu.**

Nei, en veistu um erlenda fjárfesta fyrir mig?

**17. Hvernig er markaðssetningu háttað hjá þér/ykkur?...Pass**

**18. Hefur þú/ þið tölu á eða hugmynd um hvernig gestir fengu upplýsingar um ykkur?...Pass**

**19. Ert þú/ þið með heimasíðu – vitið þið hversu margir heimsækja hana á dag/ár...Pass**

**20. Hver telur þú/þið að sé helsti samkeppnisaðili þinn. Hver telur þú að sé helsti samkeppnisaðili Stranda?**

Fyrir Strandamenn eru það næstu héruð – svona cirka Skagaströnd og Bjarkalundur

Fyrir brottflutta eru það líklega sumarbústaðahverfin og Costa del Sol

Fyrir Íslendinga er það allt landið

Fyrir útlendinga er það aðrir hlutar Íslands og önnur jaðarsvæði heimsins.

**21. Hversu mikilvæg telur þú/þið að upplýsingamiðstöðin á Hólmavík sé fyrir ferðaþjónustu á Ströndum.**

Eins mikilvæg og höfnin er fyrir útgerðina. Ómissandi.

En þar kemur aftur að fagmennsku. Starfsfólkið þarf að þekkja vel til og helst að fara ferð um sitt svæði amk. einu sinni á ári. Ég hef reyndar stungið upp á því hjá ferðamálasamtökunum að fara með starfsfólk upplýsingarmiðstöðva á Vestfjörðum í sameiginlegt ferðalag í upphafi vertíðar. Og svo þarf að vera fyrir hendi fræðslu- og uppflettiefni sem starfsfólkið kann eða þekkir, til að geta gefið góðar upplýsingar um hvaðeina er varðar staðhætti, náttúru og menningu svæðisins. Starfsmannavelta er líka mjög hröð hjá upplýsingamiðstöðvum eins og annarri ferðaþjónustu. Líklega myndi betra atlæti, menntun og metnaður fyrir hönd starfsmanna gera störfin meira spennandi og hægja þar með á starfsmannaveltunni.

**22. Telur þú/þið mikilvægt að auka gistirými á Ströndum og ef svo er er þá einn staður betri en annar og í hvaða klassa telur þú að gistingin eigi að vera?**

Það vantar gistirými yfir háannatímann og til að geta sinnt sértækum þörfum s.s.

hópum yfir 30 manns. Hins vegar þarf að auka nýtingu þeirrar gistingar sem fyrir er og

ekki líklegt að fjárfestar byggi af metnaði nema unnið sé að því að opna þá möguleika að lengja ferðamannatímamann. Þar er átt við samgöngumál og einnig þarf að finna markhópa sem þola svolitla óvissu (varðandi tíma og dagskrá (sem hvorttveggja fer eftir veðri)) og þróa vöru fyrir þá markhópa.

**23. Hversu mikilvægt telur þú/þið að reist verði hótél á Hólmavík og/eða byggt við Hótél Laugarhól eða Hótél á Drangnesi.**

Það er mikilvægt að byggja hótél en þá þurfa rekstrarforsendur að vera fyrir hendi. Í því sambandi gæti verið besta framtíðarstefnan fyrir ferðaþjónustu á Ströndum að vinna að inngöngu í myntbandalag Evrópu og fá aðgang að fjármagni á skikkanlegum kjörum.

Minni á hitunarkostnað og þá fáránlega stefnu að atvinnuhúsnæði á landsbyggðinni fá ekki niðurgreiðslu á orkukostnaði heldur aðeins íbúðarhús. ÞETTA ER STÓRT ATRÍÐI FYRIR LANDSBYGGÐARHÓTEL.

En varðandi staðarval, Drangnes og Bjarnarfjörður geta boðið hitaveitu, og á síðarnefnda staðnum þarf ekki að byggja frá grunni til að geta tekið á móti stærstu hópnum, en því er ekki að neita að Hólmavík er stærst og þar er flest önnur þjónusta. Þar er því auðveldara að reka svona stað yfir vetrartímamann á heimavinnuafli sem þó er í lausamennsku.

**24. Á hvaða markhóp telur þú/þið að vænlegast sé að horfa til fyrir ferðaþjónustuna á Ströndum**

Hér að ofan talaði ég um náttúru og sögu. En það eru bara mínar óskir/væntingar. Að mér vitanlega hefur ekki verið gerð rækilega greining á því hverjir eru ferðamenn og hvaða ferðamenn ættu erindi á Strandir til að gleðja sig og sína.

**25. Hver telur þú/þið að séu efnhagsleg áhrif ferðaþjónustunar á Strandir?** Pass - vantar að auka möguleika á því að bera fram heimaferðir – fisk , kjöt grænmeti. Matti brillerar svolítið á því að klippa niður skessujurt á diskana og bera fram (ógeðslega góða)Villisveppasúpu (aðallega kóngssveppir og kúalubbi úr hliðinni)

**26. Hver telur þú að séu samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar á samfélagið á Ströndum?**

Aukin fjölbreytni af heimaþólki og gestum. Vonandi verður farið að opna veginn oft af því að ferðamenn eiga leið um. Glögg er gestsins auga og sjálfsmynd Strandamanna þróast og eflist í samræmi við þann gestafjölda sem sækir okkur heim. Til að mynda lærurum við að meta umhverfi okkar og hugsum vonandi betur um það.

**27. Hversu mikilvæg telur þú að ferðaþjónustan sé fyrir Strandir?**

Ég hef ekki fylgst nógu vel með til þess að gera mér grein fyrir efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustunnar. En þetta er að framtíðargrein og vitað með vissu að fjöldi ferðamanna muni aukast – það er bara lífsmunstrið í dag. Ferðaþjónustan neyðir okkur til að hugsa til framtíðar og gera okkur grein fyrir styrkleikum og veikleikum svæðisins. Hvernig við getum byggt á því fyrra og bætt það síðara. Getum við sett stefnuna eða verðum við “kaffærð” í ferðamönnum sem við viljum ekki fá og höfum ekkert með að gera. Ég sé svo sem ekki fyrir mér slíka ferðamenn, en þú veist hvað ég meina er að tala um að efla styrk svæðisins og gera hann kunnar (markaðssetja).

**28. Hvernig hefur stuðningi a)sveitarfélagsins verið háttáð b)stuðningi ríkisins - Myndir þú/þið vilja sjá meiri stuðning? Hvernig þá?**

Það er rangt að tala eingöngu um stuðning þegar átt er við að “bæta samkeppnisstöðu” eða “rekstrarforsendur” eins og alltaf er verið að gera fyrir bankana. Það heitir allt stuðningur ef það kemur landsbyggðinni til góða. Aðgengi að fjármagni á eðlilegum vöxtum er einn þátturinn, samgöngur (þ.m.t. hálkuvörnir og sveigjanleiki hjá Vegagerðinni) og fjarskipti annar, niðurgreiðsla húshitunar atvinnuhúsnæðis á köldum svæðum er þriðji, rannsóknir á volgum svæðum er fjórði. Almennur aðgangur að framlagi ríkisins til markaðssetningar er fimmti (s.s. að ekki fari allur peningurinn í *stóra bróðir*). Ferðaþjónustan verður að hafa efni á því að ráða fagmenn og því er mikilvægt að fara vandlega yfir rekstrarforsendur hennar og bæta um betur.

**29. Getur þú/þið nefnt eitthvað eitt sem þér finnst vera helsta aðdráttarafla Stranda?**

Árneshreppur, Bjarnarfjörður, Lambatindur, Grímsey, Galdrasýningin, ....

**30. Getur þú/þið nefnt eitthvað eitt sem er meira aðkallandi en annað varðandi ferðaþjónustu á Ströndum til að hún geti vaxað og dafnað?**

Mér dettur í hug að ferðaþjónar (einn eða fleiri saman) hér virki í “báðar áttir”. Komi sér upp samböndum erlendis og skipuleggi ferðir heimamanna – eins eða fleiri. Reyna að uppfylla óskir fólks sem vill gjarnan ferðast utan alfaraleiða, en vill ekki standa í að redda öllum málum sjálfst á ferðalaginu. ...hafa upp á svona Ströndum allra landa

**31. Hversu mikilvægar telur þú/ að bæjarhátíðir s.s. eins og Bryggjuhátíð á Drangnesi Hamingjuhátíð á Hólmavík og aðrar hátíðir og uppákomur sem eru í gangi víðs vegar um sýsluna sé fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu?**





## **Viðtal við Ásbjörn Magnússon, útgerðarmann og framkvæmdarstjóra Drangnesi.**

**Drangnesi, 11. janúar, 2007**

### **1. Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gengt þessu starfi:**

Ásbjörn Magnússon, frá Ósi, hefur búið á Drangnesi í þrjátíu og fjögur ár, var eitt ár í Rvk. í byrjun búskapar.

### **2. Hvernig tengist þú/þið ferðamálum á Ströndum:**

1998 byrjaði ég á að ferja fólk frá Norðurfirði í Reykjafjörð stundum lengra og byrjaði með sjóstöng 1996, það gekk ekki sérstaklega vel. Síðan fékk Óskar á Dröngum mig til flytja fólk frá Norðurfirði í Reykjafjörð. Var í því þar til árið 2004 að heimamaður þar tók við.

### **3. Lýsing á starfinu/fyrirtækinu sem þú/þið vinnið fyrir:**

Byrjaði að byggja upp á Drangnesi fyrir þremur árum, með siglingar út í Grímsey, lítið fyrstu tvö árin en besta árið var nú í sumar, 2006. Fjöldinn í siglingum sl. sumar áætlar Ásbjörn að hafi verið um 600 manns og þar af um 300 manns á Bryggjuhátíðinni. Tímabilið stendur yfir mánuðina júlí og ágúst. Í júní er varp í eyjunni og þá má engin fara út í eyju, Ásbjörn segir að það mætti leggja göngustíga um eyjuna þar sem fólk myndi eingöngu vera á í júní til að styggja til skemma ekki varpið. Allan júlí er lundaveiði sem væri hægt að byggja á. Ásbjörn og konan hans voru með gistingu fyrir tíu manns sl. sumar og ætla að halda áfram, voru með leikskóla staðarins á leigu og íbúð í skólanum og fá leikskólann næsta sumar áfram en ekki íbúðina í skólanum en hafa von um að fá annað hús á leigu og síðan ætla þau að byggja hús sjálf niður á Grundum niður við sjó og þar verður pláss fyrir 8 manneskjur í gistingu sem á leigja út á sumrin fyrir ferðafólk og jafnvel fyrir beitingarfólk á veturnar. Húsið verður tilbúið í júní og síðan langar okkur að byggja upp í Verbúðinni sem Ásbjörn nota neðri hæðina fyrir að fella net sem stendur niður við sjó upp á lofti þar verður jafnvel pláss fyrir þjónustu- og upplýsingamiðstöð sem vantar alveg á Drangnesi. Staður þar sem fólk kæmist á salerni, gæti borðað nesti, keypt sér kaffi og eitthvað matarkyns og fengið upplýsingar.

Ásbjörn er ekki alveg búinn að hugsa hvernig hann ætlar að útfæra það, hvort hann yrði með plássið á loftinu sjálfur eða myndi fá fólk til reka það. Þarna yrði kíkir þannig

að fólk gæti horft út í eyju. Húsið er staðsett alveg niður við sjó 1. km sjónlína og frábært útsýni yfir í eyjuna.

**4. Hvað fólk er það sem sækir ykkur heim – Íslendingar, útlendingar, einstaklingar, hópar á eigin vegum, á vegum ferðaskrifstofa og annað sem kemur til greina og hversu margir ferðmenn koma til ykkar á ári og hvernig skiptist það á milli mánuða. (áætlað ef ekki liggja fyrir tölur)**

Mest Íslendingar sem koma og Sundhani fór tvær ferðir í viku, föst áætlun og það gekk ekki sérstaklega vel. Einstaka útlendingar slæðast með og þá bara einstaklingar á bílaleigubílum. 600 manns sem koma á ári. Báturinn tekur 25 manns.

**5. Almenn um ferðaþjónustuna á Ströndum hvernig finnst þér staðan vera í dag, og hvernig hefur hún þróast og breyst síðan þú/þið komst til starfa og framtíðarsýn/horfur í ferðaþjónustunni á svæðinu og í hverju liggur framtíðin.**

Það fer mikið af fólki hér í gegnum sýsluna norður í Norðurfjörð sem er að fara í siglingu þar og til berja en hér á Drangnesi stoppar ekki mikið af fólki en nú er komin ný sundlaug og hún hefur stoppað fólk meira af en síðan hefur vegur ekki verið mjög góður hingað og voru vegframkvæmdir hér í fyrra og árið þar áður og það hefur kannski haft eitthvað að segja en mest hefur fólk bara keyrt hér í gegn, það hefur ekki verið nein sjoppa eða nein þjónusta til að stoppa fólk af, ekki opin búð um helgar, það þarf að breytast hafa eitthvað til að laða fólk að.

**6. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Aðallega að fólk getur komist svona út úr í ósnorta náttúru og með því að sigla norður í Reykjafjörð og ganga norður eftir sem er alveg stórkostlegt.

Fjörur alveg ósnortnar, reki eiginlega ekki hirtur hér fyrir norðan Drangnes og margt að skoða í fjörunum síðan er það Grímsey, ég held að það sé ekki síðra að koma hér eða á Látrabjarg, mér er sagt að þetta sé stærsta lundavarp á einni eyju.

Það er mjög gaman að koma út eyju, það geta allir komið og veitt lunda, en hingað til hafa ekki verið til nægilega margir háfar en eigendurnir (að Grímsey) eru að fjárfesta í háfum sem þeir ætla að leigja með þannig að hver sem er ætti að geta komist í lundaveiði, eða þeir sem treysta sér til að snúa lundann úr háslíðnum.

**7. Hvað með samgöngur, telur þú/þið að ferðaþjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Ég er alveg viss um að það verður vítamínssprauta fyrir þetta svæði, þetta stytir svo ferðina frá Reykjavík. Það er strax fólk farið að tala við Reimar (sá sem flytur fólk á milli frá Norðurfirði og frá Ísafirði) um að flytja sig héðan frá í staðinn fyrir frá Djúpi norður í Hornvík þetta og ef allt fólk sem fer þar um núna fer hér í gegn, þannig að það myndi hafa mjög jákvæð áhrif.

### **8. Hvaða þátt ferðaþjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri ferðamenn utan háannatíma.**

Ég held að það sé gisting og önnur þjónusta, mér skilst að það sé allt orðið fullt hjá Matta og hjá þeim í Djúpuvík, yfir sumartímann, þannig að það vantar örugglega fleiri gistirými á svæðið. Utan háannatíma væri hægt að bjóða upp á gæs, rjúpu og sjóstöng en þá þarf nátturlega að vera fjölbreyttir gistimöguleikar til staðar og einhver staður þar sem fólk getur keypt sér mat en líka gisting þar sem fólk getur eldað sjálft, einhvers konar sumarbústaðir og í þessu húsi sem við erum að reisa er pláss fyrir átta manns, hugguleg setstofuaðstaða og eldhús. Ég hef verið í sambandi við tvo aðila sem eru að ferðast um í Ecoline bílum og það eru örugglega mikið fleiri á álíka farartækum og ég að það geti verið mikið ævintýri að fyrir þetta fólk að fara að veiða lunda eða fara á sjóstöng

### **9. Hvað telur þú að ferðaþjónusta geri fyrir atvinnulífið á Ströndum?**

Það verður náttulega meiri verslun, það er alveg á mörkunum að það sé hægt að reka búðina hér og jafnvel yrði það meira aðlaðandi fyrir fólk að flytja hingað þegar vegurinn styttest hingað ekki nema tveir og hálfur eða þrjár tímar í Reykjavík, þannig að við verðum ekki lengur út úr og með tilkomu breyttra samgagna breytist þetta orðspor sem hefur farið af þessu svæði að vegirnar séu alveg hræðilegir.

### **10. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðaþjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér/ykkur þetta snúa að Ströndum?**

Þegar ég var í því að ferja fólk norður á Hornstrandir var ég var við að það vantar kamra á göngustígum hér fyrir norðan. Í þrjá daga eða meir þegar fólk hefur velt við steinum til að gera stórt þá er eiginlega búið að nota það pláss svo það er ekki sérstaklega aðlaðandi og göngufólk hefur talað um að það þurfi að koma með einhverja svoleiðis aðstöðu þarna þar sem mikil fjölgun hefur átt sér stað í göngum á þessu svæði.

Merkingar á vegum og þjónustuskilti alls konar, ekki hefur verið hægt að fá bensín hér sem er nú reyndar búið að kippa í lag, nú er hægt að fá bensín hér sem er reyndar dýrara en á Hólmavík, og síðan var kvartað undan að hér væri ekkert um að vera, en nú er alla vegna komin hér sundlaug og þessar siglingar út í eyju það hlýtur eða ég vona það að það sé til bóta. Búðin er bara opin á laugardögum ekki á sunnudögum og það er engin sjoppa þannig að fólk hefur ekki getað nálgast neinar matvörur þá og síðan er auðvitað engin matsala hér. Síðan hefur borið við að merkingar í bæklingum séu ekki réttar, sagt að það sé hægt fá bensín hér og kaupa mat sem ekki var hægt.

Of mikið batterí að setja upp matsölu á svona litlu svæði og ekki hægt að ætlast til að það sé á svona litlum stað t.d. á þessum stað sem við ætlum að opna þá er hugsunin í framtíðinni að vera með einhvers konar sjoppufæði ekki matsölu í þeim skilningi þar sem það yrði allt of dýrt.

**11. Hvernig finnst þér/ykkur samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d. við Ísaförð eða aðra hluta Vestfjarða. Telur þú/þið þessa samvinnu mikilvæga?**

**Hver er skoðun þín/ykkar á að svæðið þ.e. annars vegar Strandir og hins vegar Vestfirðir, markaðssetji sig sem ein heild?**

Ég held að hún sé öll að koma til. Við förum nokkur á námskeið hjá Iðntæknistofnun. Mér finnst þetta allt vera ágætis fólk ég get ekki séð annað ég er ekki besti maður til að hafa samband við fólk en ég held að það séu allir búnir að gera sér grein fyrir því að það er það sem gildir sé samvinnan og að hver vísi á annan og það vindi upp sig og fleiri koma.

Svæðið á að markaðssetja sig sem heild, en bara Strandir ekki með Ísafirði það er orðið allt of langt í burtu, við höfum verið í samstarfi við þá fyrir vestan á Ísafirði en mér finnst það ekki vera að skila neinu, allt í lagi að vera í sambandi við þá en ekki að markaðssetja með þeim.

**12. Ert þú/þið í samvinnu við einhverja í sambandi við markaðssetningu?**

**En samvinna í sambandi við eitthvað annað tengt ferðaþjónustunni?**

**13. Ert þú/þið meðlimir í einhvers konar starfssemi sem tengist ferðamálum, innan svæðisins, á landsvísu eða alþjóðavísu.**

Það er nú alltaf verið að rukka mig um einhver gjöld en ég er ekki skráður meðlimur í neinum samtökum

#### **14. Hvernig er markaðssetningu háttáð hjá þér/ykkur?**

Ég hef verið mjög lélegur í því, ég var bara með bækling í fyrra sem ég dreifði um svæðið hér og suður í Borgarnes, sumir sögðu að ég hefði átt að senda hann á Seyðisfjörð þar sem ferjan kemur í gang og svo auglýsti ég hér á upplýsingamiðstöðinni á Hólmavík og hengdi upp platköt hér og þar. Ég hef ekki verið með heimasíðu en stefni að því og svo var ég í samstarfi við Vesturferðir á Ísafirði en það kom ekki einn einasti farþegi frá þeim þó þau sögðust hafa auglýst okkur mikið. En ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fara á netið. Ég er allt of slappur í þessari markaðssetningu því ég veit að hún er alveg nauðsynleg en ég geri mér grein fyrir því að það er alls ekki sama hvernig það er gert og hvar það gert en ég verð að vinna meira í þeim málum.

#### **15. Hefur þú/ þið tölu á eða hugmynd um hvernig gestir fengu upplýsingar um ykkur?**

Já örugglega annað hvort með bæklingum eða af afspurn. Ég held að það eigi að búa til einhvern hressilegan og góðan sameiginlegan bækling fyrir svæðið þar sem sagt frá því sem er í boði í afþreyingu og þjónustu. Strandir.is hafa auglýst okkur vel og vandlega með umfjöllun um okkur og sú síða er mikið skoðuð og lesin og sjálfsagt hafa komið margir í gegnum þá síðu án þess að maður geri sér grein fyrir því.

#### **16. Hver telur þú/þið að sé helsti samkeppnisaðili þinn. Hver telur þú að sé helsti samkeppnisaðili Stranda?**

Ég held að það sé í rauninni engin sem er í samkeppni við mig hér, en það er alltaf hættan að það komi einhver þegar búið er að vinna upp markaðinn en það verður þá bara að hafa það en ég held að ég hafi nú eyjuna nokkuð út af fyrir mig.

#### **17. Hversu mikilvæg telur þú/þið að upplýsingamiðstöðin á Hólmavík sé fyrir ferðarþjónustu á Ströndum.**

Ég er alveg viss um að hún er alveg roslega mikilvæg, bara fyrir okkur í þessar gistingar t.d þá held ég að fólk komi mikið þaðan, ég hef auglýst föstu ferðirnar frá mér þarna það hefur reyndar ekki komið mikið út úr því stundum fórum við með einn og stundum felldum við niður ferðir en það hlýtur að eiga eftir að sanna sig því ég hef ekki heyrt neitt nema fólk sé rosalega ánægt engar óánægjuraddir, meira að segja þegar ég strandaði þá var fólk alveg rosalega ánægt.

#### **18. Telur þú/þið mikilvægt að auka gistirými á Ströndum og ef svo er er þá einn staður betri en annar og í hvaða klassa telur þú að gistingin eigi að vera?**

Ég myndi nú segja að það eigi að bæta við hótelið á Laugarhól en frekar sumarhús á Hólmavík einhvers konar svoleiðis byggð þá getur fólk dvalið þar í nokkra daga og keyrt um svæðið. Aftur á móti á hóteli með baði og þess háttar aðstöðu þar sem fólk dvelur yfirleitt ekki á nema eina nótt það held ég að ætti að vera á Laugarhól og hér á Drangnesi líka mæti bæta við gistingu í sumarhúsum/heilsárhúsum

**19. Á hvaða markhóp telur þú/þið að vænlegast sé að horfa til fyrir ferðapjónustuna á Ströndum**

Fuglaskoðarar og fjölskyldufólk, hópar og ættarmót.

**20. Hver telur þú að séu samfélagsleg áhrif ferðapjónustunnar á samfélagið á Ströndum?**

Ég held að það geti orðið til þess að þjónustan við þetta svæði aukist ef ferðapjónustan eykst og gæti jafnvel skipt sköpum fyrir framtíð byggðar á svæðinu.

Ég held að það geti orðið fjölgun á sumarhúsum hér í einkaeign með aukinni ferðapjónustu og meira líf og fjör.

**21. Hvernig hefur stuðningi a) sveitarfélagsins verið háttað b) stuðningi ríkisins Hefur þú fengið styrk: hvaða þá og hve háa upphæð?**

Góður skilningur frá sveitarfélaginu þeir hafa að vísu litla fjármuni en ekkert nema jákvætt frá þeim. Ég fékk styrk erlendis frá til að laga hafnaraðstöðuna út í eyju, fékk 500.000 í styrk sem dugar fyrir efninu við að laga aðstöðuna

- Myndir þú/þið vilja sjá meiri stuðning? Hvernig þá?

**22. Getur þú/þið nefnt eitthvað eitt sem er meira aðkallandi en annað varðandi ferðapjónustu á Ströndum til að hún geti vaxað og dafnað?**

Stórbæta þjónustu við ferðamenn allskonar merkja gönguleiðir, já bara bæta alla þjónustu.

**23. Hversu mikilvægar telur þú/ að bæjarhátíðir s.s. eins og Bryggjuhátíð á Drangnesi Hamingjuhátíð á Hólmavík og aðrar hátíðir og uppákomur sem eru í gangi víðs vegar um sýsluna sé fyrir ferðapjónustuna á svæðinu?**

Ég held að það sé roslega gott, þær hafa heppnast alveg roslega vel, það er alltaf stígandi í fólksfjölda það hlýtur að hafa góð áhrif, það kemur mikið sama fólkið ár eftir ár og síðan bætist við en auðvitað spilar veðrið inn í ef spáin er vond þá kemur færri fólk. Það spilar líka inn í að þetta eru öruggir dagar í gistingu, allt fullt þannig að fólk getur a.m.k. gengið að því vísu.

Þegar Hamingjudagar voru á Hólmavík þá var ekki mikið að gera en það var auðvitað leiðindaveður en ég held að það sé alveg framtíð í því að bjóða upp á ferðir frá þeirri hátíð.

Það er sama fólkið sem kemur ár eftir ár á sjóstöng, finnst þetta frábært, Ég stefni á það að bjóða upp á að selja fólk kvóta og ganga frá fiskinum fyrir það því fólk hefur verið að kvarta undan að geta ekki gengið frá fiskinum, kann það ekki og veit ekki hvað það á að gera við kannski 100 kíló að fiski, en ég hef verið í samvinnu við Fiskistofu til að gera þetta allt lögleg og rétt.

**24. Hver er þín/ykkar skoðun á að Strandir séu markaðssett í tengslum við galdra?**

Finnst það alveg bráðsniðugt þessir karlar sem standa að því, ég held bara að við verðum að fara að geta farið að galdra eitthvað.

**25. Hvað finnst þér um þá menningartengdu ferðþjónustu sem nú er í boði á svæðinu?**

Æi ég veit svo lítið um það

**Síðan allt annað sem þér/ykkur dettur í hug að nefna í sambandi við ferðþjónustu og annað því tengt.**

Mig langar að auka fjölbreytileikan í því sem ég er með, sigla hringinn í kringum eyjuna í júní þegar ekki má fara upp í eyjuna. Kannski væri hægt að bjóða fólki upp á að gista út í eyju en þá þarf að reisa aðstöðu og það er ekkert vatn í eyjunni en það er örugglega ekkert mál að vera með vatnstank þannig að fólk komist í vatn.



**Viðtal við Ásdísi Leifsdóttur, sveitastjóra Strandabyggðar Hólmavík.**

**Hólmavík, 13. janúar 2007.**

**1. Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gengt þessu starfi**

Hefur starfað sem sveitarstjóri í fjögur og hálf ár og telur það eitt af sínum stærstu gæfusporum að hafa komið á Strandir, er orðin algjörlega heilluð af svæðinu og Vestfjörðum yfir höfuð. Það er mjög sérstakt að ég skuli hafa tekið þessa ákvörðun þar sem mín ímynd af Vestfjörðum var mjög dökk og helgaðist af þeim fréttum sem við höfum yfirleitt af þessu svæði sem voru yfirleitt mjög neikvæðar slæmir vegir, atvinnuleysi, snjóflóðahætta maður hafði ekki neina jákvæða ímynd af þessu svæði, því miður ég er ansi hrædd um að það séu æði margir sem sitji á suð-vestur horninu og hafi þessa sömu ímynd viti bara ekki alveg af hverju þeir eru að missa. Þetta er algjör perla og fjölbreytileiki náttúrunnar á ekki stærra svæði heldur en á Vestfjörðum er alveg ótrúlegur og er Árneshreppurinn er alveg heimur út af fyrir sig.

**2. Lýsing á starfinu/fyrirtækinu sem þú/þið vinnið fyrir Hvernig kemur hreppurinn að ferðamálum á svæðinu?**

Ég er ekki viss um að menn hafi almennt gert sér grein fyrir þeim vaxtabroddi sem liggur í ferðaþjónustunni en það hefur orðið mikið breyting á undanfarin ár og ég held m.a. Strandabyggð hafi verið rausnarleg í sínum framlögum og framsýni eins og í rekstri upplýsingamiðstöðarinnar hér fyrir ferðamenn og ég hef heyrt því fleygt að við séum skrefi frammar en aðrar upplýsingamiðstöðvar hérna svo ég horfi bara til Vestfjarða. Við erum með nettenginu, fólk getur fengið sér kaffisopa, eldað og öll þjónusta mjög góð og upplýsingastreymi mjög gott. Sögusmiðjan hefur séð um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar fyrir Strandabyggð og hefur staðið sig mjög vel og það eru fjölmargir gestir sem skrifa í gestabók og lýsa ánægju sinni með hve góð þjónustan er, upplýsingar góðar og öll aðstaða mjög góð. Tjaldsvæðið er rekið með upplýsingamiðstöðinni og við förum út í það að stækka tjaldsvæðið og við bjóðum upp á þá þjónustu að húsbílar geti komið og tengt sig við rafmagn

**3. Hvers konar fyrirtæki, hvert er rekstrarformið, hve lengi hefur það verið í rekstri? hvenær er það opið, hvað eru mörg störf í fyrirtækinu – heilsársstörf/hlutastörf.**

Strandabyggð fjármagnar rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar og í gegnum Héraðsnefnd Strandasýslu þá fáum við stuðning en þar sem framlag til

Héraðsnefndarinnar kemur að stórum hluta frá Strandabyggð þá erum við að taka úr eigin vasa að miklu leyti.

**4. Hvað fólk er það sem sækir ykkur heim – Íslendingar, útlendingar, einstaklingar, hópar á eigin vegum, á vegum ferðaskrifstofa og annað sem kemur til greina og hversu margir ferðmenn koma til ykkar á ári og hvernig skiptist það á milli mánuða. (áætlað ef ekki liggja fyrir tölur)**

Ég hef ekki þá tölur á takteinunum en Sögusmiðjan hefur séð um alla tölfræði varðandi ferðamenn. Komur og skiptingu þeirra o.sfr.

**5. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Sérstaða Stranda er alveg gífurlega mikil. Hér er mikil saga og þeir eru farnir að virkja þá sögu mikið við höfum notið manna eins og þeirra galdrasafnsmanna Jóns Jónssonar, Sigurðar Atlasonar og Magnúsar Rafnssonar, þeir eru búnir að vinna þrekvirki á þessu svæði í því að koma þessari sagnahefð á. Galdrasafnið, á sínum tíma það þarf einmitt svona ofurhuga, frumkvöðla, ég efast um að á sínum tíma ef þeir hefðu vitað út í hvað þeir voru að fara að þeir hefðu farið að stað. Ég veit að Galdrasafnið nýtur ómældrar virðingar ekki bara innalands heldur erlendis líka. Það er verið vinna á Selströnd, þeir eru að grafa upp leifar upp eftir Baska. Baskar voru hér og ráku hvalstöð og það er verið að vinna í þeim uppgreftri og ég veit að þeir eru með miklar hugmyndir um áframhaldið. Það er rík saga landslagið er ótrúlega fjölbreytt á ekki lengri kafla og landslagið hér Hólmavík minnir mig einna helst á landslagið í Borgarfirðinum eða við Lagarfljótið, lágar borgir, gróðursæld. Árneshreppurinn svo ég komi enn inn á það hann er einn heimur út af fyrir sig. Það er ekki hægt að lýsa því, þú verður bara að upplifa það það er eins og detta inn í ævintýrabók. Mér finnst landslagið bara svo öðruvísi og töfrandi. Veðursældin kom mér líka mjög mikið á óvart ég taldi auðvitað að allt væri best á suð-vestur horninu. Ég hef sjaldan upplifað jafnmikið logn eins og ég upplifi hér á Hólmavík. Dýralíf og mannlíf, mannlífið hér er alveg einstaklega gott. Mér finnst Strandafólk vera þannig að þeir taka öllum eins og þeir eru í Reykjavík í dag og ekki bara í Reykjavík ég held að það sé víða þannig að áður fyrr að kynlegir kvistir sem fengu að njóta sín þeir sjást ekki lengur þessu fólki er ýtt til hliðar. Hér fær fólk að vera eins og það er og það er tekið á sínum eigin forsendum og þetta kann ég alveg gífurlega vel að meta. Svo er ég nægilega gamaldags að koma inn í samfélag þar samkennd og samhjálp er enn til staðar og fá fréttir eins og maður veit að hefur verið

lengi vel ríkjandi að fólk getur orðið það einmanna og afskipt að það getur legið dáið í nokkrar vikur og það veit engin.

#### **6. Hvað með samgöngur, telur þú/þið að ferðaþjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Ferðaþjónustan mun eflast. Ef maður hugsar til baka sunnudagsbíltúrar með fjölskyldunni þegar ég var að alast upp þá var algjört þrekvirki að fara upp í Borgarfjörð. Það tók kannski þrjá, þrjá og hálfan tíma að komast þá vegalengd á þeim tíma. Núna horfum við fram á það með veglagningu um Arnkötludal að þetta verður kannski tveir og hálfur tími og þá erum við komin inn í þann radíus ekki það einasta að fólk sjái sér fært að koma í svona dagsferð heldur erum við líka að fara inn í þennan radíus fyrir sumarhúsabyggðir/frístundarhús að þeir sem eiga þau vilja nýta bygginguna sem best og þá má það ekki taka meira en tvo, tvo og hálfan tíma þannig að þú getir farið á föstudegi og komið heim sunnudegi. Ég held að það skapist tækifæri fyrir ferðaþjónustuna við þessa veglagningu. Ég vil nátturlega láta bæta vegi hér innan sýslunnar mjög mikið þeir eru víða stórhættulegir. Svo t.d. eins og vegurinn sem liggur frá Norðurfirði yfir í Ingólfsfjörð. Mér finnst svolítill sjarmi líka að hafa ákveðna vegaslóða svo þú sért ekki að keyra allt á malbiki þannig að maður hafi svolítið fyrir því að komast og ég upplifi að við séum ekkert farin að gera okkur grein fyrir hvað þetta verður dýrmætt fyrir Vestfirði og heiminn að hafa svona svæði svona stórt landsvæði sem þú kemst ekki nema fótgangandi eða þú ert flutt á báti þetta er ósnortin náttúra þú finnur þetta hvergi í Evrópu og þetta á eflaust eftir að selja grimmt í framtíðinni. Fólk þarf að komast úr úr hringiðunni fólk þarf að komast í kyrrðina að upplifa sig með náttúrunni. Ég er alveg viss um það eftir svona tíu til fimmtán ár þá á þetta eftir að vera algjör paradís sem á eftir að selja.

#### **7 og 8. Hvaða þátt ferðaþjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri ferðamenn utan háannatíma.**

##### **Hvað telur þú að ferðaþjónusta geri fyrir atvinnulífið á Ströndum?**

Það er staðreynd að þetta hefur verið helsti vaxtarbroddurinn hér og mun meiri tækifæri sem eiga eftir að koma í ljós í sambandi við þessa atvinnugrein en það sem stendur henni einna helst fyrir þrifum er hvað ferðamannatíminn er stuttur. Það er spurning um hvernig við getum markvisst lengt hann því að það er erfitt, kannski fyrir fólk að lifa á þeim tekjum sem kannski koma tvo, tvo og hálfan mánuð. Ég veit það

ekki ég held að okkur séu allir vegir færir í þeim efnum að geta fá vetrarþjónustu líka Hins vegar stendur okkur fyrir þrifum hér á Ströndum að okkur vantar gæðahótel, gæðagistingu. Það er bara að með ferðamenn að það er ótrúlega stór hópur sem er bara neytendur og þeir vilja fá aðgang að gæðum og þeir eru reiðubúnir til að borga fyrir þessi gæði. Þeir bara vilja panta ferðina fara einhvern ákveðin rúnt og þetta er algjörlega óplægður akur en það stendur okkur fyrir þrifum það er gistingin.

### **9. Hvað með menntun fólks í ferðaþjónustu, er henni ábótavant og hvað má aðallega bæta?**

Það hefur verið að lagast mikið og ég horfi bara á Strandirnar þá eigum við gífurlega mikið af vel menntuðu fólki sem er að sinna þessum störfum á sumrin, þetta hefur verið að lagast mikið en betur má ef duga skal.

### **10. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðaþjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér/ykkur þetta snúa að Ströndum?**

Þeir hafa verið með könnun í gangi upp í upplýsingamiðstöðinni sem er ómetanlegt því þá fær maður stöðuna á því sem er í gangi. Það er mikið kvartað undan versluninni bæði stuttur afgreiðslutími að mati ferðamanna og lítið vöruúrval, þetta heyrir maður mjög mikið. Hvað í raun og veru Strandirnar sjálfar snertir landsvæðið og þjónustuna sem fólk er að fá þá eru allir afskaplega ánægðir. Maður fær mjög góða dóma fyrir þjónustuna sem veitt er á tjaldsvæðinu og fólk er afskaplega ánægðt með það hve Strandamenn eru framsýnir þú keyrir varla 20km án þess að finna 25km laug, fólk kann að meta þetta. Það er eitt það helsta að ég hafi heyrt óánægjuraddir með sjoppuna og vöruúrvalið í búðinni. Og það er líka svolítið skondið að fólki finnst það svo sjálfsagt að koma í Norðurfjörðinn og Drangnes að koma inn í lítið kaupfélag það finnst því vinlegt og spennandi að fá að gramsa og sjá. En það gerir auknar kröfur með stækkandi byggðarkjörnum eins og hér á Hólmavík og með réttu. Þetta er eitthvað sem við þurfum að huga að.

Það er reyndar eitt sem vakti forvitni mína yngra fólkið vill ekki ferðast þar sem er ekki gsm samband þannig bara er það. Það er svo háð þessum stöðugu sms sendingum og vera í símasambandi að það bara vil ekki vera hérna það snýr bara við þegar fólk finnur að það er detta út. Mér fannst þetta stórfurðulegt fyrst, bara bilun í beinni eins og sagt er. Ég hélt einmitt að fólk vildi komast í að fá að vera í friði en svona bara er þetta.

**11. Hvernig finnst þér/ykkur samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d. við Ísaförð eða aðra hluta Vestfjarða. Telur þú/þið þessa samvinnu mikilvæga?**

**Hver er skoðun þín/ykkar á að svæðið þ.e. annars vegar Strandir og hins vegar Vestfirðir, markaðssetji sig sem ein heild?**

Samvinnan hefur alls ekki verið nægilega góð bæði innan svæðisins og eins í tengslum við önnur svæði og ég hef heyrt það á Sögusmiðjumönnum að þeim hefur stundum fundist þeir býsna einir í því sem þeir eru að gera. Ég veit að markaðsstarf hérna innan Vestfjarða var lítið virkt og því var sett á stofn þessi Markaðsskrifstofa. Við vorum öll að reyna að gera eitthvað en það var ekkert markvisst. Núna er verið að reyna að koma þessum pakka yfir eitt borð að þar séu hlutirnir samþættir, þar sé heildarsýn og reynt að marka heildarstefnu fyrir svæðið þetta hefur aldrei verið. Ég held að þetta geti bara leitt gott af sér til framtíðar. En auðvitað erum við ekki farin að sjá neinn árangur. Það hefur kannski verið svolítið mikið um það að hver og einn er að bauka í sínu horni það hefur þó breyst bara þessi hugsun sem kemur með “galdramönnum” að strax í byrjun var ekkert bara verið að hugsa um að setja upp eitthvert galdrasafn á Hólmavík. Þeir voru alveg staðráðnir í að vera með það í Bjarnarfirði og þeir eru staðráðnir í að vera með það í Trékyllisvík. Þetta er voðalega góð og jákvæð hugsun. Þeir sjá og upplifa svæðið í heild ekki bara einhvern afmarkaðan hluta þar sem myndi bara henta mér að byggja upp af því að ég bý hér og þetta hefur smitað út frá sér.

Fyrst þegar ég kom hér var ég voða undrandi á ekki stærra svæði að það skyldi vera svona mikill rígur sem maður upplifir hér og upplifir því miður enn. Faðir minn var frá Snæfellsnesi og maður fékk að heyra sögur frá Ólsurum og Söndurum og á tímabili upplifði ég mig bara á slíku svæði. Mér fannst þetta alveg með ólíkindum að ákvarðanir og viðhorf skyldu mótast af einhverjum gömlum rígg og fólk var þarf af leiðandi að taka ákvarðanir sem frekar sköðuðu heldur en bættu stöðuna hjá því sjálfu. Mér finnst þetta vera á undanhaldi líka ég held að tortryggnin sem hefur ríkt um það að stækkað sveitarfélag ætli sér að gína yfir öllu hugsu bara um naflann á sjálfu sér ég held að þetta viðhorf sé mikið að breytast og fólk að gera sér grein fyrir því að við lifum ekkert án þess að hafa sveitirnar í kringum okkur og án þess að hafa Drangnes, því sterkari byggð í kringum okkur því meiri líkur á að byggð haldist hér og öfugt. Sveitastjórnarmenn eru farnir að vinna meira saman og það hjálpar til við að fá þessa

víðsýni og þessa heildarmynd m.a í sambandi við ferðaþjónustuna og fyrir svæðið í heild.

Mér finnst þó að við séum að vinna með Vestfirðingum að markaðssetningu þá eigum við líka að markaðssetja okkur sér. Við erum að mörgu leyti ólík öðrum svæðum á Vestfjörðum ekki það að við séum eitthvað betri eða verri heldur bara að það er mjög ólíkt. Ég er að tala um tortryggni ég er svo engu betri sjálf manni finnst til að á mann sé ekki hallað þá þurfi maður að vera með puttana í þessu sjálfur.

## **12. Ert þú/þið í samvinnu við einhverja í sambandi við markaðssetningu?**

### **En samvinna í sambandi við eitthvað annað tengt ferðaþjónustunni?**

Hreppurinn styður Sögusmiðjuna. Í gegnum Sögusmiðjuna við kaupum af henni þjónustu þeir sjá alfarið um þetta. Allt sem lýtur að þessari þjónustu í sambandi við ferðamenn. Ég er farin að líta á þá sem sérfræðinga á sínu sviði og því rétt að kaupa þá þjónustu af þeim.

## **13. Ert þú/ þið með heimasíðu – vitið þið hversu margir heimsækja hana á dag/ár**

Hreppurinn er með heimasíðu sem er ekki nægilega góð, þarf að laga. Eftir að Strandir.is kom þá hefur orðið mikil aukning á ferðamönnum. Svo höfum við líka hjá hreppnum keypt okkur inn á leitarvélur ef það er verið að fletta upp á Íslandi. Þetta er kannski eitt af því sem við höfum ekki verið nógu dugleg að nýta okkur og líka það að heimasíðan er okkur ekki til sóma eins og hún er núna og við höfum ekki verið að auglýsa hana sérstaklega mikið. Það þarf að breyta henni þarf að færa hana fram til dagsins í dag, nútímavæða hana og gera hana aðgengilegri.

## **14. Hver telur þú/þið að sé helsti samkeppnisaðili þinn. Hver telur þú að sé helsti samkeppnisaðili Stranda?**

Já þegar að stórt er spurt, eigandi hættu á að hljóma alveg sérstaklega hrokafull þá finnst mér sérstaða Stranda það mikil að ég lít ekki á aðra í kringum mig sem ógnun heldur frekar tækifæri þá á ég við ef verið er að auglýsa upp Látrabjarg eða Dynjanda. Við eigum ekkert svona eitt en mér finnst fjölbreytileikinn hér það mikill við getum farið inn í Djúpið inn að Kaldalóni, sjá samspil gróður og jökuls þar. Þar er alveg gífurleg náttúrufegurð sérstök. Ísafjarðardjúpið er alveg sérstakt og mikil fegurð þar en þetta er einn heimurinn. Árneshreppurinn allt annar heimur, að fara inn í Bjarnarfjörð allt annar heimur. Það er hægt að upplifa svo ólík svæði að það er alveg sérstakt og mér finnst þetta í raun og veru svo sérstakt að ég lít ekki á þetta sem er í kringum okkur sem neina ógnun ég sé bara tækifæri.

**15. Hversu mikilvæg telur þú/þið að Upplýsingamiðstöðin á Hólmavík sé fyrir ferðapjónustu á Ströndum.**

Ég tel hana vera gífulega mikilvæga það eru náttúrulega búið að eiga sér stað miklar umræður í gegnum sveitastjórnina hér maður heyrir auðvitað þau viðhorf að menn ímynda sér það að þó að það væri engin svona upplýsingamiðstöð þá myndu ferðamenn hvort eð er koma og þetta skili litlu. Ég er alls ekki sammála, engan veginn. Ég veit það bara í sambandi við markaðfræðina að tíu ánægðir viðskiptavinir eru ekkert á við einn óánægðan. Einn óánægður getur eyðilagt miklu meira heldur en tíu ánægðir og það skilar sér í góðri ummfjöllun. Ég held það m.a. fyrir utan allt annað að þá hefur Upplýsingamiðstöðin verið svona varnargirðing ef einhver hefur verið óánægður þá hefur hún getað gripið inn í komið til móts við og sent viðkomandi ánægða frá sér. Þetta er miklu stærra dæmi og dýrmætara en fólk almennt gerir sér grein fyrir. Svo upplýsingamiðstöðin hefur í mínum huga alveg gífurlegt gildi og vægi.

**16. Telur þú/þið mikilvægt að auka gistirými á Ströndum og ef svo er er þá einn staður betri en annar og í hvaða klassa telur þú að gistingin eigi að vera?**

Nú verð ég að vera þínulítið sjálflæg, ég sit hér upp með Félagsheimili sem er með litla eða enga notkun en er á gífurlega skemmtilegu svæði, þarna er tjaldsvæði rétt innan handar, íþróttahúsið við erum að fara gera knattspyrnuvöll eða svona íþróttasvæði þar sem fólk getur þá á sumrin notað í ýmiskonar leiki. Það er verið að byggja upp þetta svæði á mjög skemmtilega hátt og þar sæi ég fyrir mér í tengslum við þetta félagshemili að því yrði breytt og byggt við það háklassagistirými þar.

Aftur á móti í Bjarnarfirðinum að sko það yrði tekið í gegn það sem þegar er komið og byggt við og þeir gætu tekið við þeim hópum sem meira vildu fá að upplifa náttúruna, komast í gönguferðir o.þ.h. þannig sé fyrir mér Bjarnarfjörðinn, fólk sem vill þægindi en kannski ekki hágæðalúxus. Í sambandi við Djúpivík þá held ég að þar sé annars konar markhópur og þar er hægt að byggja við með tíð og tíma en ég er ekki viss um að það væri mikill sjarmi yfir því þetta er svo flott eins og það er.

Ég sé ekki fyrir mér hótél á Drangnesi en þar væri hægt að vera með frístundahús gera upp verbúðir, litla gistingu. Hvaða ferðamenn fáum við eftir tuttugu ár, fólk sem elst upp við að það sé matað á afþreyingu og það mun koma og krefjast þess að því verði bara skemmt og mér hefur dottið í hug að hægt væri að búa til heilt galdrapörp og vera bara með í útjaðrinum hrörleg hús að utan en flott að innan svolítið í anda Harry Potter en halda tryggð við söguna hér. Allt væri í anda galdra, maturinn, sælgætið allar vörur

sem væru seldar þarna. Þetta myndi krefjast íbúa og allir væru í ákveðnu hlutverki. Galdrar og töfrar er eitthvað sem alltaf er spennandi og ég held að það sé heilmikil framtíð í þessu.

### **17. Á hvaða markhóp telur þú/þið að vænlegast sé að horfa til fyrir ferðaþjónustuna á Ströndum**

Ég vil fá fólkið sem á peninga og skilur eitthvað eftir sig. Þeir fóru af stað með virkilega góða hugmynd bæði á Tálknafirði og á Súðavík í sambandi við sjóstangaveiðimennina en hafa brennt sig virkilega á því að þeir, þ.e. veiðimennirnir eru ekki að skilja neitt eftir sig, þeir kaupa ekki einu sinni mat og það er ekki sá markhópur sem ég vil fá hingað. Til að ferðaþjónustan vaxi og dafni þá þurfum við að fá fólk með peninga það er alveg ljóst. Ég horfi svolítið til þessa ríku aðila sem eru bara að koma til að fá Gullfoss/Geysir rúntinn hér. Þetta er sá markhópur sem ég horfi til hér og síðan myndi ég vilja fá fjölskyldufólkið. Því að ég held líka að í tækifærinu felist það að ef að fólk kemur hingað og ef það upplifir svæðið á einhvern svipaðan hátt og ég að þá velur það sér svæðið til búsetu þrátt fyrir þá annmarka sem við erum að berjast við í dag.

### **18. Hver telur þú/þið að séu efnahagsleg áhrif ferðaþjónustunar á Strandir?**

Mun meiri heldur en fólk gerir sér grein fyrir og ég efast um að kaupfélagið t.d. myndi bera sig ef ekki kæmi til aukin verslun á sumrin vegna ferðamanna, frístundabyggðar og þessa háttar. Nú er frístundabyggðin mest bundin við það fólk sem á hús hér á Hórná og kemur hér í þau á sumrin en það er verið að fara að vinna við að skipuleggja svæði fyrir frístundabyggð en ekki búið að ákveða hvaða svæði verður fyrir valinu og ég er alveg viss um að það muni seljast og auka enn frekar ferðaþjónustu á svæðinu.

### **19. Hversu mikilvæg telur þú að ferðaþjónustan sé fyrir Strandir? Gæti hún skipt sköpum fyrir búsetu á svæðinu?**

Eins og staðan er í dag þá held ég já að ferðaþjónusta skipti sköpum fyrir svæðið. Það er okkar veruleiki í dag og ég sé hana ekkert vera að breytast á næstu árum. Ég held að styrkur þessa svæðis sé ósnortin náttúra og stór svæði þar sem þú kemst ekki einu sinni á bíl. Þetta er okkar styrkur og þó það kæmi einhver með einhverja verksmiðju og vildi setja hér niður þá held ég að það væri skammvinnur gróði og myndi eyðileggja meira fyrir okkur í framtíðinni en að búa til á þessu svæði.

### **20. Hvernig hefur stuðningi a) sveitarfélagsins verið háttað b) stuðningi ríkisins**



### **- Myndir þú/þið vilja sjá meiri stuðning? Hvernig þá?**

Það hefur breyst hjá sveitarstjórninni, mér finnst vera meiri skilningur nú hjá sveitarstjórn þó það séu svo sem ekkert allir samstíga í þessum málum en með ríkið þá hef ég upplifað það eins og bara byggðarstefnan fallett í orði en er ekkert á borði. Við höfum heldur betur fundið fyrir því að það er dýrt að vera fáttækur Sveitarfélög hafa verið að berjast í bökkum, flest öll því miður því marki brennd að hafa ekki fjármagn fyrir rekstrinum hvað þá fyrir þessum viðbótum í tengslum við ferðaþjónustu. Þetta er okkur rosalega dýrt og ég er pínulítið farin að móta mitt hugarfar þannig að til að skapa pening verð ég að eyða pening og þó að sá peningur sé ekki til þá verð ég bara að finna fjármögnunarleiðir því að í ferðaþjónustunni felast tækifærin og á meðan ég hef ekkert annað eða önnur tækifæri sem garga á mig þá hlýt ég að verða að reyna að styðja við bakið á þeim sem eru að skapa tekjur og atvinnu hér á svæðinu.

En mér finnst oft að sveitarstjórnarmönnum finnist að ferðaþjónustan sé eitthvert “hoppý” áhugamál fólks, ekki atvinna og þetta viðhorf heyrir að “til hvers eigum við að vera leggja eitthvað í þetta, ekki erum við að fá einhverjar tekjur” Þá bendir maður þeim á að sveitarfélagið sé að fá tekjur af atvinnurekstri sem er í ferðaþjónustu og þetta styrkir verslun á staðnum sem og samfélagið. En þetta viðhorf er að breytast.

### **21. Getur þú/þið nefnt eitthvað eitt sem er meira aðkallandi en annað varðandi ferðaþjónustu á Ströndum til að hún geti vaxað og dafnað?**

Bættar samgöngur og meiri gisting og þá kannski aukin fjölbreytileiki í gistingu.

### **22. Hversu mikilvægar telur þú/ að bæjarhátíðir s.s. eins og Bryggjuhátíð á Drangnesi Hamingjuhátíð á Hólmavík og aðrar hátíðir og uppákomur sem eru í gangi víðs vegar um sýsluna sé fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu?**

Ég held að þær séu mjög mikilvægar. Það tekur auðvitað tíma að byggja svona upp eins og hér í Hólmavík í tengslum við Hamingjudaga og festa þetta í sessi eins og Bryggjuhátíðin á Drangnesi hefur gert sem er heldur betur að skila til baka. Okkur vantar tækifæri til auglýsa þetta betur upp. Ég held reyndar að alveg sama hvað það er hvort heldur það er spurningakeppnin eða Karókíkvöld það vekur athygli á svæðinu og hefur sitt að segja hvort sem er í tengslum við ferðaþjónustu eða þegar fólk er að velja sér búsetu að eitthvað sé um að vera.

### **23. Hver er þín/ykkar skoðun á að Strandir séu markaðssett í tengslum við galdra?**

Mér finnst það bara frábært

**Síðan allt annað sem þér/ykkur dettur í hug að nefna í sambandi við ferðaðjónustu og annað því tengt.**

## **Viðtal við Jenný Jensdóttir oddvita Drangnesi**

**Drangnesi 24. nóvember, 2006.**

### **Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gengt þessu starfi:**

Jenný er frá Drangnesi, hefur verið oddviti í þrjú ár en skrifstofustjóri frá 1990 er hætt að telja íbúana, það er svo leiðinlegt því það er svo mikil fækkun í þorpinu, rétt rúmlega hundrað í sveitarfélaginu öllu.

### **Skýringi á fækkun?**

Börnin, metnaður hjá foreldrum að koma þeim til mennta, með því eru foreldrar að segja að þau verði að flytja eitthvað annað því það er engin/lítill atvinna fyrir menntað fólk á Drangnesi.

### **Aðalatvinna og mannlíf.**

Sjávarútvegur er aðalatvinnuvegur, saltfiskvinnsla og trilluútgerð.

Hús standa auð á vetrum, ekki mörg en einhver, hús

Stærsti vinnustaðarnir, skólinn og saltfiskvinnsla.

Búð sem er líka pósthús sem hægt er borga greiðsluseðla ofl

Tjaldsvæði rekið af húsfélagi Baldurs yfir sumarið húsið var byggt í sjálfböðavinnu og þar er rekið

### **Ferðþjónusta innan hreppsins?**

Hótel Laugarhóll, Hreppurinn stærsti eigandinn að Laugarhól ehf.

Ferðþjónustan á Bæ er hætt og fólkið flutt í burtu en búið að selja og nýja fólkið er ókomið og ekki vitað hvort þau ætli í ferðþjónustu en Jenný telur að það sé full þörf fyrir ferðþjónustu af því tagi sem var rekin í Bæ. Síðan er útleiga á herbergi hjá (Sunnu og Dóra) byrjaði síðasta sumar og hefur gefist vel.

Sumarið 2006 ÁFM rekur bát sem fer í ferðir út í Grímsey, útsýnisferðir og er með sjóstangaveiði. Þau ráku gistingu út af vöntun af gistingu. Hreppurinn leigði þeim í tvo mánuði íbúð í grunnskólanum og leikskólann líka (það eru bara þrjú börn á leikskólanum þannig að hann lokar á sumrin) og þau höfðu gistingu fyrir tíu manns. Vel staðsett gistingin rétt hjá heitu pottunum og niður við sjó þannig að það var stutt fyrir fólk að fara í pottana

Þrjú herbergi í skólanum og tvö í leikskólunum, nýting nokkuð góð heldur Jenný en byrjaði seint. En Jenný veit ekki hvort þetta verður með sama sniði næsta ár þar sem

skólastjórinn sem kom nú í haust vildi frekar fara í íbúðina í skólanum en hús í þorpinu.

En ÁFM vil fá aðstöðuna aftur til leigu ef það er hægt. Jenný telur að þetta hafi aðallega verið einstaklingar á eigin vegum sem gistu og segir að það sé uppistaðan í ferðafólki staðarins, einstaklingar á eigin vegum, ekki neitt svona rútustand. Þau gáfu út smá bækling og þannig frétti fólk af þessu eða í gegnum upplýsingamiðstöðvar, eða fólk sem var að fara í ferðir á vegum Sundhana.

Bryggjuhátið er búin að vera 11 skipti byrjaði 1996 alltaf sömu helgi stendur einn dag, ein helgi á milli frá Bryggjuhátið að Verslunarmannahelgi. Hreppurinn hefur yfirumsjón og passar upp á peningamálin, samvinnuverkefni hreppsins og fólksins á staðnum. Það er boðað til opins íbúafundur og spurt? Eigum við að hafa bryggjuhátið og það er vel mætt á þennan fund og hingað til hefur verið sagt já. Það er engin nefnd og allir eiga að og mega vera með. Verkum er skipt á milli. Björgunarfélagið, ungmennafélagið, og kvenfélagið. Þau sjá um framkvæmd á ákveðnum atriðum eins og Björgunarfélagið sér um gæsluna og ferðir út í Grímsey ásamt Sundahana (sl tvö ár hefur Sundhani verið með) kvenfélagið séð um sjávarsnakkið fá gefins fisk frá bátunum, og séð um eldamennsku og framleiðslu og ungmennafélagið séð um grillveisluna um kvöldið. Það er enginn veitingastaður á staðnum og ungmennafélagið selur mat. Sett hefur verið upp kaffihús bara einhverjir tekið það sér. (Breytist 2008 var sett upp veitinga og kaffihús) Vinnulisti sem Jenný sér um og allir íbúar sem vilja vera með hafa ákveðið hlutaverk eiga að skila ákveðnum vinnustundum. Gefur fólki mikið og kannski eru þeir sem eru í forsvari fyrir þorpið ekki nægilega duglegir til að sýna íbúum og segja þeim hrósa þeim fyrir. En sl. tvö ár hefur hreppurinn boðið íbúum í kvöldmat (þakkarmat).

Fjárhagslega hliðin alltaf verið hagnaður nema eitt ár, fyrsta árið, hreppurinn leggur ekkert í hátiðina nema vinnu Jennýar.

Þetta er voða fjör síðustu vikuna fyrir hátiðina allir að vinna á kvöldin gengið í þau verk sem þarf að gera. Jenný hefur líka tekið sér sumarfrí síðustu dagana fyrir Bryggjuhátið svo hún sé líka í sjálfboðaliðavinnu. Skila 500.000 til 600.000 í gróða. Það eru til 300.000 í varasjóði. Hagnaðnum er skipt á milli þriggja félaganna, húsfélag Félagsheimilisins Baldurs sem stærsti gróðinn kemur inn á.

Flestir íbúanna eru í einhverjum að þessum félögum þannig að það er líka hvati til að taka þátt. Margir gestanna sem koma árlega vilja líka vinna og eru að reyna koma fyrr

til að taka þátt í undirbúningi og það er frábært því þetta er rosalega mikil vinna en er minni og skemmtilegri þegar hún dreifist á margar hendur. Vinnan á hátíðinni sjálfri dreifist á marga og flestir fá að vera á mörgum stöðum, stuttan tíma í einu. Kvöldvaka um kvöldið með skemmtiatriðum nú orðið aðkeypt en áður fyrr var það oft heimafólk en unga fólkið nú ekki eins viljugt og var síðan er ball um kvöldið.

Jenný veit ekki um fjöldann en segir að það hafi aldrei verið eins margt og síðasta sumar enda sól steikjandi hiti. Erfitt að segja til um fjöldann troðið í hverju húsi. Eitt sem einkennir bryggjuhátiðina er gleði eilíft kossflens og allir svo glaðir.

Tjaldsvæði rekið af húsfélagi Baldurs yfir sumarið húsið var byggt í sjálfboðavinnu og þar er rekið

### **Hvað með samvinnu í sambandi við markaðssetningu á svæðinu?**

Eru aðilar markaðsskrifstofu Vestfjarða og félagar í Ferðamálasamstökum Vestfjarða og Ferðamálafélag Strandasýslu á meðan það var lifandi. Tekið þátt í bæklingum eins og í Perlunni vorið 2006 og borgaði kostnað í básnum sem Strandamenn voru með sameiginlega.

### **Viðhorf til ferðaþjónustu?**

Viðhorf til ferðaþjónustu, getur hún komið í stað hefðbundinna atvinnugreina eins og sjávarútvegs, landbúnaðar. Jenný segist vera þeirra skoðunnar að það sé ákaflega lítil framtíð nema í ferðaþjónustu, bara ferðaþjónusta sem sé framtíðin ef menn bera gæfu til að koma sér á blað þar og hún heldur að að svæðið hafi alla möguleika. Miklir möguleikar í basnesku hvalveiðistöðinni í Hveravík, ef það næðist að byggja þar skemmtilega upp og það gæti nýst sem aðdráttarafl og hingað gætu sótt íbúar frá þeim löndum þar sem hvalveiðar voru stundaðar hér.

Samgöngurnar eins og þær eru núna fæla frá, sumir vilja reyndar komast í smá ævintýri og keyra á þessum vegum en það eru bara svo miklu færri. Við erum alltaf að berjast fyrir bættum samgöngum og Jenný vil meina að það sé ekkert og alls ekki bara fyrir ferðamenn heldur fyrir íbúana, fyrir þá sé þetta rosalega mikið atriði en eins og t.d á Bólunum á leið í Árneshrepp það er af svokölluðum ferðamálapeningum.

Jenný gælir við að það verði sett upp grásleppusafn Drangnesingar voru frumkvöðlar á að nýta grásleppu til manneldis á Íslandi 1940 og eitthvað en það hefur ekki verið nægilega verið passað upp á muni frá þeim tíma en eitthvað er þó til. Það er alltaf grásleppusýning á Bryggjuhátiðinni og vekur hún mikla athygli, fólk fær að smakka

kavíar og hrogn og sjá myndir af sjónum þar sem verið er vitja um og fella net í landi o.s.fr. kominn vísir að safni eða sýningu eins og á Hvammstanga.

### **Stefnumótun í ferðaþjónustu?**

Stefnumótun í ferðamálum er ekki til en verið að vinna einhver vísir að með ATVEST sem er verkefni sem tengist vegalagningu um Arnkötludal sem eitthvað markmið þannig að það sé eitthvað tilbúið þegar vegurinn kemur og vonandi fjölgar ferðamönnum. HH hópurinn sem var verkefnahópurinn á vegum Iðntæknistofnunnar er grunnurinn að ATVEST

Nesströndin allgjör perla, láta friða hann en ekki breyta vegastæði, en má hækka hann.

### **Samvinna**

Á þeim fundum sem búnir eru hefur ríkt mikil jákvæðni og bjartsýni og menn voru saman að vinna að sama markmiði að auka ferðamannastrauminn

### **Hvaða þátt ferðaþjónustunnar þarf að auka?**

Þarf að auka gistirými og Jenný sér það annaðhvort á Laugarhóli eða á Drangnesi því það er hennar trú að það verði að vera ódýr kynding sem er á báðum þessum stöðum og ódýrari en á Hólmavík og á Laugarhóli er grunnur komin. Þar er salur vantar samt að auka yfir vetrarmánuðina og gera huggulegra og betra yfir sumarmánuðina.

Það þarf að auka líka gistirými hér á Drangnesi og það er einn að byrja að hér með Sundhana útgerðina hann ætlar að byggja svona einskonar verbúð sem hann ætlar að leigja út, hann er svolítið ragur og ætlar að fara hægt að stað.

Það er búið að deiluskipuleggja að Klúku í Bjarnarfirði fyrir tíu sumarhúslóðir ekki búið að ákveða hvernig.

### **Aðdráttarafl á svæðinu**

Grímsey eitt aðalaðdráttaraflið á svæðinu jafnvel væri möguleiki að það sé samvinna á milli aðila um að vera með ferðir á milli svæða, keyra út frá einum stað eða sigla á milli

Verslunin er opin á laugardögum á sumrin en ekki á sunnudögum, ferðamenn eru orðnir vanir því að það sé opið alltaf allan sólarhringinn en verslunin hér ber sig ekki til þess, það myndi bara flýta fyrir því að hún færi á hausinn. En það er öll nauðsynjavara hér til sölu, ég held að fólk taki ekki alltaf eftir því hvaða þjónustu það fær, það leitar bara að göllunum.

Ferðaþjónustan mesti möguleikinn á svæðinu, það fer enginn inn í sjávarútveginn í dag.

Ég held líka að við eigum að markaðssetja þessa sérstöðu okkar hvað við erum 'lítill, við erum ekki einu sinni á korti í útlöndum, væri ekki einu sinni þorp sem hefði nafn á kort.

### **Hvað með heilsársferðapjónustu?**

Veðurfarið hefur náttúrulega breyst þannig að það er svo lítill snjór á veturna þannig að draumar sem við höfðum kannski fyrir nokkrum árum varðandi vetrarferðir eiga kannski ekki við lengur. Það háir líka ferðamannatímanum hve vegirnir eru slæmir, það komast ekki rútur vegna þungatakmarkanna á og eins á haustin þegar snjó fer að bleyta og síðan ófærð á veturna yfir Bjarnarfjarðarháls. Það er mokað hingað á Drangsnes alltaf en ekki nema tvo daga í viku í Bjarnarfirði. En það væri hægt að markaðssetja vonda veðrið, það kemur alltaf og myrkrið. Hér væri hægt að vera með æfingabúðir fyrir fólk sem vill koma sér form, því það væri hægt að nota landslagið alla vegna til æfinga. En ég held að það sé ekki sveitarstjórnarinnar að gera það, heldur einkaaðilar sem kæmu fram með hugmyndina kynntu hana fyrir sveitarstjórninni og þá er það sveitarstjórnarinnar að laga jarðveginn þannig að hugmyndin sé framkvæmarleg.

### **Hvað með sér ferðamálafultrúa fyrir Strandir:**

Ég er ekki viss um að við hefðum fullt starf fyrir hann og veit ekki hvar hann ætti að vera staðsettur ég held jafnvel að hann ætti að vera staðsettur norður í Árneshreppi til að gagnast okkur öllum, því það er ótrúlegt að fólk sér oft ekki vegi eða annað lengra en það á heima þar endar heimurinn.

### **Hvað með aðstoð ríkisins:**

Ég tel að ríkisstjórnin eigi að afleggja þessa byggðastefnu sína, störfín suður það er eins og það hafi verið í gangi áttak að fá störfín suður. Þetta hefur kannski ekki bitnað svo rosalega mikið á okkur eins og víða á Vestfjörðum þar sem við erum ekki með svo mikið af opinberum stöðum. Ég hef svollítið miklar áhyggjur af að Arnkatla 2008 sé ekki bara eitthvað jákvætt heldur hef ég áhyggjur af ráðamönnum okkar að þeir muni nota tækifærið og leggja niður opinbera þjónustu á Hólmavík..

Mér dettur í hug sýsluskrifstofan og vegagerðin, ég hef haft áhyggjur alveg síðan það var verið að reka okkur í sameiningu það var einn af kostunum sem þeir bentu á þegar þeir vildu sameina okkur við Búðardal að það væri hægt að sameina þessi embætti, ég gat aldrei séð að það væri neitt jákvætt við það því það var ekki talað um að það kæmi neitt í staðinn. Ný störf sem eru sett á laggirnar eru yfirleitt ekki sett á svona litla staði

út á landi. Ég veit um dæmi þar sem kona sem hafði verið að læra í Bændaskólanum og býr úti á landi og hafði menntun og vildi fá að vinna við skráningar í sambandi við sauðfjárrækt á sínu heimili en það var alls ekki hægt þetta varð að vinnast í Reykjavík. Svona skráningar ofl eru einmitt störf sem ætti að vera hægt að vinna hvar sem er svo framarlega sem fjarskipti, netþjónar sinni svæðum, ég held að Ísland altengt þýði bara 1000 manna bæir og stærri en Ísland altengt lítur vel út fyrir kosningar.

Við erum hér með Snerpu sem er með örbylgjusamband en það kom ekki á staðinn nema af því að sveitarfélagið borgaði 300.000 í styrk til fyrirtækisins til að koma upp sendi hér, þetta nær ekki um allan staðinn og ekki mjög hratt en meirihluti íbúa nær þessu og við erum sítengd.

**Hvað með heita vatnið sem fannst nú hér ekki fyrir mörgum árum og svo sundlaugin sem nú er búið að reisa á staðnum:**

Ófáir staðir sem eru með svo fáa íbúa sem eru með svona fína sundlaug. Heita vatnið breytti mjög miklu eins bara það að vera með heitt vatn í stéttinni og það er ódýrara að kynda og við erum með markvissa stefnu að hafa lágan kyndingarkostnað.

**Eru frístundarhúsin nýtt á veturna?**

Það er ekki mjög mikið en það er einstaka aðili sem gerir það en það gæti breyst með tilkomu Arnkötludals og eins með tilkomu Sundabrautar.

Stefna ríkisstjórnarinnar er einhver þannig að þeir segja eitt en gera allt annað bæði í sambandi við vegina og annað.



**Viðtal við Jón Jónsson, ferðapjónustubónda og menningarfulltrúi Vestfjarða.  
Hólmavík, 24. nóvember, 2006.**

**1. Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gegnt þessu starfi**

**2. Hvernig tengist þú/þið ferðamálum á Ströndum**

**3. Lýsing á starfinu/fyrirtækinu sem þú/þið vinnið fyrir**

Jón Jónsson frá Steinadal í Kollafirði, er sagnfræðingur og MA í Þjóðfræði og hefur unnið í ferðamálum á Ströndum frá árinu 1995 sem ráðgjafi og í allskyns verkefnum, verið ásamt konu sinni með ferðapjónustu á Kirkjubóli frá árinu 2001, bændagistingu. Er í stjórn Strandagaldurs Sauðfjársetursins og sér um Upplýsingamiðstöðina á Hólmavík með samningi við sveitarfélögin

Síðan er ég með fyrirtæki sem heitir Sögusmiðjan sem vinnur að ráðgjöf í ferðapjónustu ekki bara hér á Ströndum og hefur unnið mest fyrir söfn og sýningar.

**4. Hvers konar fyrirtæki, hvert er rekstrarformið, hve lengi hefur það verið í rekstri? hvenær er það opið, hvað eru mörg störf í fyrirtækinu – heilsársstörf/hlutastörf.**

Við opnuðum eins og fyrr segir sumarið 2001 við hjónin störfum bara þarna tvö, engin aðkeyptur starfskrafur, börnin hjálpa til yfir háannatímann opið allt árið 5 herbergi með 10 rúmum yfir veturinn en 12 herbergi með 23 rúmum yfir sumarið. Nýbúin að bæta þessum tveimur herbergjum við en það var gert vegna eftirspurnar yfir sumarið það var fullt í þessum tíu rúmum sem voru yfir sumarið. Það er ágæt nýting frá byrjun maí og út september og eiginlega allt fullt júlí og ágúst að en það má segja að umferðin byrji um páskana sem eru á misjöfnum tíma stundum í mars og stundum í apríl þá koma jeppakarlarnir, þannig að það má segja að það séu fimm mánuðir sem eru alveg steindauðir nema ef það er ófærð eða hingað komi einhverjir vinnuflokkar sem eru að vinna á svæðinu.

**5. Fjárhagsstaða fyrirtækisins**

Reksturinn stendur ekkert sérstaklega vel stofnkostnaðurinn var það mikill að það er ekki búið að takast að greiða niður þær skuldir og þetta stendur ekki undir þessum eina starfsmanni sem er í heilsársstarfi á lélegum launum. Stærðin á rekstrinum og fyrirkomulagið gæti örugglega verið hagkvæmara fleiri herbergi og veitingasala en þetta er stærð sem hentar okkur mjög vel varðandi starfsmannafjölda. Þetta er líka

spurningin um hvað við viljum vera stór, við viljum ráða við þetta sjálf. Við erum bæði að starfa í öðru en Ester starfar allfarið við reksturinn á sumrin.

**6. Hvað fólk er það sem sækir ykkur heim – Íslendingar, útlendingar, einstaklingar, hópar á eigin vegum, á vegum ferðaskrifstofa og annað sem kemur til greina og hversu margir ferðmenn koma til ykkar á ári og hvernig skiptist það á milli mánuða. (Áætlað ef ekki liggja fyrir tölur)**

Útlendingum fer mjög fjölgandi og þá í gegnum ferðaskrifstofur, innlendar og tvær þýskar og Ferðaskrifstofu bænda, fólk á bílaleigubílum. Ég veit ekki hvert hlutfallið er í sambandi við hvernig þetta skiptist á milli erlendra og innlendra ferðamanna en ég myndi telja að það væri 50/50

**7 Almennt um ferðaþjónustuna á Ströndum hvernig finnst þér staðan vera í dag, og hvernig hefur hún þróast og breyst síðan þú/þið komst til starfa og framtíðarsýn/horfur í ferðaþjónustunni á svæðinu og í hverju liggur framtíðin.**

Viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu mjög batnandi það byggist kannski á því að menn sjá ekki framtíð í neinu öðru og þetta er hins vegar það sem hefur verið að vaxa og ný fyrirtæki sem hafa verið koma eru flest á þessu sviði nema þegar menn eru að breytta einhverju í útgerð eða búskap í hlutafélag.

Ef horft er tíu ár aftur í tímann þá þá hefur áherslan ekki mjög mikið breyst en það hefur orðið bylting í uppbyggingunni það miklu fleiri möguleikar það er verið að vinna á miklu fleiri sviðum núna heldur en áður og fjöldi þeirra sem vinna við ferðaþjónustu hefur margfaldast en fjölgunin hefur fyrst og fremst legið í aukningu á menningartengdri ferðaþjónustu. Framtíðin held ég að beri í sér verulega aukningu á ferðafólki, töluverð uppbygging í viðbót, breytast töluvert í að þetta verði meiri heilsársgrein að nú förum við sjá árangur í þá átt og það verði ekki minni bylting en síðustu tíu árin og það eigi bæði eftir koma ný fyrirtæki og þau eldri að eflast og breytast. Svo held ég að það eigi eftir að tengja betur saman ferðaþjónustuna og aðrar atvinnugreinar og það verður örugglega gert hér t.d eins og ferðaþjónusta og landbúnaður fari að vinna meira saman að ferðaþjónustan fari að vinna meira með atvinnugreinum sem eru í gangi.

## **8. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Þetta er auðvitað mjög sérstakt svæði en mér finnst sérstaðan fyrst og fremst liggja öflugri í uppbyggingu á menningartengdri ferðaþjónustu eins og Galdrasafninu og önnur verkefni sem tengjast sögulegri sérstöðu eins og Sauðfjársetrið og verkefnið hans Valgeirs í Kört í Árnesi, minjasafnið og handverksbúðin og síldarverksmiðjan í Djúpuvík mér finnst þetta vera að takast vel. Ég held hins vegar að við eigum samt talsvert af ósóttum færum í tengslum við náttúruferðamennsku, náttúruskoðun og skipulögðum ferðum í tengslum við það.

Ég hef fyrir löngu skilgreint þau þrjú verkefni til að Ferðaþjónustan sé betur í stakk búin til að eflast og þróast

- a) Klára að gera Grímsey heimsfræga þannig að það komi fullt af fólki þangað til að skoða lundann þar sigla út í eyju og út á Steingrímsfjörðinn í náttúruskoðun.
- b) Að það verði farið aukning í Hornstrandaferðum frá Árneshreppi þannig að menn sigli þá norður að horni, að Dröngum eða Reykjafirði og aðstaðan á þeirri gönguleið verði gerð þannig að göngufólk geti gisti í skálum.
- c) Í þriðja lagi að það þurfi að hjálpa Galdrasýningunni að klára uppbygginguna á Hólmavík, Klúku í Bjarnarfirði og norður í Árneshreppi.

Ef þetta yrði gert af samfélaginu þá held ég að þá myndi skapast fullt af viðbótartækifærum og þá yrði kannski fyrst raunhæft að t.d. að reisa hótél á Hólmavík eða hefja annan atvinnurekstur.

Notkun á hlunnindum er sérstaða

## **9. Hvað með samgöngur, telur þú/þið að ferðaþjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Ég er viss um að ferðaþjónustuaðilar geti gert mjög mikið til að auka komur ferðamanna á svæðið með tilkomu þessarar veglagningar. Til að fólk taki þennan hring norður Strandir, yfir Arnkötludal, suður dal sem viðbótarhring við hringveginn þannig að við gætum hugsanlega þá fengið gesti sem ætla bara að fara hringveginn og einhverja smá króka út frá því. Kirkjuból lendir hins vegar út úr þjóðveginum þannig að við höfum þá augljóslega minna að gera á veturna við að þjónusta fólk sem er að ferðast á milli Rvk. og Ísafjarðar og skiptir ferðinni í tvennt eða gefst upp vegna óveðurs og ákveður að gista. (Kirkjuból verður 5km frá vegmótunum) þannig að þetta á sjálfsagt eftir að hafa áhrif á okkar rekstur. Þó er þessi fjöldi á veturna þannig að

hann skiptir engu verulegu máli. En ég held að svæðið eigi eftir að fá aukna umferð um svæðið

**10. Hvaða þátt ferðapjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri ferðamenn utan háannatíma.**

Svar: Ég held hreinlega að við markaðssetningu landsins þá hafi bara verið lögð auking áhersla á að fá ferðamenn utan háannatíma en ekki að dreifa þeim um landið eins og stefnumótun í ferðamálum þó boðar.

**11. Hvað með menntun fólks í ferðapjónustu, er henni ábótavant og hvað má aðallega bæta?**

Hún er mjög misjöfn frá því að vera ekki nein upp í það að vera bara mjög mikil, ég held að þetta sé neitt verri staða hér en annars staðar á landinu.

**12. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðapjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér/ykkur þetta snúa að Ströndum?**

Mjög mikið kvartað undan vegunum og hefur fólk allt á hornum sér. mikið kvartað undan opnunartíma á verslunum og að söfnin og veitingastaðir loki of snemma á haustin þeir staðir sem eru bara með sumaropnun. Fólk kvartar undan að það sé ekki hægt að fá nauðsynjarvöru eins og brauð og mjólk á sunnudögum og ekki nema tvær til þrjár klukkustundir á laugardögum. Menn kvarta undan gæðum, oft tilviljunarkenndar kvartanir en það vantar festu í gæðin að það sé alltaf allt á a.m.k. einhverjum lágmarksstaðli. Sumir fá höfðingalegar móttökur og næsti hittir illa á slæmu dagarnir eru alltaf slæmir það þyrfti að hækka botninn. Stundum verð ég var við það út á Kirkjubóli að fólki finnst að það hljóti að vera ódýrari gisting út í sveitum en inni í þorpunum og kvarta þá út af því en það er eitthvað sér íslenskt viðhorf.

**13. Hvernig finnst þér/ykkur samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d. við Ísaförð eða aðra hluta Vestfjarða. Telur þú/þið þessa samvinnu mikilvæga?**

**Hver er skoðun þín/ykkar á að svæðið þ.e. annars vegar Strandir og hins vegar Vestfirðir, markaðssetji sig sem ein heild?**

Mér finnst Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða ekki vera að virka eins og það ætti að gera en það er atvinnufulltrúi hér á svæðinu sem er í hálfu starfi hér fyrir

Atvinnuþróunarfélagið og hálfu starfi fyrir sveitarfélögin á svæðinu, hún er í alls kyns ráðgjöf fjármálaráðgjöf o.þ.h. hún er náttúrliga búin að vera mjög stutt í þessu þannig að verk hennar hingað til hafa ekki verið mjög sýnileg.

Við erum að markaðssetja okkur aðeins saman með þátttöku á ferðasýningum eins og ferðakynningum eins og Perlunni Vestfirðir svo kaupum við aðeins af auglýsingum saman. Við höfum t.d ekki búið til sameiginlega pakka um svæðið svo nokkru nemi en það er pressa núna frá Markaðsstofu Vestfjarða sem er nýtt batterí sem við höldum að geti verið ágætis hjálpartæki að gera svona pakka saman. En það einhver einn aðili að taka forystu í því og fá hina til liðs við sig. Markaðsskrifstofan er batterí sem vinnur þetta fyrir okkur en gæti komið pakkanum á framfæri við ferðaskrifstofur þegar hann væri tilbúinn.

#### **14. Ert þú/þið í samvinnu við einhverja í sambandi við markaðssetningu?**

Við erum í samvinnu við fyrirtæki á Ströndum eins og t.d. Galdrasýninguna og Sauðfjársetrið. Við látum þá gesti sem gista hjá okkur t.d fá afslátt af Sauðfjársetrinu og það hefur nýst vel. Eins auglýsum við saman fundaraðstöðu í Sauðfjársetrinu við getum á t.d séð um matseldina ef það er eitthvað svoleiðis.

En samvinna í sambandi við eitthvað annað tengt ferðaþjónustunni?

#### **15. Ert þú/þið meðlimir í einhvers konar starfssemi sem tengist ferðamálum, innan svæðisins, á landsvísu eða alþjóðavísu.**

#### **16. Hvernig er markaðssetningu háttað hjá þér/ykkur?**

(bæði spurning 16 – 17 ) Netið, erum með auglýsingu í bæklingi Ferðaþjónustu bænda og vorum með í símaskránni en erum hætt því og metum það svo að fólk sé að mestu hætt að nota símaskrána. Í markaðssetningu á ári eyðum við u.þ.b 7% af heildartekjunum sem við teljum við vera raunhæft. En við vitum ekki alveg hvað við eigum að gera í sambandi við þessar auglýsingar því okkur vantar s.s. ekki meira að gera um hásumarið og flestar þessar auglýsingar virka náttúrliga mest/best um hásumarið.

Mín skoðun er sú að það hafi ekki verið nein sérstök áhersla verið hjá þeim opinberu aðilum sem markaðssetja Ísland að dreifa ferðamönnum til landsins utan háannatíma. Það er samt töluverð lenging hér, það hefur orðið aukning á ferðamönnum hér í maí og september sl. tíu ár, það er gjörbreyting. Þetta er náttúrliga samspil á milli ferðamannana og svæðisins. Hluti af því sem er í boði hér yfir hásumarið er ekki í boði yfir veturinn og erfiðara að búa til einhverja pakka/hópferðir, það vantar fjölbreytni í

pakkann, veitingastaðir eru lokaðir og við t.d á Kirkjubóli gætum við búið til flotta pakka með gistingu, kvöldmat, morgunmat, skoða Sauðfjársetrið, Galdrasafnið, út að ganga með okkur. En þegar fólk er að skemmta sér vill það geta valið um t.d á milli tveggja staða að borða á o.s.fr. en það er engin önnur veitingasala í boði á svæðinu nema sjoppa á Hólmavík.

**17. Ert þú/ þið með heimasíðu – vitið þið hversu margir heimsækja hana á dag/ár**

Já við erum með heimasíðu og það kemur þó nokkuð mikið af fyrirspurnum og bókunum í gegnum netið. Ég veit ekki nákvæmlega hve margir skoða síðuna en ég hef það á tilfinningunni að það sé tiltölulega hátt hlutfall þeirra sem skoða síðuna þá henni, þannig að það sé eins og fólk sé beinlínis að leita að okkur. Við erum tengdir inn á Ferðapjónustu Bænda og inn á gisting.is Ég veit ekki hvað það skilar miklu svona tengingar en ég held þó að netið skili meiru en en auglýsingar í ferðabókum eins og t.d. Á ferð um Ísland, Áningu og álíka bækur.

**18. Hver telur þú/þið að séu efnahagsleg áhrif ferðapjónustunar á Strandir?**

Ég held að þau séu mjög mikil og fari sífellt vaxandi eftir það kom svona fyrirbæri eins og galdrasýningin sem virkilega dregur fólk að, þ.e. fólk kemur hérna út af henni þá verður maður miklu meira var við efnahagslegu áhrifin af ferðapjónustunni það er svolítið erfitt að skilgreina það fyrr en maður sér að það er eitthvað eitt sem er aðdráttarafl að ferðafólki fjölgar út af. En manni finnst minna um það þegar þetta gerist bara jafnt og þétt án þess að eitthvað eitt komi til

**19. Hvernig hefur stuðningi a)sveitarfélagsins verið háttað b)stuðningi ríkisins - Myndir þú/þið vilja sjá meiri stuðning? Hvernig þá?**

Stuðningur sveitarfélagsins mjög jákvætt en það nær ekki til framkvæmda því þetta eru fjárvana sveitarfélög en mér finnst viðhorfið yfirleitt jákvætt.

Stuðningur ríkisins það gildir það sama þar, jákvætt viðhorf en yfirleitt bara í orði en ekki á borði. En það gildir kannski bara um allt á þessum jaðarsvæðum að núna er öll áherslan í byggðarstefnunni á einhverja byggðarkjarna Ísafjörð og Akureyri og Egilsstaði og hin svæðin hafa orðið svolítið útundan út af þessu, stuðningurinn við byggðarkjarnana hefur verið tekin af jaðarsvæðunum eða verið færður yfir á byggðarkjarnana í stað þess að bæta í stuðninginn við byggðarkjarnana. Mér finnst stjórnvöld á landsvísu vera lítið að hugsa um þessi jaðarsvæði þessi árin.

Samt sem áður þá styðja þau lítið við verkefni eins og galdrasýninguna sem eru vel undirbúin þar sem er virkilega góð hugmynd á ferðinni og er verið að vinna að á fullum krafti þá fá þau verkefni yfirleitt/oft ekki nægilegan stuðning.

En það er ekki frumkvæði frá stjórnvöldum um að koma að styðja/styrkja byggð á Ströndum og það er ekki bara nægilega mikið af fólki hérna til að vera bara með fullt af fólki í svoleiðis verkefnum

**Síðan allt annað sem þér/ykkur dettur í hug að nefna í sambandi við ferðapjónustu og annað því tengt.**

Niðurfelling virðisaukaskatts á matvæli á eftir að munar heilmiklu fyrir okkur og það eru tvö ár í það að Arnkötuldalur verður klár og enn eru 40km ómalbikaðir og vegum er illa viðhaldið á svæðinu. Þetta hefur líka i för með sér viðhorf Íslendinga til vega á Vestfjörðum og hvernig þeir séu. Það lokar fyrir aðstreymi erlendra ferðamanna til okkar ef erlendir ferðamenn fá þá móttökur á bílaleigum að þetta sé varasamt svæði og það að bílaleigur vilja ekki leggja það á bílana sína. Og alls staðar þar sem verið er að þjónusta erlenda ferðamenn, á upplýsingamiðstöðum, ferðaskrifstofum er viðhorf Íslendingana sem eru að vinna þar er á þennan veg þá er verið að loka fyrir aðstreymi ferðamanna á svæðið. Ég held að við getum samt ekki breytt þessu fyrr en við erum komin með malbik alla leið þannig að við getum sagt við erum komin með malbik á Ísafjörð

**Viðtal við Sigurð Atlason framkvæmdarstjóra Strandagaldurs í Hólmavík  
Hólmavík, 23. nóvember 2006**

**Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gengt þessu starfi?**

**2. Hvernig tengist þú/þið ferðamálum á Ströndum**

**3. Lýsing á starfinu/fyrirtækinu sem þú/þið vinnið fyrir**

Sigurður Atlason er framkvæmdarstjóri fyrir Strandagaldur sem er sjálfseignarstofnun sem stendur fyrir uppbyggingu á galdrasýningu á Ströndum og fleiri menningarverkefnum, Strandagaldur er einskonaflaggskip ferðaþjónustu á Svæðinu. Ég er búinn að vinna við þetta síðan Galdrasýningin opnaði árið 2000 og reyndar var byrjaður fyrir þann tíma. Héraðsnefndin, Ferðamálafélagið og einstaklingar eru skráðir fyrir félaginu. Skuldbindingar liggja allar hjá stjórnarmönnum

**4. Hvers konar fyrirtæki, hvert er rekstrarformið, hve lengi hefur það verið í rekstri? hvenær er það opið, hvað eru mörg störf í fyrirtækinu – heilsársstörf/hlutastörf.**

Galdrasýningin er opin árið um kring á sumrin er fastur opnunartími en opnað eftir eftirspurn á veturnar og það er heilmikið af fólki sem kemur á þeim tíma og bankar upp á til að skoða. Í Kotbýli kuklarans í Bjarnarfirði er eingöngu opið yfir sumartímamann frá 15. júní til 15. ágúst.

Yfir sumartímamann eru fjórir að vinna í söfnunum og svo eru ótal verkefni sem stjórnarmenn koma að og eru að vinna við og síðan er ég framkvæmdarstjóri í fullu starfi. Ég áætla að þetta séu svona um 3 til 4 heilsársstörf.

**5. Fjárhagsstaða fyrirtækisins**

Við höfum fyrst og fremst fengið styrki af fjárlögum, framlög frá ríkinu sem skiptir gríðarlegu máli og hefur gert það verkum að okkur hefur tekist að halda svona nokkuð veginn sjó. En þetta var nokkuð undarleg hugmynd í upphafi og til þess að opna þá þurftu menn að hafa trú á því sem þeir voru að gera. Það voru tekin lán til þess sem síðan hefur gengið mjög illa að borga af því það er mjög dýrt að taka lán á Íslandi. Staða Strandagaldurs í dag er einfaldlega þannig að það eru engar líkur á að markmið þess náist. Það eru engar líkur á því að við náum að klára verkefnið sýninguna í Trékyllisvík, Kotbýlið í Bjarnarfirði eða önnur verkefni eins og staðan er. Íslenskur lánamarkaður er einfaldlega þannig að þeir, bankarnir banka upp á og vilja fá sína peninga. Það er ekki bjart framundan, meiri líkur en minni að það þurfi að draga



verulega úr starfsseminni að sýningarnar verði ekki opnar nema lítinn hluta úr ári og þess á milli engin starfssemi, til að geta borgað upp þessi lán. Það eru miklir peningar settir þetta, þetta er dýrt verkefni en ekkert dýrari en önnur. Fjármagnsstreymið, þ. e kemur ekki nægilega hratt inn því það liggur á að losa þessar skuldir. Það eru í það minnsta fimm fjölskyldur á svæðinu sem að hafa veðsett sínar eignir fyrir þessu.

**6. Hvað fólk er það sem sækir ykkur heim – Íslendingar, útlendingar, einstaklingar, hópar á eigin vegum, á vegum ferðaskrifstofa og annað sem kemur til greina og hversu margir ferðmenn koma til ykkar á ári og hvernig skiptist það á milli mánuða. (áætlað ef ekki liggja fyrir tölur)**

Það eru um 8000 manns sem komu á söfnin bæði, galdrasafnið og Kotbýli kuklarans, 2005. (skoða skýrslu frá Sigga) Íslendingar eru fleiri en það er heldur að minnka bilið á milli erlendra ferðamanna og Íslendinga. Allt efni á safninu er á fjórum tungumálum, íslensku, ensku, þýsku og frönsku og síðan þarf að þýða yfir á ítölsku líka því Ítalir eru að verða mjög mikilvægur hópur sem er að koma á jaðartímanum um og eftir miðjan ágúst.

**7 Almennt um ferðaþjónustuna á Ströndum hvernig finnst þér staðan vera í dag:**

Jákvætt eru þessir ótal möguleikar sem eru fyrir hendi en svolítið stöðnun á Hólmavík, vantar peninga og sé ekki að það sé að gerast, vantar hótél og aðra afþreyingu. Meiri uppgangur á Drangnesi, öflugur aðili þar.

Fyrir tíu árum 1996 þá var fyrsta árið sem sem Cafe Riis var opið. Síðan þá hefur bæst við gisting, lítil á Hólmavík og gisting á Kirkjubóli. Galdrasafnið, Sauðfjársetrið og Kotbýl kuklarans. Hótelið hefur lagst af síðan. Það hefur ekkert bæst við þjónustuþáttinn en afþreyingarþátturinn hefur aukist með uppbyggingu á þeirra menningartengdu ferðaþjónustu sem er til staðar nú. Það hefur bæst við sundlaug á Hólmavík og Drangnesi og siglingar á Drangnesi og gisting þar. Mín tilfinning að það sé mikil fjölgun á ferðamönnum á svæðinu en það eru engar tölur til um það Í sambandi við framtíðna þá sé ég fyrir mér að ef það gengur eftir að hingað verður malbikaður vegur frá höfðuborgarsvæðinu þá kemur fólk hingað í stórum stíl í helgarferðir og nýtur herna ýmissar þjónustu, galdrasýning, gönguferðir um svæðið mun stóraukast sem og sérstakar hvala- og náttúruskoðanarferðir. Grímsey verður orðin heimsfræg þangað verða stöðugar ferðir, ég spái því. Ég hef trú á því að flugvöllurinn verði tekinn í gagnid aftur og hingað verði hægt að keyra frá höfðuborgarsvæðinu hoppa upp í flugvél og vera komin í Reykjavíkjörð innan 15.

mínútna. Sérstök sýning á verður komin á Drangnesi, sérstök strandmennigarsýning um dvöl baskneskra hvalveiðimanna á Ströndum og það verður líka komið í gang sérstakt menningarverkefni, samstarfsverkefni á milli Stranda og Baskalands, nokkuð sem er í vinnslu. Það verður búið að byggja hótél hér á Hólmavík. Það verður búið að byggja upp þjónustumiðstöð hjá Kaupfélaginu. Framtíð Strandagaldurs verður áfram á fulli ferð og byggja upp allar þessar sýningar þjóðrúastofu, Vá verkefnið ásamt endlausum möguleikum,

#### **8. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Það er fyrst og fremst það sem er búið að byggja upp í menningartengdri ferðaþjónustu, bæði í tengslum við galdra, og sauðfé. Strandlengjan og náttúran almennt ónýttur fjársjóður Grímsey sem verður að gera heimsfræga, vantar e.k. Gullfoss á Strandir

#### **9. Hvað með samgöngur, telur þú/þið að ferðaþjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Það opnast ótal möguleikar fyrir þetta svæði sem ferðaþjónustuaðilar á Ströndum þurfa að vinna að nýta sér og þegar er farin af stað vinna við sérstakt verkefni, sem miðar að því að skilgreina hvað á að leggja áherslu á frá ári til árs og hvernig ferðaþjónustuaðilar geta undirbúið sig sem best undir tilkomu Arnkötluvegarins. Fyrirtæki og sveitarfélög þurfa að taka höndum saman til að vinna að því að draga fleira fólk hingað á svæðið. Með verkefni eins og Arnkatla 2008 þá er alveg skilgreint hvað á að leggja áherslu á frá ári til árs og þá er hægt að taka ákveðna peninga í það. Það yrði þá búin til sjóður sem væri til að safna saman fé til sameiginlegrar markaðssetningar fyrir svæðið. Þá hefðum við tækifæri til að bjóða í vissa pakka og fá inn í það pakka á móti en svo byggist þetta allt á fólki og þá kemur að sama vandamálinu aftur og aftur hver á að gera hlutina það er svo hundfátt fólk hérna.

#### **10. Hvaða þátt ferðaþjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri ferðamenn utan háannatíma.**

Hótél og annað gistirými, veitingastaði.

#### **11. Hvað telur þú að ferðaþjónusta geri fyrir atvinnulífið á Ströndum?**

Breytir heilmiklu, mikil margföldun hefur afleitt áhrif og er undirstaða reksturs á fjölda fyrirtækja er mikið samfélagsatriði.

**12. Hvað með menntun fólks í ferðaþjónustu, er henni ábótavant og hvað má aðallega bæta?**

Það er mjög mikilvægt að fólk viti hvaða þjónustu það á veita og hvernig það veitir hana svo er ekki síður mikilvægt að fólk sem er að reka fyrirtæki viti hvernig á að færa bókhald os.fr. og svo í framhaldinu að gististaðir skili inn réttum tölum. Meðan á við erum ekki með réttar tölur þá fáum við ekki réttar tölur frá Hagstofu t.d. og rýrir t.d. verð fyrirtækja hér. Ef þú ætlar að selja gistihús hér og ert ekki með réttar tölur varðandi fjöldi gistinátta þá ertu ekki með neina gesti.

**13. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðaþjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér/ykkur þetta snúa að Ströndum?**

Ekki mikið kvartað yfir tegund gistingar eða hún sé slæm ég held að hún sé almennt ágæt og ég held að Strandamenn sé almennt góðir heim að sækja, séu þjónustulundaðir. En það sem má bæta er þjónustan í tengslum við mat og drykk að það sé lengur opið á veitingahúsunum .

**14. Hvernig finnst þér/ykkur samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d.við Ísaförð eða aðra hluta Vestfjarða. Telur þú/þið þessa samvinnu mikilvæga?**

**Hver er skoðun þín/ykkar á að svæðið þ.e. annars vegar Strandir og hins vegar Vestfirðir, markaðssetji sig sem ein heild?**

Strandamenn koma fram sem ein heild og í raun Strandagaldur er það sem heldur þeim saman, ef það þarf að búa til auglýsingar eða kynningarefni þá er leitað til okkar í Strandagaldri. Við kaupum líka saman eitthvað af auglýsingum í einhver tímarit og svo komum fram sem heild á ferðasýningum eins og í Perlunni sl. vor (Vestfirðir vor 2006) Ég veit satt að segja ekki hverju það þjónar er ekki viss um að það skili neinum árangri þetta er einhvers konar rísa stórt ættarmót sem þetta gengur út á, þarna koma saman fullt af brottfluttum Vestfirðingum og þetta kostar fleiri milljónir ekki undir tuttugu milljónir þegar allt er talið saman. Fyrir tuttugu milljónir er hægt að gera mikla markaðssetningu á miklu betri hátt. T.d með að einblína á einhvern ákveðin markhóp og auglýsa sérstaklega fyrir hann.

Í sambandi við hvort við eigum samleið með Vestfirðingum get ég sagt bæði já og nei. Það er mjög mikilvægt að við höldum okkur í samstarfi við markaðssetningu

Vestfjarða vegna þess að þar eru peningar og ég er algjörlega á þeirri skoðun að ferðamenn sem koma á Vestfirði þeir koma hingað þeir þurfa að aka hér í gegn eða flestir af þeim. Engu að síður þá eru Strandir ekki ótvírætt hluti af Vestfjörðum þetta er líka sérstakt svæði sem við þurfum að leggja sérstaka áherslu á sem vörumerki, sem Strandir. Það er auðvitað hunderfitt sérstaklega fyrir erlendan markað þar sem Strandir eru auðvitað bara hluti af Íslandi og útlendingar þekkja ekkert svæðið Strandir eða Strandasýsla bara einstaka þekkta staði eins og Gullfoss Geysir og Bláa lónið. En ég held að við ættum að tengja okkur inn á þessa staði með því að búa til pakka fyrir ferðaskrifstofurnar, t.d. 7 daga ferð um landið og inn í þeim pakka eru Gullfoss og Geysir þar er Bláa lónið.

**15. Ert þú/þið í samvinnu við einhverja í sambandi við markaðssetningu?**

**En samvinna í sambandi við eitthvað annað tengt ferðaþjónustunni?**

Við erum í samstarfi við fjölda aðila, bæði á menningarnótum og fræðinótum. s.s. eins og Þjóminjasafnið, Landsbókasafnið, við Norræna húsið og fleiri aðila. Þetta skiptir líka miklu máli, við vorum t.d heilan mánuð í Norræna húsinu árið 2004 vorum með litla sýningu upp og húllum hæ alla daga og mjög góð aðsókn og athygli.

**16. Ert þú/þið meðlimir í einhvers konar starfssemi sem tengist ferðamálum, innan svæðisins, á landsvísu eða alþjóðavísu.**

Ferðamálasamtökum Vestfjarða, samstarfi við aðila í Vardo sem eru að byggja upp svipað og líta á Strandagaldur sem fyrirmynd.

**17. Hvernig er markaðssetningu háttað hjá þér/ykkur?**

Markaðssetning innanlands gengur langmest út á kaupa auglýsingar í sérstökum ferðablöðum, líka svolítið keypt í ferðablöðum erlendis. Það sem ég held að hafi skilað mestum árangri innanlands er þessi kátína og gleði og þessi bjartsýni. Þó þetta sé andskotanam erfiðara að öllu leyti og maður sé herna í svartnætti árið um kring yfir ástandinu þá látum við það aldrei koma fram út á við. Hér er bara allt í sóma og við notum allir tækifæri til að komast að í fjölmiðlum með allskyns skringileg fyrirbæi sem fjölmiðlar vilja gjarnan taka upp. Síðan höfum við fengið viðurkenningar sem ég held að skipti mjög miklu máli í markaðssetningu eins og við fengum viðurkenningu á Degi Íslenskrar tungu það skiptir mjög miklu máli.

**18. Hefur þú/ þið tölu á eða hugmynd um hvernig gestir fengu upplýsingar um ykkur?**

Mikið í Norrænu urðu varir við auglýsingar þar.

**19. Ert þú/ þið með heimasíðu – vitið þið hversu margir heimsækja hana á dag/ár**

Við vitum ekki alveg hversu margir það eru en það er á leiðinni að setja inn talningu á það.

**20. Hver telur þú/þið að sé helsti samkeppnisaðili þinn. Hver telur þú að sé helsti samkeppnisaðili Stranda?**

Ég veit það ekki, ódýrar sólalandarferðir, gengi íslensku krónunar

**21. Hversu mikilvæg telur þú/þið að upplýsingamiðstöðin á Hólmavík sé fyrir ferðaþjónustu á Ströndum.**

Mikilvægari en allt sem mikilvægt er. Ég verð var við það hér á Galdrasafninu ef ekki væri Upplýsingamiðstöð þá værum við ekki að ná svo miklu árangri hér á safninu.

Frábært starfsfólk, sem vinnur frábæra vinnu fyrir ferðaþjónustuna.

**22. Á hvaða markhóp telur þú/þið að vænlegast sé að horfa til fyrir ferðaþjónustuna á Ströndum**

Við höfum ekki skilgreint svæðið fyrir neinn ákveðin markhóp en við vonandi förum í það nú með Arnkötluverkefninu. Mér heyrir nú á öllu að við séum að horfa á þetta sem fjölskyldufólk í sambandi við innanlandsmarkaðinn en það hefur ekkert verið rætt um einhverjar sérstakar þjóðir sem við ættum að einblína á í sambandi við erlenda markað og í raun hefur verið lítið horft eitthvað sérstaklega á einhvern sérstakan markað erlendis. Það er auðvitað líka eitthvað sem ég bind miklar vonir við í sambandi við Markaðsstofu Vestfjarða.

**23. Hver telur þú/þið að séu efnahagsleg áhrif ferðaþjónustunar á Strandir?**

Ferðaþjónustan skapar fjölda starfa þó að þetta séu sumarstörf þá vil ég ekki segja bara sumarstörf því það er mikilvægt að skapa sumarstörf og ferðamannatíminn er að aukast það er að aukast tekjur inn í greinina á ársvisu.

(sjá umræðu um galdrasýningu)

**24. Hver telur þú að séu samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar á samfélagið á Ströndum?**

Gríðarlega mikið

**25. Hversu mikilvæg telur þú að ferðaþjónustan sé fyrir Strandir?**

Almennt í landinu þá er fólk ekki að líta á ferðaþjónustu sem alvöru atvinnugrein það viðhorf stendur greininni mikið fyrir þrifum. Það er ekki bara almenningur í landinu sem hefur þetta viðhorf. Við sjáum bara stjórnmálamenn hvaða virðingu þeir bera fyrir greininni með því að hefja hvalveiðar þó þeir vilji ekki viðurkenna þetta viðhorf sitt.

Það eru engin eða fá stórfyrirtæki í greininni og kannski þess vegna sem er litið svona niður á þessa atvinnugrein. Allar svona sveiflur eins og koma vegna áhrifa af hvalveiðum hafa svo mikil á áhrif á þessi litlu fyrirtæki. Það er engin alvöru ríkur í þessari grein, engin sem er eins og Kristján Loftsson sem á bara milljón dollara og skítsama hvað hann gerir og getur bara byggt hótél og sagt ég þarf enga gesti ég get bara beðið þar til ég fæ leyfi til að flytja inn Marsbúa. Það vantar að horfa á þessa grein sem alvöru atvinnugrein og styðja við hana sem slíka. Það er ekki verið að styðja að neinu viti við þessa atvinnugrein, menn berja sér á brjóst eins og samgönguráðherra fyrir tveimur eða þremur árum síðan að vera leggja til auka tuttugu milljónir í markaðssetningu í greininni. Það er ekki neitt. Hvað er verið að leggja til af peningum í sjávarútveginn, hvað eru það margir milljarðar á ári Svo er lögð svo mikil ábyrgð á ferðapjónustuaðila þeir eru settir stundum saman í einhverja grúppu sem andstæðingar einhvers annars eins og álvers, orkuuppbyggingu þá er þessi atvinnugrein tekin og sett inn í einhverja girðingu eins og gyðingasamfélag og endalaust potað í hana sagt: “FERÐAÞJÓNUSTAÐILAR BERA ÁBYRGÐ Á ÞVÍ AÐ FÓLK ER Á MÓTI ÁLVERI” Ferðapjónustaðilar þeir bera mjög mikla ábyrgð, vegna þess að hreint umhverfi, hreint land verndun landsins þetta er söluvara og það er það sem ferðapjónustan er að selja það eru þeirra hagsmunir að landið sé verndað. Það er það sem 80% ferðamanna sem koma til landsins vilja sjá. Þeir eru ekki að leita að byggðasafni, galdrasafni eða einhverju slíku þeir eru að koma út af náttúrunni af því hún er svo hrein og stórkostleg og ef við ætlum svo bara að eyðileggja hana þá koma engir ferðamenna hingað.

**26. Hvernig hefur stuðningi a)sveitarfélagsins verið háttað b)stuðningi ríkisins - Myndir þú/þið vilja sjá meiri stuðning? Hvernig þá?**

Þegar galdrasýningin var opnuð árið 2000 og þá um haustið fékkst góður styrkur á fjárlögum sem gerði það að verkum að það var hægt að halda áfram. Menn ætluðu að vera búnir með þetta verkefni í heild sinni en það hefur ekki tekist, við urðum að draga verulega saman seglin strax árið 2002 og hægja á allri uppbyggingu í Kotbýli kuklarans okkur tókst að opna það á síðasta ári (2005) án þess að í raun að bæta við skuldum nema að mjög litlu leyti alla vegna.

Nú er staðan einfaldlega þannig að það þarf að borga niður þessi lán ekki síst vegna þeirra sem eru að skrifa upp á þau. Þeir aðilar eru að fá stopp í bönkum af því þeir eru í svo miklu ábyrgðum. Þetta bara leiðir hvað að öðru.

Það verður nú gerður samningur við okkur af hálfu ríkisins að við fáum 30 milljónir næstu fimm árin. Við höfum fram til þessa sótt um styrk á hverju ári og fengið. Nú vitum þó alla vegna að það koma þrjátíu milljónir inn í verkefnið. En það væri kannski betra ef þetta væri á þremur árum því þá gætum við staðið við okkur skuldbindingar, borga upp skuldarnar. Þetta dregur svo mátt úr okkur.

Við höfum ekki sótt mikið að sveitarstjórn Hólmavíkurbrepps frekar en öðrum sveitarfélögum við vitum að sveitarfélögin hér eru illa stödd fjárhagslega og það eru vissir grunnþættir sem þarf að vinna hjá sveitarfélögum og það eru engir peningar afgang. En við höfum fengið mjög góða styrki í gegnum Héraðsnefndina við erum að tala um eitthvað um milljón upp í eina og hálf milljón á ári, það er auðvitað gríðarlega mikið og gott. Það eru auðvitað bara rúmlega 700 íbúar á svæðinu. Ég er mjög ánægður með aðkomu sveitarfélaganna ekki síst þann móralska stuðning sem fæst þaðan þau almennt gera sér grein fyrir því að þetta verkefni hérna hefur góð áhrif inn í samfélagið og það er bara mjög dýrmætt að fólk átti sig á því.

Ríkisvaldið ætti að koma mikið meira að þessu og fengi það örugglega margfalt til baka. Byggðastofnun ætti að koma mikið inn í þetta með víkjandi lánunum og styrkja einstök verkefni.

**27. Hversu mikilvægar telur þú/ að bæjarhátíðir s.s. eins og Bryggjuhátíð á Drangnesi Hamingjuhátíð á Hólmavík og aðrar hátíðir og uppákomur sem eru í gangi víðs vegar um sýsluna sé fyrir ferðapjónustuna á svæðinu?**

Mjög mikilvægar, styrkir ferðapjónustuna, ímyndalega séð hefur mikil áhrif, þetta er markhópur,

**28. Hver er þín/ykkar skoðun á að Strandir séu markaðssett í tengslum við galdra?**

Nú þegar orðið vörumerki og þar að halda því áfram og nýta það meira og vera meira út umm allt, í umbúðum utan um rækjuna, á opinberum stöðum,

**Síðan allt annað sem þér/ykkur dettur í hug að nefna í sambandi við ferðapjónustu og annað því tengt.**

Með ferðamálafulltrúa þá er ég ekki viss um það myndi gagnast hér þar sem við erum svo fá, sveitarfélögin fjárvana og það kostar heilan helling að hafa starfsmann eins og ferðamálafulltrúa á fullum launum. Það þyrfti alla vegna að skilgreina hlutverk hans

mjög vel til að þetta myndi borga sig. Við þurfum að eignast okkar hlut í  
Hornströndum á þessu svæði



**Viðtal við Viktoríu Rán Ólafsdóttur, starfsmanni hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.**

**Hólmavík, 12. janúar 2007**

**1. Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gengt þessu starfi**

Viktoría Rán Ólafsdóttir, er menntuð alþjóðaviðskiptafræðingur frá Englandi síðan. Hefur starfað hér heima í 5 ár við viðskipti markaðsfræði m.a. hjá Intrum

**2. Hvernig tengist þú/þið ferðamálum á Ströndum**

Starfa hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og e.k. svæðisverkefnastjóri fyrir Strandasýslu en starfa samt fyrir allt svæðið í heild, þ.e. Vestfirði, ég sé meira og minna um allt sem tengist áætlanagerð en er í öllu mögulegu.

**3. Lýsing á starfinu/fyrirtækinu sem þú/þið vinnið fyrir**

**4. Hvers konar fyrirtæki, hvert er rekstrarformið, hve lengi hefur það verið í rekstri? hvenær er það opið, hvað eru mörg störf í fyrirtækinu – heilsársstörf/hlutastörf.**

**5. Fjárhagsstaða fyrirtækisins**

**6. Hvað fólk er það sem sækir ykkur heim – Íslendingar, útlendingar, einstaklingar, hópar á eigin vegum, á vegum ferðaskrifstofa og annað sem kemur til greina og hversu margir ferðmenn koma til ykkar á ári og hvernig skiptist það á milli mánuða. (áætlað ef ekki liggja fyrir tölur)**

Sjá tölvupóst frá Viktoríu

**7 Almennt um ferðaþjónustuna á Ströndum hvernig finnst þér staðan vera í dag, og hvernig hefur hún þróast og breyst síðan þú/þið komst til starfa og framtíðarsýn/horfur í ferðaþjónustunni á svæðinu og í hverju liggur framtíðin.**

Margir kostir og margir gallar, kostirnir eru þeir að við sjáum aukningu á ferðamönnum, gallarnir eru að við höfum nær eingöngu verið að markaðssetja okkur innanlands nánast ekkert markaðssett okkur erlendis, þess vegna erum við með mjög lítið hlutfall erlendra gesta. Við erum með langminnsta hlutfall erlendra gesta sem hingað koma til lands af landsbyggðinni þá er ég að tala um Vestfirði í heild við erum með innan við 1% er erlendum ferðamönnum sem hingað koma. Það hefur engin markviss markaðssetning átt sér stað erlendis á neinu einu tungumáli eða í einu landi. Það hefur engin markhópagreining átt sér stað fyrir Strandir eða Vestfirði í heild og

Það hafa verið upp hugmyndir að ná til svona lúxushóps sem myndu eyða meiri peningum á svæðinu en býður svæðið upp á það sem þessi hópur vill, mikið veitingastöðum góða gistingu o.s.fr. Núna er hópurinn sem kemur hérna náttúruunnendur sem vilja komast í snertingu við náttúruna, gista í ódýrri gistingu það sem vantar hvaða hóp ætlum við beina sjónum okkar að og við þurfum að miða uppbyggingu svæðisins við það.

**8. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Þessi Strandlengja sem Strandir ná eftir og síðan eðli standamanna við erum ennþá hjálpsöm og tökum vel á móti fólki og hér ákveðin menning í gangi eins og Galdrasafnið ofl. en það vantar meiri afþreyingu og meiri samhangandi pakka.

**9. Hvað með samgöngur, telur þú/þið að ferðapjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Ég held að það muni ekki breytast nema að við Strandamenn undirbúum okkur í að taka á móti fleiri ferðamönnum og að við markaðssetjum þessa breytingu vel

**10. Hvaða þátt ferðapjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri ferðamenn utan háannatíma.**

Samstaða og samvinnu innan svæðis og við nágrennasvæðið og vinna í markhópagreiningu við þurfum að virka þjónustuvænni, miða ferðapjónustuna við ferðamanninn. Við erum að byggja á 6 á til 8 vikum og þó það hafi slæðst hingað fleiri utan þess tíma þá erum við aðallega á þessum tíma og það þarf að sinna því tímabili vel en eins og staðan er í dag þá er verið að loka stöðum í byrjun ágúst og á meðan svo er þá erum við ekki að lengja tímamann a.m.k.

**11. Hvað telur þú að ferðapjónusta geri fyrir atvinnulífið á Ströndum?**

**12. Hvað með menntun fólks í ferðapjónustu, er henni ábótavant og hvað má aðallega bæta?**

Það er ungt fólk sem er yfirleitt að vinna þessi störf á sumrin, vinna með skóla og hefur oft enga menntun eða reynslu til að sinna þessu nægilega vel. Það er engin sem ég man eftir sem sérstaklega menntaður í ferðþjónustu, það eru vísu leiðsögumenn hér menntaðir en ekki annað.

Við höldum hér þjónustunámskeið höfðum samband við alla ferðapjónustuaðila og það skráðu sig tuttugu og þegar fólkið mætti þá fékk ég hálfgjört sjökk það voru tveir undir

tuttugu, börn ferðþjónustuaðilanna sem er gott og blessað en það fann enginn þörf hjá sér til að koma sjálfur og bæta úr hjá sér og læra eitthvað nýtt og þarna sat unga fólkið var mest í því að senda smá skilaboð og mér fannst lítill árangur af þessu framtaki okkar.

**13. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðapjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér/ykkur þetta snúa að Ströndum?**

Hér hefur mikið verið kvartað yfir opnunartíma verslana, banka og ýmiskonar þjónustuaðila, dekkjaverkstæða þetta er alveg grunnurinn að því að fólk sé ánægt að það geti nálgast helstu nauðsynjar eins og mjólk og brauð alla daga sumarsins og geti bjargað sprungnu dekki. Annars er fólk ekki að upplifa sig öruggt að ferðast hingað.

**14. Hvernig finnst þér/ykkur samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d. við Ísafjörð eða aðra hluta Vestfjarða. Telur þú/þið þessa samvinnu mikilvæga?**

**Hver er skoðun þín/ykkar á að svæðið þ.e. annars vegar Strandir og hins vegar Vestfirðir, markaðssetji sig sem ein heild?**

Ég veit ekki alveg hversu raunhæft það er að treysta á Vestfirðina í þessu sambandi því mér finnst Vestfirðingar og þeir sem sjá um markaðssetningu þar ekki alltaf sjá okkur hér á Ströndum sem hluta af Vestfjörðum þannig að við verðum að gæta okkar eigin hagsmuna og gera okkur grein fyrir að við erum ekki alltaf hluti af Vestfjörðum. Ég persónulega sé fyrir mér með þessum Arnkötluvegi að við getum orðið svona Snæfellsnes-Reykhóla-Stranda og Látrabjargshringur með Baldri. En auðvitað viljum við vera hluti af Vestfjörðum þar sem er verið að reyna búa til ákveðið þema fyrir svæðið, þema sem byggist á dulúð og náttúru

Samvinna fólks á milli svæða hér hefur einkennst of mikið af rígg Vestanmönnum finnst Strandamenn oft ómöglegir og sama segja Strandamenn um Vestanmenn og ég verð að segja að mér finnst Strandamenn vera meira í þessu en þeir fyrir Vestan.

Samvinna fólks hér innan svæðisins er svona að mjakast af stað það er svona einn og einn sem er að fara af stað með samvinnuverkefni það er allt gott um það segja.

Við erum með Markaðsstofu Vestfjarða sem er fara af stað í markaðssetningu fyrir svæðið.

**15. Ert þú/þið í samvinnu við einhverja í sambandi við markaðssetningu?**

**En samvinna í sambandi við eitthvað annað tengt ferðaþjónustunni?**

**16. Ert þú/þið meðlimir í einhvers konar starfssemi sem tengist ferðamálum, innan svæðisins, á landsvísu eða alþjóðavísu.**

**17. Hvernig er markaðssetningu háttað hjá þér/ykkur?**

Það er svo lítil markviss markaðssetning í gangi núna en þegar búið verður að gera svona markhópagreiningu þá t.d. vera með lítið þjónustuborð í Leifsstöð sem tilraun. Svo þarf að búa til pakka sem ferðaskrifstofunum er boðið upp á það hafa aldrei verið til svona pakkar um svæðið ákveðnir staðir heimsóttir og gist á og ákveðin afþreying í boði. Við verðum að reyna að ná þessum erlendu aðilum inn ég held að það sé númer 1,2, 3

**18. Hefur þú/ þið tölu á eða hugmynd um hvernig gestir fengu upplýsingar um ykkur?**

Eins og ég sagði áðan þá eru Íslendingar langstærsti hluti þeirra ferðamanna sem koma hingað og mikið til er þetta er fólk sem á ættir að rekja hingað sem er að koma á atburði hér eða heimsækja ættingja. Síðan er líka eitthvað um það að fólk er að fara Vestfjarðahringinn og kemur þá við hér á þeirri leið.

**19. Ert þú/ þið með heimasíðu – vitið þið hversu margir heimsækja hana á dag/ár**  
Við vitum að Strandir.is er að fá fjölda heimsókna en við vitum ekkert hvaða fólk þetta er. Í sambandi við netið þá er Markaðsstofa Vestfjarða að undirbúa og opnar í vor nýja síðu fyrir Vestfirði þar á að vera hægt að bóka gistingu, afþreyingu, bílaleigubíla o.þ.h. og þar á að vera hægt að fá helstu upplýsingar um svæðið.

**20. Hver telur þú/þið að sé helsti samkeppnisaðili þinn. Hver telur þú að sé helsti samkeppnisaðili Stranda?**

**21. Hversu mikilvæg telur þú/þið að upplýsingamiðstöðin á Hólmavík sé fyrir ferðaþjónustu á Ströndum.**

Gífurlega mikilvæg ég held að fullt fólki komi hingað án þess að vera með neitt í gangi og því er svona stöð mjög mikilvæg til að leiðbeina fólki. Ég vann þarna eitt sumar sjálf og það kom mér á óvart hversu mikið fólk kom og í allskonar aðstæðum, bilaðir bílar, veikt fólk o.s.fr vitið hvað er í gangi hvar hvernig er veðurspáin o.s.fr.

**22. Telur þú/þið mikilvægt að auka gistirými á Ströndum og ef svo er er þá einn staður betri en annar og í hvaða klassa telur þú að gistingin eigi að vera?**

Ég held að það vanti bæði ódýra gistingu og líka gæðagistingu og ég myndi vilja sjá það fyrst fleiri rúm með svona þokkleg gæði ekkert endilega sér baðherbergi en þokkalegt og síðan myndi ég líka vilja fá hvort sem það væri gott gistihús eða hótél þar sem herbergin væru með baði ef það er hægt en það er búið að reikna þetta út og það á ekki að vera hægt að láta þetta bera sig.

**23. Hversu mikilvægt telur þú/þið að reist verði hótél á Hólmavík og/eða byggt við Hótél Laugarhól eða Hótél á Drangnesi.**

Ég er búin að hugsa þetta mikið og hef ekki komist að neinni niðurstöðu en ég held að það þurfi eitthvað að koma til hér á Hólmavík og það eru menn sem eru viljugir á því að byggja hótél og eiga það fjármagn sem þarf en vita ekki alveg hvernig gistingu á að fara út í og hvar á Hólmavík það ætti að koma. Ég er svo sem ekkert sérstaklega hlynt því að það ætti að vera hér, finnst það geta átt heima víða á svæðinu. Í sambandi við ódýra gistingu þá nefni ég sem dæmi farfuglaheimili, ég finnst það ekkert endilega þurfa að vera í bæ, gæti líka alveg eins verið út í sveit en þetta er alltaf spurning um samgöngur farfuglaheimili þarf að vera í tengslum við þjóðveginn svo staðsetning þarf að taka mið af því. Svo held ég að Árneshreppur þurfi líka að fá betri gistingu. Það eru um 1200 manns að fara með bátum í ferðir (Reimar) frá Árneshreppi á ári norður á Hornbjarg og það er ekki einu sinni kaffi í boði í Norðurfirði, væri hægt að gera mikið meira þar.

**24. Á hvaða markhóp telur þú/þið að vænlegast sé að horfa til fyrir ferðaþjónustuna á Ströndum**

Mikið vandamál að það sé ekki búið skilgreina markhóp

**25. Hver telur þú/þið að séu efnhagsleg áhrif ferðaþjónustunar á Strandir?**

Af því að það eru mest krakkar sem vinna við ferðaþjónustuna þá held ég því miður að laun þeirra verði ekki eftir hér. En það er hins vegar ljóst að ef við hefðum ekki þetta unga fólk sem kemur heim á sumrin þá hefðum við ekkert fólk til að vinna þessi störf. Kaupfélagið, Cafe Riis og fleiri staðir myndu ekki standa undir sér og væru örugglega búin að loka ef það kæmi ekki til ferðaþjónustan. Íbúarnir hér njóta síðan góðs af þessum fyrirtækjum og þjónustu eins og t.d. sundlauginni allt árið um kring sem væru ekki hér tel ég að megi fullyrða ef ferðaþjónustan kæmi ekki til.

**26. Hver telur þú að séu samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar á samfélagið á Ströndum?**

Ég held að Strandamenn séu ekki búnir að skilgreina sig ennþá í ferðaþjónustu nema kannski einn og einn á stangli sem hafa tileinkað sér það. Ég held að við þurfum öll að ákveða það að við ætlum að vera í ferðaþjónustu þó við séum ekkert í henni í sjálfu sér. Ég held að fyrirtæki sem ekki eru beint í ferðaþjónustu þurfi samt að gera sér grein fyrir að þau njóta góðs af ferðamönnum og væru kannski ekki starfandi ef ferðamenn væru ekki staðar.

### **27. Hversu mikilvæg telur þú að ferðaþjónustan sé fyrir Strandir?**

Mjög mikilvæg og jafnvel forsenda áframhaldandi byggðar og byggðarþróunar á svæðinu. Svo má ekki gleyma því að ferðamenn eru fleiri en útlendingar, það er líka fólkið sem heimsækir ættingja sína hingað, fólk sem keyrir hérna fram hjá fólk í viðskiptaerindum, ég sé þetta líka sem ferðamenn. Það fjölgar hérna um helming í bænum á sumrin. Það eru eitthvað um tuttugu hús sem standa auð yfir veturinn en þau hús fyllast á sumrin og okkur munar um það fólk. Ég myndi líka vilja sjá sumarhússvæði hérna rétt hjá Hólmavík þar þegar vegurinn yfir Arnkötuldal kemur þá erum við að bjóða upp á veglengd og tímamörk sem er innan þeirra marka sem fólk vill fara í sumarhús um helgar þannig að ég held að svoleiðis byggð gæti orðið lyftistöng fyrir svæðið.

### **28. Hvernig hefur stuðningi a) sveitarfélagsins verið háttað b) stuðningi ríkisins - Myndir þú/þið vilja sjá meiri stuðning? Hvernig þá?**

Sveitarstjórnin er algjörlega viljug til að gera allt sem hægt er en sýnir það engin veginn í verki. Það er hvergi til neitt í fjárhagsáætlunum neitt sem er tileinkað ferðaþjónustu þannig að það er verið að setja pening bara öðru hverju og þá í einhver brýn verkefni sem eru aðkallandi og það kemur yfirleitt eða aldrei nægur peningur. Það bráðvantar menntaðan ferðamálafulltrúa fyrir svæðið og mitt starf getur ekki verið það, ég hef ekki leyfi til að starfa sem slíkur. Það þarf allt að bera svo skjótan gróða, það er krafist svo mikils árangurs strax til að hægt sé að réttlæta kostnað.

Mér finnst t.d. að það ætti að ráða ferðamálafulltrúa sem hefði yfirumsjón með upplýsingamiðstöðinni á sumrin og fengi yngra fólk með sér því þeir aðila sem sjá um rekstur upplýsingamiðstöðarinnar núna eru að fá ágætis pening fyrir það starf. En mín skoðun er sú að það fjármagn myndi nýtast betur ef ráðin yrði ferðamálafulltrúi sem myndi starfa á heilsársgrunni og sinna markaðsmálum á veturnar sem er nú verið að sinna á handahlaupum í maí.

Í sambandi við stuðning ríkisins þá ekki beint, en Strandagaldur hefur fengið styrk og þeir lögðu upp í byrjun með loforð um það en svo hafa þeir styrkir engan vegin dugað og það sitja einstaklingar upp með tugi milljóna á bakinu og eins var vegurinn á Bølunum á leið í Árneshrepp byggður upp fyrir fé úr ferðamannavegsjóði. En ég sé ekkert annað það er ekki einu sinni skilti við Brú í Hrútafirði sem bendir á Vestfirði eða Strandir.

**29. Getur þú/þið nefnt eitthvað eitt sem þér finnst vera helsta aðdráttarafla Stranda?**

**30. Getur þú/þið nefnt eitthvað eitt sem er meira aðkallandi en annað varðandi ferðaþjónustu á Ströndum til að hún geti vaxað og dafnað?**

**31. Hversu mikilvægar telur þú/ að bæjarhátíðir s.s. eins og Bryggjuhátíð á Drangnesi Hamingjuhátíð á Hólmavík og aðrar hátíðir og uppkomur sem eru í gangi víðs vegar um sýsluna sé fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu?**

Ég veit ekki alveg hvað mér finnst en ég veit að við erum að leggja í óhemjumikinn kostnað í þessar hátíðir og ég veit ekki hvað við erum að fá til baka frá ferðamönnum sem slíkum. Hins vegar er þetta snemma sumars og það fer allt í gang, allt þrifið, rakað, skreytt og bærinn verður virkilega flottur og þetta skilar sér í þessu álitu sem gestir hafa á bænum, þetta skilar sér í myndarlegum bæ. Við höfum fengið að heyra það frá ferðamönnum að þeim finnst þetta vera t.d. mikill munur frá öðrum litlum sjávarplássum á Vestfjörðum. Skilar sér a.m.k. í betri ímynd, glaðari íbúum. Við erum ekki kannski ennþá að sjá fjárhagslegan ávinning af þessu en hins vegar Bryggjuhátíðin á Drangnesi sem hefur verið haldin ellefu ár og hún er farin að skila hagnaði

**32. Hver er þín/ykkar skoðun á að Strandir séu markaðssett í tengslum við galdra?**

Ég er svolítið hrædd við það. Það eru margir orðnir þreyttir á þessu sérstaklega Íslendingar. Galdrasafnið er gott fyrir vissan hóp en það er nokkuð fræðilegt þannig að það er kannski ekki þessi hefðbundna ferðamaður sem vil ekkert vera að hugsa bara sjá. Fjölskyldur með börn. veit ekki það hefur samt bæst við safnið eftir að hrafnarnir komu og þeir hafa vakið mikla eftirtekt. Það þarf sem meira til útlendingarnir eru áhugasamir, verða svolítið vonsviknir, bjuggust við meira eru alveg ánægðir en myndu ekki koma aftur það er kannski svolítið áhyggjuefni ef eitthvað er roslega gott þá vill fólk koma aftur. Galdrapema gæti verið svo miklu meira gætu verið þjóðsögur það

hægt að gera svo meira úr þessu þema sem við gætum búið til í kringum það, ekki bara galdra, meiri þjóðsögur, þjóðtrú og álfa búa til meiri almenni afþreyingu í kringum það.

Vestfirðir bjóða algjörlega upp á þetta dulmagnaða, hægt að gera sérstöðu úr því.

### **33. Framtíðarsýn ferðapjónustunnar**

Ef ég hefði trú þá væri ég ekki hér, okkur vantar menntað fólk og fjármagn, fólk sem er til í taka áhættu.

**Síðan allt annað sem þér/ykkur dettur í hug að nefna í sambandi við ferðapjónustu og annað því tengt.**

Vaxtarbroddar á öðrum sviðum er ekki miklir eða sjáanlegir við vonumst til að halda þeirri vinnslu sem er hér á svæðinu.



## Viðauki II

Tölvupóstur frá viðmælendum

**Tölvupóstur frá Dorothee Lubecki starfsmanni, atvest á Ísafirði  
10. janúar 2007**

**Í sambandi við verkefnið þá er ég að skrifa um ferðaþjónustu á Ströndum, stöðuna í dag og hvernig sér fólk framtíðina í ferðaþjónustunni á svæðinu og er að vinna ritgerðina út frá hugmyndum um atvinnulíf í jaðarbyggðum/svæðum. Það sem gott væri að fá frá þér er fyrst almennar upplýsingar um þig, störf, menntun hversu lengi þú hefur gengt þessu starfi os.fr.**

Hæ Ella,

Jæja, mikið er spurt og spennandi er viðfangsefnið... Ég skal reyna að svara eftir bestu getu en held samt að við ættum að spjalla aðeins saman samt.

Ég er búin að fylla inn eins mikið og ég get í augnablikinu. Kiktu á þetta og hafðu endilega samband þegar þú er búin að melta þetta.

Með kærri kveðju,

Dóra

Dipl. Ing. Dorothee Lubecki, var í námi við Tækniska háskóla í Berlin í Þýskalandi 1988-1996 í skipulags- og umhverfisfræði og byggðaþróun (Landschaftsplanung)

Var ráðin sem ferðamálafulltrúi Vestfjarða 1996 og starfaði fyrst hjá

Fjórðungssambandi Vestfirðingar. Með stofnun AtVest færðist starf mitt þangað og hef ég verið í vinnu hér síðan.

Verkefnasvið og áherslur hafa breyst talsverð á tímabilinu frá því að vera aðallega fólgin í ráðgjöf, eflingu samstarfs og svæðiskynningu yfir í umfangsmiklar verkefnavinnu (þ.á.m. 2 stór evrópuverkefni), stýringu ferða- og menningarklasa Vaxtarsamnings Vestfjarða.

Á síðasta ári var sú breyting gerð að markaðsstofa var stofnuð og starfsmaður í heilt stöðugildi ráðinn. Einnig var starfsmaður ráðinn í fullt starf á Upplýsingamiðstöð

Vestfjarða á Ísafirði. Þar með hefur í raun verið að skipt starfi mínu niður á 3 stöðugildi. Þetta endurspeglar að einhverju leyti að ég réð ekki lengur við öll verkefni sem þarf að vinna og að starfið hefur verið að vinda upp á sig. Auk okkur þremur eru starfandi nokkrir starfsmenn sem hafa að hluta til við þróun ferðamála að gera: Rúnar Óli Karlsson hjá Ísafjarðarbær, Viktoría á Hólmavík, starfsmaður AtVest, Soffía Gústafsdóttir í Vestur-Barð, starfsmaður AtVest, N.N. á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar.

Eins og þú getur séð er þetta heilmikið breyting frá því sem var á sínum tíma þegar þú varst á Laugarhóli.

Því miður hefur gleymst að tryggja samstarf þessara manna og er þróunin þar af leiðandi svolítið óljós þessa dagana. Ég flutti erindi á síðasta Fjórðungspingi um þessi mál og lét erindið fylgja að gamni.

## **2. Síðan um ferðaþjónustuna á Ströndum hvernig finnst þér staðan vera í dag, og hvernig hefur hún þróast og breyst síðan þú komst til starfa og framtíðarsýn/horfur í ferðaþjónustunni á svæðinu og í hverju liggur framtíðin.**

Tilkomu Strandagaldurs hefur gert Ströndunum mjög gott og gerir það að verkum að svæðið býr yfir sérstöðu í dag. Náttúrufrægurð er fyrir hendi á öllum Vestfjörðum, en menningarleg áhersla sem skapast í tengslum við Galdrasýninguna hefur gert kraftaverk. Verkefnið hefur þar að auki áhrif á samfélagið í heild. Við Siggí hittum á háskólanema út í Þýskalandi sem fékk áhuga á að vinna verkefni á Ströndum og hún var hér fyrir nokkrum árum. Hún lauk vinnunni sinni með ritgerð sem er heildarúttekt á áhrifum Galdrasýninguna og má nálgast enska samantekt á henni hjá Sigga Atla. – mjög áhugavert! Nafn nemanda er Alexandra Hilf!

Greinilegt er að Galdrasýningin hefur mikið markaðssetningargildi og á stóran hlut í því að koma Ströndunum á kortið. Strandir og Galdrar er nátengd í huga Íslendinga í dag – alla vegna skynja ég þetta þannig. Þetta vekur athygli og endurspeglast þessum áhuga í aukningu á gistingu á gistingu.

Sýningin bíður líka upp á vöruþróun/minjagripaþróun og fl. Þar er enn margt óunnið, en Strandabúðin sem er rekin af Strandagaldri er byrjunin, einnig netbúðin.

Almennt finnst mér menn samstíga á Ströndum, en samstarfið t.d. í gegnum ferðamálafélagið hefur legið niðri í lengri tíma núna.

## **3. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Núna kemur svar sem er svolítið út úr kú... en: það sem einkennir Strandirnar umfram allt sem hefur komið fram nú þegar (náttúrufegurð, Strandagaldur og önnur verkefni) – er fólkið sem býr þar. Ástæðan fyrir því að Strandirnar hafa náð þeim árangri sem þar er að sjá, byggir á frumkvæði, úthugsunarsemi, hugsjón og getu þeirra einstaklinga sem þar hafa lögð hönd á plóg. Þetta er ekki pólitíkinni að þakka, ekki stjórnvöldum eða svæðinu sem slíkt. Þetta allt er tilkomin út af því að þar býr fólk sem gjörþekkir svæðið og sögu þess og býr yfir þeim hæfileikum og þeirri menntun sem til þarf til að koma verkefni eins og Strandagaldur af stað.

Auðvitað er mikil og merkileg saga á Ströndum og merkilegt fólk og falleg náttúra en þetta er víða. Á Ströndum hinsvegar hafa menn áttað sig á þessu og gera út á þetta... Snjallt !! Og getur verið til þess að svæðið eigi framtíð.

Ég veit ekki hvort að þetta er jákvætt eða neikvætt svar, en mér finnst í gegnum þessi nánast 11 ár sem ég er búin að fylgjast með þróun mála hér á Vestfjörðum og á landinu í heild, að velgengi verkefna, svæða eða hvað sem er á sviði ferðaþjónustu, menningar ... einstaklingsbundin. Á Ströndum er staðan heppileg að því leyti til að ekki eingöngu um einn einstakling er að ræða, heldur um þröngan góðan, vel menntaðan hóp sem getur unnið saman og sem vill búa á svæðinu.

Til samanburðar má vitna í þróunina í Vestur-Barð. Þar einmitt vantar baklandið í formi einstaklinga sem drifa allt áfram. Hér höfum við séð eftir mjög virkum einyrkjum sbr. Gunnari á Tálknafirði, Agli á Hnjóti og Jóa á Hnjóti sem hafa ekki náð að klára verk sitt, gáfust upp eða hurfu um aldur fram og eftir standa hinir og hrista hausinn.

Þetta eru hluti sem við, sem eru í ráðgjafa og líka leiðtogahlutverki fyrir svæðið allt, ráðum ekki við.

#### **4. Hvað með samgöngur, telur þú að ferðaþjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Arnkötludalsvegurinn mun breyta aðgengi að svæðinu og kalla á aukið samstarf við Reykhólamenn. Strandamenn eru nú þegar búin að átta sig á þessu og hafa stofnað til samstarfshóps undir heitinu Arnkatla. Þar með er að einhverju leyti verið að endurvekja ferðamálafélagið og er það bara gott mál.

Að öðru leyti finnst mér vanta samgöngur norður í Árneshrepp og yfir í Djúpið (Kaldalón, Bæir, Reykjanes). Ég hef verið að spá í litla rútu, jeppa eða eitthvað slíkt til

að bjóða upp á skipulagðar ferðir. Gott væri líka að bjóða upp á tengsl norður til Ísafjarðar t.d. með því að koma á áætlun í Bæi og fá þangað bát til að sækja fólkið. Dagsferðir á Árneshrepp með leiðsögn, og í Kaldalón (skemmtileg ganga!)... fullt af möguleikum

**5. Hvaða þátt ferðapjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri utan háannatíma.**

Ég held að það væri gott að bæta skipulögðum ferðum við eins og lýst undir 4.

**6. Hvað telur þú að ferðapjónusta geri fyrir atvinnulífið á Ströndum.**

Hún er mjög mikilvæg og skilar talsverðum peningum inn í samfélagið með beinum og óbeinum hætti. Þar skapast sumarstörf, tækifæri til að selja handverk, búðirnar margfalda veltu sína á sumrin, bensinstöðvar einnig.

Sumir búðir ættu reyndar að stilla sig betur inn á ferðamennina og eiga nægilegan varning á lager þegar að því kemur.

Við erum t.d. þessa dagana að keyra verkefni í gang til að auka minjagripaframleiðslu fyrir allt svæðið.

**7. Hvað með menntunarstig fólks í ferðapjónustu.**

Er misjafnt, en fer batnandi. Ungu fólkið sem er að byrja er oftast metnaðarfullt. Það er meira um einstaklinga sem sækja námskeið á Hólum og á vegum Fræðslustöð Vestfjarða. Einnig hafa margir tekin þátt í þróunarverkefnum eins og “Nature Based Tourism” og “Hagvöxt á heimaslóð”. Þetta hefur allt áhrif og er að skila sér.

**8. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðapjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér þetta snúa að Ströndum?**

Mér hefur fundist viðmót og gæði á Ströndum og reyndar á flestum ferðamannastöðum á Vestfjörðum vera í nokkuð góðu lagi. Þjónustu- og tungumálanámskeið og síhækkandi menntunarstig í geiranum hafa einnig áhrif hér.

Verðlagningu hinsvegar, mætti skoða í sumum tilfellum (og þá á ég ekki sérstaklega við Strandirnar). Mér persónulega finnst verðið oft of há miðað við gæði – ef ég er að setja okkur í alþjóðlegt samhengi og einnig með tilliti til ferðamanna sérstaklega útlendinganna. Þar á ég sérstaklega við kostnað fyrir gistingu.

**9. Hvernig finnst þér samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d. við ykkur á Ísafirði telur þú þessa samvinnu vera mikilvæga?**

Strandamenn hafa starfað nokkuð vel saman innan svæðisins – þrátt fyrir einhverju nöldri sem kemur upp annað slagið. Markaðssetning hefur einkennst af hugmyndaflugi og vönduðum vinnubrögðum sem einstaklingar á svæðinu hafa haft frumkvæði af (sbr. Perlukynning sl. Vor – mjög skemmtilegur bás!

Strandamenn eru passasamir um að halda sérstöðu sinni innan Vestfjarða en eru samt í samstarfi sem er mikilvægt.

**Hver er skoðun þín á að svæðið í heild sinni markaðssetji sig sem ein heild?**

Vestfirðir eru sterkari ef við höldum okkur við markaðssetningu svæðisins sem eina heild, þrátt fyrir svæðisbundin mismun. Markaðsstofa Vestfjarða er í því hlutverki núna.

**10. Hversu mikilvæg telur þú að upplýsingamiðstöðin á Hólmavík sé fyrir ferðaþjónustu á Ströndum.**

Hún er ómissandi, sér um að halda samband við alla og skapar samstarfsvettvang sem er einhvern slags lífsæð ferðaþjónustunnar á sumrin. Hún er einnig mikilvæg sem samstarfsaðili upplýsingamiðstöð Vestfjarðar á Ísafirði og hinar staðirnir á sumrin.

**11. Telur þú mikilvægt að auka gistirými á Ströndum og ef svo er er þá einn staður betri en annar og í hvaða klassa telur þú að gistingin eigi að vera?**

Mér sýnist vantar gistirými – ekki bara á hásumrin. Um er að ræða hótélstandard og einnig gistiheimili eða freka farfuglaheimili. Farfugla ferðast með rútum og það vantar áfinnanlega fleiri farfuglaheimili á Vestfjörðum til að sinna þessum markhóp.

**12. Hversu mikilvægt telur þú að reist verði hótél á Hólmavík og/eða byggt við Hótél Laugarhól eða Hótél á Drangnesi.**

Hótélgisting vantar. Ég get ekki 100% dæmt um það hvar og hvernig best væri að standa að þessu. Viðbygging og/eða breyting á Laugarhóli virðist vera góður kostur þar sem góð eining er nú þegar fyrir hendi og heitt vatn og sundlaug á staðnum. Það mundi þá einnig kalla á breytingar/stækkun veitingastaðarins???

Ef nýbygging yrði á Hólmavík, mundi ég vilja sjá Galdrahótél sem gæti verið allt frá einni byggingu til sumarhúsaeyningar með góðri þjónustu. Gott væri að nýta Café Riis til hins ýtrasta og tryggja þar heilsársrekstur.

Ef Drangsnæs yrði fyrir valinu, þá þarf að huga að þessu sérstakleg og hef ég ekkert spáð í þetta.

### **13. Á hvaða markhóp telur þú að vænlegast sé að horfa til fyrir ferðþjónustuna á Ströndum**

Fyrst og fremst Íslendingar og þá fjölskyldufólk – enda höfðar galdrapemað ekki síðst til barnanna. Sauðfjársetrið ætti að vera gott akkúrat fyrir þennan markhóp líka og hafa menn þar á bæ staðið mjög vel að skipulagningu og framkvæmd fjölmarga uppákomur sem hafa vakið athygli um land allt.

Að öðru leyti útlendingar en til að ná til þeirra þarf að hugleiða nýrra leiða og þarf væntanlega meira ferðatilboð, sbr. því sem var lýst undir 4. Einnig mætti bjóða upp á gönguferðir með leiðsögn, athuga aftur með hestaleiga.

Svo erum við að horfa á vísindamenn sem geta haft áhuga á göldrum og báskunum sem er nýtt verkefni.

### **14. getur þú nefnt eitthvað eitt sem þér finnst vera helsta aðdráttarafla Stranda?**

Árneshreppur – þetta er sönn íslensk sveit. Það eru ekki mörg sveitarfélög eftir á Íslandi sem búa yfir sambærilegum eiginleikum. (Þetta er bara mín persónuleg skoðun – ekkert fagmannleg, bara tilfinnanlegt svar).

**Og endilega allt annað sem þér dettur í hug og þá líka í sambandi við þælinguna um jaðarsvæði/byggð. Ég veit að það var ráðstefna í Árneshreppi um þessi mál fyrir einhverju síðan og þá bara um svæðið þar, átt þú eitthvað á tölvutæku formi um þau erindi sem flutt voru þar eða annað efni sem ég gæti nýtt mér?**

Við gerðum úttekt sem byggir á viðhorf unga Árneshreppsþúa eða betur unga fólks sem er ættuð þaðan. Ég læt skýrsluna fylgja í viðhenginu.

Í kjölfar var kölluð saman nefnd á vegum forsætisráðuneytis sem ég átti sæti í fyrir hönd Atvinnuþróunarfélags. Nefndin skilaði af sér skýrslu sem reyndist vera frekar blóðlitið plagg. Ég sendi þér það líka.

**15. Hversu mikilvægur telur þú/ að bæjarhátíðir s.s. eins og Bryggjuhátíð á Drangsnesi Hamingjuhátíð á Hólmavík og aðrar hátíðir og uppákomur sem eru í gangi víðs vegar um sýsluna sé fyrir ferðþjónustuna á svæðinu?**

Mikilvæg – ekki spurning!

Þetta er aukin markaðssetning, skapar umfjöllun, dregur stóran hóp manna inn á svæðið sem hugsanlegur dvelur lengur, eyðir peningar, segir frá og gerir ferð út úr þessu. Hátíðir eru líka til þess að skapa heimamönnum tækifæri til að blómstra og

skapa hátíðinni sérstöðu. Þetta er gott fyrir sjálfsímynd, sjálfstraust og samlíf heimamanna. Auk þess getur hátíð skapað tekjur. Nauðsynleg er hinsvegar að vera með skýr markmið og skipulag og vera með skýr skilaboð út í samfélagið til að ná í réttan markhóp.

**15. Hver er þín/ykkar skoðun á að Strandir séu markaðssett í tengslum við galdra?**

Bara allt í lagi. Mjög sterk og skýr skilaboð, auðveld í markaðssetningu, gefur tækifæri til minjagripaþróunar og fl. Höfðar til ungra sem aldra. Það mætti kannski gera meira úr þessu öllu fyrir börnin.

---

From: Elín Óladóttir [mailto:[elin@hogth.is](mailto:elin@hogth.is)]

Sent: 10. janúar 2007 11:33

To: [dora@atvest.is](mailto:dora@atvest.is)

Subject: viðbót

**Tölvupóstur frá Evu Sigurbjörnsdóttur, hóteltjóra Hótel Djúpavíkur.**

**26. nóvember 2006**

**1. Almennar upplýsingar um þig/ykkur nafn, starf, hversu lengi hefur þú/þið gengt þessu starfi:**

Eva Sigurbjörnsdóttir hóteltýra í 22 ár á þessu ári. Ásbjörn Þorgilsson staðahaldari og verktafi í 4 ár. Eva er hóteltýra og Ásbjörn er m.a. leiðsögumaður á staðnum.

**2. Lýsing á starfinu/fyrirtækinu sem þú/þið vinnið fyrir**

Eva sér um allan daglegan rekstur á hótelinu, mannaráðningar, skráir pantanir, tekur á móti gestum, sér um innkaup o.fl. Ásbjörn hefur yfirumsjón með viðhaldi og viðgerðum á hótelinu ásamt því að vinna stöku sinnum á eigin vegum með gröfu og vörubíl.

**3. Hvers konar fyrirtæki, hvert er rekstrarformið, hve lengi hefur það verið í rekstri? hvenær er það opið, hvað eru mörg störf í fyrirtækinu – heilsársstörf/hlutastörf.**

Gisti- og veitingastaður, kajakleiga og leiðsöguferðir um verksmiðjuna. Fyrirtækið er ehf. og hefur verið rekið síðan 1985. Við gefum kost á gistingum allt árið en aðalstarfssemin fer fram í júní, júlí og ágúst og teygir sig einnig í maí og september. Við rekum líka Sögusýningu Djúpavíkur og erum nú að vinna við næsta áfanga hennar. Yfir veturinn er tveir í hlutastarfi (ólaunað) en síðasta sumar voru fimm í starfsmenn í fullu starfi auk íhlaupafólks á toppum

**4. Fjárhagsstaða fyrirtækisins**

Hún er ekki góð.

**5. Hvaða fólk er það sem sækir ykkur heim – Íslendingar, útlendingar, einstaklingar, hópar á eigin vegum, á vegum ferðaskrifstofa og annað sem kemur til greina og hversu margir ferðmenn koma til ykkar á ári og hvernig skiptist það á milli mánuða. (áætlað ef ekki liggja fyrir tölur)**

Í gestabók skrifa árlega um 3-4 þúsund manns.

**6. Almenn um ferðaþjónustuna á Ströndum hvernig finnst þér staðan vera í dag, og hvernig hefur hún þróast og breyst síðan þú/þið komst til starfa og framtíðarsýn/horfur í ferðaþjónustunni á svæðinu og í hverju liggur framtíðin.**

Staða ferðaþjónustunnar hefur batnað mikið á þessum tíma hér á Ströndum., fleiri gistiheimili hafa verið opnuð, boðið er upp á bátsferðir á föstum vikudögum.



Afþreying hefur aukist á öðrum sviðum, sýningar opnað, kajak- og hestaleigur tekið til starfa. Í framtíðinni þarf að auka framboð á afþreyingu enn frekar og gistingu á Hólmvík og leggja aukna áherslu á menningartengda, vistvæna og jafnvel ”græna” ferðamennsku.

**7. Hver er sérstaða Stranda miðað við önnur svæði á Vestfjörðum og miðað við önnur svæði á Íslandi/heiminum?**

Sérstaða Stranda felst í náttúrufegurð og sögu svæðisins, hvort sem við erum að bera okkur saman við aðra innanlands eða utan.

**8. Hvað með samgöngur, telur þú/þið að ferðaþjónustan muni eflast með tilkomu vegalagningar um Arnkötludal eða hvað heldur þú að muni breytast þar.**

Stytttri veglengdir eru alltaf til bóta en að auki þarf Árneshreppur auðvita að fá þau sjálfsgöðu mannréttindi að hingað sé hægt að aka bílum allt árið um kring.

**9. Hvaða þátt ferðaþjónustu á Ströndum þarf að auka/breyta til að geta dregið til sína fleira ferðafólk yfir háannatíma og fengið fleiri ferðamenn utan háannatíma.**

Það þarf að fjölga afþreyingarmöguleikum, finna fleiri markhópa, auka samvinnu ferðaþjónustuaðila (búa til pakkaferðir inn á svæðið) Ekki er hægt að fá fleiri ferðamenn yfir vetrartíminn nema vegasamgöngur séu í lagi og hægt að treysta því að mokað sé fari allt í einu að snjóá

**10. Hvað telur þú að ferðaþjónusta geri fyrir atvinnulífið á Ströndum?**

Ferðaþjónusta eykur fjölbreytni í atvinnulífi og hefur keðjuverkandi áhrif inn í önnur fyrirtæki.

**11. Hvað með menntun fólks í ferðaþjónustu, er henni ábótavant og hvað má aðallega bæta?**

Veit satt að segja ekki hvernig skal svara þessari spurningu. Ég hef aldrei lært neitt í sambandi við ferðaþjónustu, nema af reynslunni. Með aukinni menntun er krafist hærri launa sem fyrirtækin hafa svo kannski ekki efni á að borga.

**12. Nú hefur mikið verið talað um að gæðum sé ábótavant í ferðaþjónustu á Íslandi og mikið af kvörtunum hafi borist til Ferðamálaráðs á þessu ári hvernig finnst þér/ykkur þetta snúa að Ströndum?**

Ég hef ekki heyrt þessar kvartanir, en ég held að ferðaþjónustaðilar á Ströndum séu yfirleitt að standa sig nokkuð vel með einstaka undantekningum. Hins vegar getur vel verið að okkur Íslendinga skorti nokkuð upp á þjónustlund, þar mættum við örugglega bæta okkur.

**13. Hvernig finnst þér/ykkur samvinna fólks vera innan svæðisins t.d. í sambandi við markaðssetningu svæðisins og eins samvinna fólks við önnur svæði eins og t.d. við Ísafjörð eða aðra hluta Vestfjarða. Telur þú/þið þessa samvinnu mikilvæga?**

**Hver er skoðun þín/ykkar á að svæðið þ.e. annars vegar Strandir og hins vegar Vestfirðir, markaðssetji sig sem ein heild?**

Mér finnst Stranda menn vera nokkuð vel stödd á þessu sviði, t.d. erum við alltaf saman með bása á ýmsum sýningum sem við tökum þátt í en það má örugglega gera betur. Samvinna við aðra hluta Vestfjarða hafa verið að batna, en eiga þó nokkuð í land ennþá. Ég tel að samvinna sé mjög mikilvæg. sem bornar eru saman bækur en ég er ekki að markaðssetja mig með neinum á svæðinu.

**14. En samvinna í sambandi við eitthvað annað tengt ferðaþjónustunni?**

Við, nokkrir aðilar á Ströndum höfum auglýst saman í Around Iceland og höfum jafnframt verið að ræða möguleikana á að gefa út sameiginlegan bækling. Ekki hefur þó orðið af þessu ennþá. Hótel Djúpavík er einnig í samvinnu við Sæferðir í Stykkishólmi.

**15. Ert þú/þið meðlimir í einhvers konar starfssemi sem tengist ferðamálum, innan svæðisins, á landsvísu eða alþjóðavísu.**

Hótel Djúpavík er í SAF, við erum ennfremur félagar í Ferðamálafél. Strandasýslu sem eins og er sefur Þyrnirósarsvefni.

**16. Hvernig er markaðssetningu háttað hjá þér/ykkur?**

Við gefum út bækling sem við dreifum eins víða og hægt er. Erum ennfremur með heimasíðu sem akkúrat núna er í endurnýjun. Við auglýsum ekki mjög mikið þar sem ekki eru til miklir peningar í slíkt, en við reynum þó oftast að vera með styrktarlínur í hinum og þessum ritum, sérstaklega ef málefnið er gott. Við tökum líka þátt í Perlan-Vestfirðir og öðrum slíkum kynningum sem við teljum að muni gagnast okkur.

**17. Hefur þú/ þið tölu á eða hugmynd um hvernig gestir fengu upplýsingar um ykkur?**

Erlendis hefur mikið verið skrifað um Hótel Djúpavík og ég veit til þess í mörgum tilfellum að slíkt hefur hvatt fólk til að heimsækja okkur. Innanlands held ég að gott umtal, ásamt stöku blaðagreinum virki hvetjandi á fólk.

**18. Ert þú/ þið með heimasíðu – vitið þið hversu margir heimsækja hana á dag/ár**

Við erum búin að vera með heimasíðu í 7-8 ár, en því miður höfum við ekki verið með teljara á henni, nema þegar tenglarnir á Strandir.is er notaðir. Þegar búið verður að uppfæra djupavik.com mun hins vegar verða slíkur teljari.

**19. Hver telur þú/þið að sé helsti samkeppnisaðili þinn. Hver telur þú að sé helsti samkeppnisaðili Stranda?**

Helsti samkeppnisaðilinn á Ströndum er sennilega Hótel Laugarhóll í Bjarnafirði.

Helsti samkeppnisaðili Stranda er sennilega hinn hluti Vestfjarða, því kjálkinn í heild hlýtur að eiga mestu sóknarmöguleikana á Íslandi á næstu árum.

**20. Hversu mikilvæg telur þú/þið að upplýsingamiðstöðin á Hólmavík sé fyrir ferðaþjónustu á Ströndum.**

Hún er mjög mikilvæg, og mjög mikilvægt að þar vinni fólk sem skilur mikilvægi þess að þjóna öllu svæðinu jafnt. (Við höfum verið mjög heppin með þetta síðustu ár).

**21. Telur þú/þið mikilvægt að auka gistirými á Ströndum og ef svo er er þá einn staður betri en annar og í hvaða klassa telur þú að gistingin eigi að vera?**

**22. Hversu mikilvægt telur þú/þið að reist verði hótel á Hólmavík og/eða byggt við Hótel Laugarhól eða Hótel á Drangnesi.**

Ég held að nauðsynlegt sé að fjölga gistirýmum á Hólmavík. Þar sem þar er 1.flokks veitingahús tel ég að viðkomandi gistihús ætti ekki að fara í samkeppni á veitingasviðinu, kannski vera þó með morgunmat. En svo mætti líka hugsa sér að byggja þar frekar nokkur sumarhús og anna þörfinni fyrir gistirými með þeim hætti. Af þessum þremur stöðum finnst mér eðlilegast að þetta gerist á Hólmavík eins og kom fram hér á undan. Annað held ég að sé mjög óraunhæft og skili seint hagnaði.

**23. Á hvaða markhóp telur þú/þið að vænlegast sé að horfa til fyrir ferðaþjónustuna á Ströndum**

Ekki gott að segja, þeir geta verið nokkuð margir sem betur fer; fjölskyldufólk, fuglaskoðarar, gönguhópar, fyrirtækjahópar, kajakróðrahópur, hestamenn o.s.frv.

**24. Hver telur þú/þið að séu efnahagsleg áhrif ferðaþjónustunar á Strandir?**

Efnahagsleg áhrif eru jákvæð, það koma meiri peningar inná svæðið og vonandi eykst það á komandi árum.

**25. Hver telur þú að séu samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar á samfélagið á Ströndum?**

Samfélagslegu áhrifin eru kannski frekast þau að líkurnar á því að þessi svæði fari í eyði minnka til muna með auknum umsvifum.

**26. Hversu mikilvæg telur þú að ferðaþjónustan sé fyrir Strandir?**

Það horfa allir til þess að í ferðaþjónustu séu helst að finna nýja vaxtarbrodda og allir benda á hann þegar spurt er um horfur í atvinnumálum á komandi árum.

**27. Hvernig hefur stuðningi a) sveitarfélagsins verið háttað b) stuðningi ríkisins - Myndir þú/þið vilja sjá meiri stuðning? Hvernig þá?**

Stuðningur sveitarfélagsins hefur verið góður hin síðari ár, t.d. hefur Arneshreppur veitt okkur fjárstyrki vegna uppbyggingar Sögusýningar Djúpavíkur.

b) Stuðningur ríkisins hefur enginn verið fyrr en árið 2006 að Alþingi veitti fjárhagsaðstoð til björgunaraðgerða/þakviðgerðar á síldarverksmiðjunni. Helst vildi ég sjá stuðning ríkisins með þeim hætti að sett yrði í forgang að gera vegina á Ströndum sambærilega vegum annars staðar á landinu.

**28. Hversu mikilvægar telur þú/ að bæjarhátíðir s.s. eins og Bryggjuhátíð á Drangnesi Hamingjuhátíð á Hólmavík og aðrar hátíðir og uppákomur sem eru í gangi víðs vegar um sýsluna sé fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu?**

Ég tel þær afar mikilvægar. Sjálf byrjuðum við með Djúpavíkurhátíð, seinna Djúpavíkurdaga árið 1992 (eða 3), í fyrstu eingöngu til að lengja ferðamannatímamann. En þetta hefur hvetjandi áhrif bæði innan svæðisins og dregur einnig að fólk lengra að komið (oft brottfluttir íbúar af svæðinu). Við höfum líka passað uppá að "kássast" ekki upp á uppákomur hjá hvert öðru (a.m.k. núna allra síðustu árin) og reynt að dreifa þessu vel yfir allt sumarið.

**29. Hver er þín/ykkar skoðun á að Strandir séu markaðssett í tengslum við galdra?**

Í fyrstu var ég ekki alveg viss um að mér líkaði þessi hugmynd. Síðan áttaði ég mig á því að yfirleitt voru íslenskir galdrar eingöngu gerðir til þess að reyna að bæta lífið og tilveruna ofurlítið. Svo finnst mér sko ekki saka að þessu er öllu pakkað inn í dásamlegt grín. Við bíðum spennt eftir 3. áfanga sem á að rísa í Arneshreppi.

Ella mín, ef þú vilt hringja í mig þá er síminn 001-301-864-6476.

Vonandi hjálpar þetta eitthvað. Bestu kveðjur frá okkur Ása hér í Washington.

Eva.

